


**skoðun** 18

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Bakarí




## Sló í gegn í París
*Hönnuðurinn Sruli Recht seldi Karl Lagerfeld jakka og fleira til á tískuvikunni í París.*

**allt** 1




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**10. febrúar 2011**
34. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Eilífur Erpur
*Þorgeir Gunnarsson hefur látið húðflúra andlit Erps Eyvindarsonar á sig.*

**fólk** 42

### Vill líkan af Raufarhöfn
*Arnór Einar Einarsson hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni.*

**tímamót** 24



### Á leið til Þýskalands?
*Þýska úrvalsdeildarliðið Wolfsburg vill fá Eyjólf Sverrisson sem aðstoðarþjálfara liðsins.*

**sport** 38

### veðrið í dag




**VAXANDI VINDUR** sunnan- og vestanlands með slyddu eða rigningu en fremur hægur vindur og bjart á Norðausturlandi. Hlýnandi veður.

**VEÐUR** 4

# Dóttir bæjarstjórans á bíl Kópavogsbæjar

**Dóttir bæjarstjóra Kópavogs er á bíl frá bænum. Bæjarstjórinn notar stundum aðra bíla bæjarins í staðinn. Forseti bæjarstjórnar segir það ekki vera eðlilegt.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Bíll sem Kópavogsbær leggur Guðrúnu Pálsdóttur bæjarstjóra til er notaður af nítján ára dóttur hennar. Sjálf notar Guðrún stundum aðra bíla bæjarins.

Guðrún kveðst hafa rætt við endurskoðendur og lögfræðinga um notkunina af bílnum, sem sé hluti af launakjörum hennar.

„Þeir segja að svo framarlega sem það sé ekki tekið fram í ráðningarsamningi að afnotin af bifreiðinni séu bundin við eitt ákveðið nafn geti nánasta fjölskylda keyrt hana,“ útskýrir Guðrún.

Hafsteinn Karlsson, forseti bæjarstjórnar, kveðst hafa heyrt að stundum noti Guðrún bíla úr þjónustuveri bæjarins.

„Mér skilst að hún hafi eitthvað gert það þegar hún hefur ekki verið á bílnum. Mér finnst eðlilegt að hún noti bílinn sem hún hefur til umráða. Við sköffum bíl og þá er auðvitað ætlast til að sá bíll sé notaður í þágu bæjarins,“ segir Hafsteinn, sem þó undirstrikar að engir skilmálar í ráðningarsamningi bæjarstjórans komi í veg fyrir að hún noti bílinn í einkaerindum.

Guðrún segir að sé hún ekki á umræddum bíl, Toyota Corolla árgerð 2006, sé hún iðulega á jeppa í sinni eigu í vinnunni. Í nokkur skipti hafi hún notað bíla úr þjónustuverinu. Þá hafi aðrir starfsmenn oftast farið með henni í bíl og hún þá ein kvittað fyrir notkuninni.

„Ég get fullyrt að ég hef ekki lagt í vana minn að misnota eigur Kópavogsbæjar. Ég mun gæta þess að ég mun aldrei aftur kvitta fyrir einum eða neinum bíl úr þjónustuverinu þegar ég fer á fundi með öðrum starfsmönnum,“ segir Guðrún.

Rekstur bíls bæjarstjórans er greiddur úr bæjarsjóði – þar með talið bensín sem hún hefur sérstakt bensínkort fyrir. Dóttir hennar sækir framhaldsskóla í Reykjavík og er stundum á Toyotunni. Hún getur einnig notað bensínkortið. „Ef dóttir mín hefur þurft að setja bensín á bílinn þá er það undantekningartilfelli,“ segir bæjarstjórinn. **- gar**



**Í FRÍMÍNÚTUM** Skólamálin í Reykjavík hafa verið í brennidepli síðustu daga en lífið gekk sinn vanagang hjá krökkunum í Réttarholtsskóla í gær. **Sjá síðu 8.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsdómur kemur saman:
## Fjórir dómarar lýstu vanhæfi

**DÓMSMÁL** Fjórir hæstaréttardómarar lýstu sig vanhæfa til að sitja í Landsdómi í máli Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Landsdómur kemur í fyrsta skipti saman í dag.

Upphaflega lýsti Árni Kolbeinsson sig vanhæfan vegna þess að hann var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu í ráðherratíð Geirs.



GEIR H. HAARDE

Þá var gengið á starfsaldursröðina í Hæstarétti til að finna mann til að leysa Árna af. Jón Steinar Gunnlaugsson kvaðst vanhæfur vegna vinskapar með Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra. Ólafur Börkur Þorvaldsson lýsti sig vanhæfan vegna þess að hann er náfrændi Davíðs. Páll Hreinsson var vanhæfur þar sem málið á hendur Geir byggir á niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis sem hann stýrði. Viðar Már Matthíasson, hæstaréttadómarinn með stystan starfsaldur, tók því sæti Árna. **- sh**

Aukin bílasala í landinu:
## Á leiðinni upp úr öldudal

**VIÐSKIPTI** Sala á bílum hefur aukist um helming milli ára, ef janúarmánuður í ár er borinn saman við janúar í fyrra. Á upplýsingatorgi Umferðarstofu sést að 197 nýjar fólksbifreiðar voru nýskráðar í janúar 2011 en aðeins 88 bílar í sama mánuði á síðasta ári.

„Þetta er hugsanlega merki um að við séum að komast upp úr öldudal,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambands Íslands, sem telur söluaukninguna meðal annars endurspegla vel gríðarlega þörf fyrir að endurnýja bílaflotann á landinu. **- rve / Allt í miðju blaðsins**


JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

**Lestu þessa!**
„Spennuþrungið verk ... heldur athygli lesandans allt til enda“
KB / Morgunblaðið





Svandís Svavarsdóttir vill tryggja rétt almennings til heilnæms umhverfis:
# Vill ákvæði í stjórnarskrána

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra styður þá hugmynd að ákvæði um rétt almennings til heilnæms umhverfis verði bætt við stjórnarskrána við fyrirhugaða endurskoðun hennar.

„Það er umhugsunarefni að atvinnuréttindum og eignarréttinum er haldið mjög vel til haga í stjórnarskránni en ekki rétti almennings til upplýsinga. Þetta er góð ábending hjá Félagi umhverfisfræðinga sem full ástæða er til að gefa gaum,“ segir Svandís. Félag umhverfisfræðinga á Íslandi sendi frá sér ályktun í gær vegna díoxínmengunarinnar frá sorpbrennslum. Þar er hvatt til þess að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði haft hugfast að festa rétt fólks til heilnæms umhverfis og rétt til upplýsinga í stjórnarskrá.

Fyrir þinginu liggur frumvarp til laga um umhverfisábyrgð þar sem sett er svokölluð mengunarbótaregla. Frumvarpið felur í sér að þeim sem valdi tjóni á umhverfinu beri að bæta það án tillits til þess hvort rekja megi tjónið til ásetnings eða gáleysis. „Staðan hérlendis gjörbreyttist ef þingið klárar það mál.“

**- shá / sjá síðu 6**


LYFJA – Lifið heil

**Snyrtidagar**
20% afsláttur af allri snyrtivöru og ilmi 9. og 10. febrúar í öllum verslunum Lyfju.
www.lyfja.is



TENGI
TILBOÐ VIKUNNAR
Flipper 1 baðhurð frá Ferbox
Verð: 29.900,- kr
6mm hert öryggisgler




Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



*Ólafur Helgi, hljóp maðurinn á sig?*

„Ja, hann allavega hljóp.“

Skokkari í Hveragerði réðst á dreng í fyrradag. Drengurinn hafði angrað hann og gert að honum gys. Ólafur Helgi Kjartansson er sýslumaður á Selfossi.

Starfsmaður dæmdur fyrir kynferðislega áreitni gagnvart samstarfskonu:

# Isavia greiði 1,8 milljónir vegna áreitni

**DÓMSMÁL** Ríkisfyrirtækið Isavia ohf. hefur verið dæmt til að greiða konu tæpar 1,8 milljónir króna í kjölfar þess að starfsmaður fyrirtækisins varð uppvís að kynferðislegri áreitni gagnvart henni.

Í mars 2009 fór konan, að beiðni mannsins, sem gegndi stöðu yfirmanns, í vinnuferð með honum og öðrum starfsmanni í sumarbústað í Grímsnesi. Tilgangurinn var meðal annars sagður sá að fara yfir breytingar á starfi konunnar sem áttu að hafa í för með sér aukna ábyrgð hennar.

Karlmennirnir tveir fóru í heitan pott en konan neitaði að fara ofan í, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir yfirmannsins, sem reyndist vera nakinn í pottinum.

Síðar um kvöldið ruddist hann inn í svefnherbergi hennar þrátt fyrir að hún hefði sett tösku sína fyrir dyrnar. Hún dreif sig fram í stofu og yfirmaðurinn á eftir. Það hann hana ítrekað að halda í hönd sína þar sem sér væri kalt.

Konunni leið mjög illa, bæði meðan á þessu stóð og á eftir. Málið barst að hennar undirlagi til starfsmannastjóra. Var ákveðið að hann yrði yfirmaður hennar þar sem hún gat ekki hugsað sér að vinna undir stjórn yfirmannsins. Sá síðarnefndi braut ítrekað gegn því skipulagi og hafði samband við konuna og afskipti af störfum hennar.

Dómurinn taldi sýnt að konan hefði orðið fyrir miska vegna kynferðislegrar áreitni og eineltis í kjölfar kvörtunar hennar. Athafnaleysi yfirmanns hennar vegna málsins hefði falið í sér meingerð gegn persónu hennar. Konan hrökklaðist í frí eftir að starf hennar hafði verið rýrt. Fyrrverandi yfirmaður hennar vinnur enn hjá Isavia. - jss

## Verulega óvænt niðurstaða

Í yfirlýsingu frá Isavia segir að dómurinn komi verulega á óvart. „Isavia meðhöndlaði málið samkvæmt þeim verklagsreglum sem í gildi voru hjá félaginu og taldi að málinu hefði verið sinnt á fullnægjandi hátt,“ segir enn fremur. „Farið verður yfir dóminn og afleiðingar hans metnar.“



**MÓTMÆLENDUR Í KAÍRÓ** Þúsundir hunsa viðvaranir varaforsetans. NORDICPHOTOS/AFP

Aukin harka í mótmælunum:

## Kveiktu í trjám og lokuðu vegi

**EGYPTALAND, AP** Nærri tíu þúsund manns tóku þátt í mótmælunum á Tahrir-torgi í Kaíró í gær, á sextánda degi mótmælanna gegn Hosni Mubarak forseta og stjórn hans, þrátt fyrir hótanir Ómars Suleimans varaforseta um að mótmælin verði ekki liðin miklu lengur.

Nokkur harka færðist í mótmælin sums staðar í Egyptalandi í gær. Þúsundir bænda kveiktu í trjám og notuðu þau sem vegatálma í héraðinu Assiut, og lokuðu þannig leiðinni til Kaíró.

Hundruð manna í fátækrahverfum í Port Said kveiktu í húsi héraðsstjórans þar. - gb

Stórhættuleg líkamsárás:

## Lúbarði mann með pönnu

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu á sextugsaldri fyrir að berja mann með pönnu og stórslasa hann. Málið er þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness.**

**Konan er ákærð fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Hún er sökuð um að hafa að kvöldi sunnudagsins 25. október 2009 slegið manninn ítrekað í höfuð og andlit með pönnunni. Hann stórslasaðist, hlaut innkýlt kinnbeinsbrot og skurð á vinstra kinnbein sem sauma þurfti saman með níu sporum.**

**Árásin átti sér stað á heimili konunnar í Reykjanesbæ.** - jss

# Gjöf Ásgeirs forseta á uppboði á Ebay

**Bréfapressa sem Ásgeir Ásgeirsson færði forseta Ísraels í sögulegri heimsókn þangað er komin á uppboð á Ebay. Lágmarksboð í bréfapressuna er 400 þúsund krónur. Ísraelska skartgripa- og antíkverslunin Pasarel er seljandinn.**

**VIÐSKIPTI** Bréfapressa sem Ásgeir Ásgeirsson forseti gaf Zalman Sashar, forseta Ísraels, að gjöf í heimsókn sinni til Ísraels 28. mars 1966 er nú til sölu á uppboðsvefnum Ebay. Þetta var söguleg heimsókn því Ásgeir var fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn til að ávarpa ísraelska þingið, Knesset.

Ísraelska skartgripa- og antíkverslunin Pasarel auglýsir bréfapressuna til sölu en hvergi er þess getið hvernig verslunin eignaðist gripinn. Lágmarksboð er 400 þúsund krónur. Í gær höfðu fjögur tilboð borist í bréfapressuna frá nafnlausum bjóðendum.

Á uppboðsvefnum er bréfapressan sögð í góðu ástandi þótt aðeins sjái á henni. Hún er ferköntuð. Á hliðunum eru skjaldarmerki þjóðanna tveggja og nöfn forsetanna rituð. Ofan á henni er Davíðsstjarnan.

Í Morgunblaðinu 29. mars 1966 er sagt frá heimsókn Ásgeirs til Ísraels bæði á forsíðu og inni í blaðinu. Um heimsóknina segir: „Forseti þess lands, sem elzta þjóðþing á í heimi hér, ávarpaði í dag eitt yngsta þing veraldar. Þessi atburður var skráður á spjöld sögunnar í Jerúsalem í dag er forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, steig í ræðustól þjóðþings Ísrael, Knesset, til þess að flytja kveðjur frá þjóð sinni og lýsa „frá hjarta íslenzku þjóðarinnar þeirri von að þjóð Ísrael megi njóta friðar og hagsældar um alla eilífð.“

Morgunblaðið fjallaði einnig lítillega um gjöfina, en um hana segir: „Forsetarnir skiptust á gjöfum. Forseti Íslands færði Ísraelsforseta bréfapressu að gjöf, íslenska silfursmíði, og er ofan á henni stjarna Davíðs úr gulli.“

Á uppboðsvefnum kemur ekki fram hvaða listamaður hefur gert bréfapressuna. Þess má samt geta að Ásgeir forseti gaf Sir Alec Douglas-Home, forsætisráðherra Bretlands, bréfapressu eftir Leif Kaldal gullsmið árið 1963.

Örnólfur Thorsson, ritari forseta, segir að vegna þess hversu fátítt sé að gjafir forsetans séu seldar hafi hvorki nú né áður komið til álita að embættið keypti aftur gjafirnar.

„Við þekkjum afar fá dæmi um að opinberar gjafir sem forsetar hafa færst öðrum þjóðhöfðingjum séu boðnar til kaups á opinberum markaði,“ segir Örnólfur. „Eftir að gjafir eru gefnar, hvort sem það eru þjóðhöfðingjar sem þær þiggja eða aðrir, er gjöfin, eðli máls samkvæmt, eign þess sem hana þiggur eða þess embættis sem hann gegnir í samræmi við þær reglur sem fylgt er hverju landi.“ trausti@frettabladid.is




**UPPBOÐSVEFURINN EBAY** Bréfapressan er auglýst til sölu og er lágmarksboð 400 þúsund krónur. Fjögur tilboð hafa borist frá ónafngreindum aðilum.

## Ekki fyrsta forsetagjöfin á Ebay

Bréfapressan sem forseti Íslands gaf forseta Ísraels í mars 1966 er ekki fyrsta forsetagjöfin sem fer á uppboð á Ebay. Í desember 2008 birtust fréttir um að glerskúlptúr eftir Sigrúnu í Bergvík væri á uppboði á Ebay. Ólafur Ragnar Grímsson forseti gaf Hillary Clinton listaverkið árið 1999, þegar hún var hér á alþjóðlegri ráðstefnu um konur og lýðræði. Hillary var forsetafrú Bandaríkjanna á þessum tíma. Lágmarksboð í glerskúlptúrinn var 35 þúsund krónur en gripurinn seldist á 115 þúsund.



**HILLARY CLINTON**

## Þórður Friðjónsson látinn

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, er látinn, 59 ára að aldri.



Þórður lést á sjúkrahúsi í borginni Friedrichshafen í Suður-Þýskalandi á þriðjudag eftir skammvinna baráttu við krabbamein. Þórður var á ferðalagi með fjölskyldu sinni þegar honum versnaði snögglega af veikindunum.

Þórður var í yfir þrjátíu ár í hópi helstu áhrifamanna um efnahagsmál þjóðarinnar, sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, ráðuneytisstjóri og forstjóri Kauphallarinnar, Nasdaq OMX á Íslandi.

Þórður lætur eftir sig eiginkonu og sex börn.

Sérstakur með nægt lesefni:

## Fékk send 150 kíló af gögnum frá Lúxemborg

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari fékk á mánudag send frá Lúxemborg öll þau gögn sem krafist var haldlagningar á hjá Banque Havilland, áður Kaupþingi í Lúxemborg.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði í samtali við Vísi í gær að nú yrði ráðist í að fara yfir gögnin og framhaldið réðist síðan af því hvað þau hefðu að geyma. Í þeim fælust mikilvægar upplýsingar um millifærslur. Um gríðarlegt magn gagna er að ræða. Skjöl í pappírsformi eru um 150 kíló og við það bætast rafræn gögn. Til samanburðar er öll skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis innan við tíu kíló. - sh






Þörf á vitundarvakningu um öryggismál hjá fyrirtækjum og stofnunum:

# Tæki mínútur að hakka vef Alþingis

**TÆKNI** Góður hakkari væri aðeins nokkrar mínútur að brjóta sér leið inn í tölvukerfi Alþingis og gæti sótt ýmiss konar upplýsingar og valdið óskunda, segir Wayne Burke, ráðgjafi og sérfræðingur í tölvuöryggismálum.

Hann mun sýna hvernig hægt er að brjótast inn í tölvukerfi sem eiga að vera örugg á ráðstefnu um tölvuhakkara sem Capacent og Tölvuskólinn standa fyrir í dag, auk þess sem hann mun kenna íslensku tölvufólki hvernig á að verjast netárásum á námskeiði í næstu viku.

„Hakkarar ráðast alltaf á veikasta hlekkinn, og það er í flestum tilvikum sá sem situr við tölvuna,“ segir Burke. Þess vegna þurfi vitundarvakningu um öryggismál hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Burke segir hakkara ótrúlega úrræðagóða. Þeir geti opnað bakdyr inn á net fyrirtækja eða stofnana með því að senda tölvupóst með viðhengi eða hlekk á vefslóð. Lykillinn að góðum árangri sé að skrifa tölvupóst sem fái einhvern notanda til að falla í gildruna.

Mikilvægt er að kynna starfsmönnum reglur um netöryggi og sjá til þess að nýir starfsmenn átti sig á því hvað má gera og hvað má alls ekki gera, segir Burke.




**ÖRYGGI** „Dýnamít fæst í litlum pökkum,“ segir Wayne Burke hógvær þegar hann kveikir á litlu og nettu fartölvunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markmiðið með netöryggi er yfirleitt ekki að tryggja að engar líkur séu á því að nokkur tölvuhakkari geti brotist inn í tölvukerfi, segir Burke. Eina leiðin til að tryggja það sé að slökkva á rafmagninu eða taka netið úr sambandi, en hvorugt sé aðlaðandi lausn fyrir fyrirtæki.

„Markmiðið er að gera þitt fyrirtæki eins öruggt og hægt er, til að tryggja að það verði ekki öruggt skotmark,“ segir Burke. - bj

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53419 02/11






**ECONOMY COMFORT**
- MEIRI ÞÆGINDI FYRIR ALLA
- SNIÐIÐ FYRIR FÓLK Í VIÐSKIPTAFERÐUM
- RAFMAGNSINNSTUNGA FYRIR TÖLVU

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. ** Punktasöfnun fyrir báðar leiðir. | Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að viðskiptavinir Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

## GENGIÐ 09.02.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,9 | 116,46 |
| Sterlingspund | 186,47 | 187,37 |
| Evra | 158,14 | 159,02 |
| Dönsk króna | 21,207 | 21,331 |
| Norsk króna | 20,067 | 20,185 |
| Sænsk króna | 17,992 | 18,098 |
| Japanskt jen | 1,4033 | 1,4115 |
| SDR | 181 | 182,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,2628

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hvatt til hófsemdar í kjarasamningum á opnum fundi Samtaka atvinnulífsins:

# Bræðslumenn fái ekki sérhækkanir

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) neita að ganga að kröfum bræðslumanna sem hafa boðað til verkfalla á næstu vikum til að knýja fram kjarabætur.

Á opnum fundi SA í gær sagði Vilmundur Jósefsson, formaður samtakanna, að ef orðið yrði við kröfum bræðslumanna um „tuga prósenta launahækkanir“ myndu þær flæða yfir allan vinnumarkaðinn. „Við munum ekki ganga að kröfum starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjunum,“ sagði hann. „Þeir munu ekki fá aðrar launahækkanir en aðrir hópar semja um.“

Í máli Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA, ítrekaði hann fyrri kröfur samtakanna um að samið yrði til þriggja ára, um 7-8 prósenta hækkun launa á tímabilinu, sem yrði umfram verðbólgu og hefði í för með sér kaupmáttaraukningu fyrir almenning. Á fundinum tóku einnig til máls fulltrúar fyrirtækja úr ferðamannaþjónustu, iðnaði, þjónustu og sjávarútvegi og voru allir sammála um að stöðugleiki og hóflegar launahækkanir væru skynsamlegasta leiðin sem hægt væri að fara. - þj



**SAMHUGA** Ræðumenn á fundi SA voru sammála um að miða ætti að hóflegum kjarasamningum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ASÍ styður bræðslumenn:

# Beitir sér gegn löndun erlendis

**KJARAMÁL** Verkfallsboðun starfsmanna í fiskimjölsbræðslum nýtur stuðnings miðstjórnar Alþýðusambands Íslands.

Í ályktun er lýst fullum skilningi „á fyrirhuguðum aðgerðum til þess að þvinga atvinnurekendur til að koma að raunverulegum viðræðum um lausn kjaramála“. ASÍ muni beita tengslum við verkalýðshreyfingu í Færeyjum, Noregi og Skotlandi til að koma í veg fyrir löndun þar. Aðrir launamenn eru hvattir til að ganga ekki í störf bræðslumanna. - pg

Vegið að borgarfulltrúa VG:

# Lét ekki reyna á dómsmál

**REYKJAVÍK** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, lét ekki reyna á rétt sinn fyrir dómstólum þótt hún hafi talið að harkalega hafi verið vegið að henni á netinu í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga síðasta vor.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

Eftir kosningarnar sagðist Sóley vera að skoða réttarstöðu sína. Hún sagðist í gær ekki hafa farið lengra með málið. Hún hefði einfaldlega haft nóg annað fyrir stafni í starfi sínu sem borgarfulltrúi.

Um 8,4 prósent kjósenda VG strikuðu Sóley út af lista flokksins í kosningunum, og taldi hún það vera vegna femínískra skoðana sinna. - bj

Handtekinn í Danmörku:

# Skaut þrjú börn sín til bana

**DANMÖRK Danska lögreglan handtók í gær 44 ára gamlan mann sem hefur játað að hafa myrt þrjú börn sín með byssu á heimili sínu í Birkerød, rétt norður af Kaupmannahöfn. Hann reyndi síðan að stytta sér aldur, en tókst það ekki.**

**Maðurinn hafði tekið margar svefntöflur þegar lögreglan kom á heimili hans snemma í gærmorgun, en var með meðvitund.**

**Fyrrverandi eiginkona hans hafði haft samband við lögregluna eftir að hún fékk símaskilaboð frá honum, þar sem hann sagðist ætla með börnin í ferðalag. - gb**

# Fjórir dómarar við Hæstarétt vanhæfir

**Fjórir af níu dómurum Hæstaréttar hafa lýst sig vanhæfa til setu í landsdómi í máli Geirs H. Haarde. Leita þurfti til dómarans með stystan starfsaldur til að taka sæti Árna Kolbeinssonar. Landsdómur kemur saman í fyrsta sinn í dag.**

**LANDSDÓMUR** Hæstaréttardómarinn Árni Kolbeinsson hefur lýst sig vanhæfan til setu í landsdómi í máli Geirs H. Haarde. Viðar Már Matthíasson, dómarinn með stystan starfsaldur, tekur sæti hans.

Árni var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu í tæp tvö ár í tíð Geirs sem fjármálaráðherra. Að sögn Þorsteins Jónssonar, skrifstofustjóra Hæstaréttar, telur Árni þá staðreynd, og það að þeir Geir hafi almennt átt töluvert saman að sælda, til þess fallna að hægt yrði að draga hæfi hans í efa. Því hafi hann lýst sig vanhæfan.

Lög um landsdóm kveða á um að í dómnum skuli sitja þeir fimm hæstaréttardómarar sem lengstan starfsaldur hafa. Þegar Árni lýsti sig vanhæfan þurfti því að ganga á röð þeirra sem eftir voru til að finna þann næsta í starfsaldursröðinni.

Fyrstur þeirra var Jón Steinar Gunnlaugsson. „Ég tel miklar líkur á að góður vinur minn, sem heitir Davíð Oddsson, verði kallaður sem vitni í þessu máli. Það er eitt af hlutverkum dómara í dómsmálum að meta vitnaframburði og þá tel ég að það gæti verið ástæða til að efast um hlutlægni mína við að meta þann vitnisburð,“ segir Jón Steinar. Því hafi hann lýst sig vanhæfan, þótt enginn vitnalisti liggi enn fyrir.

Næstur var Ólafur Börkur Þorvaldsson. Hann upplýsti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði einnig lýst sig vanhæfan vegna tengsla við Davíð. Þeir eru náfrændur.



ÁRNI KOLBEINSSON | JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON | ÓLAFUR BÖRKUR ÞORVALDSSON | PÁLL HREINSSON

## Þrír aðrir landsdómarar víkja

**Til viðbótar Árna hafa þrír dómarar í landsdómi lýst sig vanhæfa til setu þar:**

- Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, vék vegna þess að eiginmaður hennar, Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, átti þar einnig sæti. Hjón mega ekki sitja í dómnum. Bendikt Bogason dósent var tilnefndur til vara í dóminn af Háskóla Íslands.
- Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður lýsti sig vanhæfa vegna tengsla sinna við Geir H. Haarde. Hún var áður varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins. Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari tekur sæti hennar.
- Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrverandi þingmaður Kvennalistans, lýsti sig vanhæfa fyrir aldurs sakir. Enginn yfir sjötugu má sitja í landsdómi, en Jóna varð sjötug í september 2005, nokkrum mánuðum eftir að hún var skipuð í dóminn. Í hennar stað kemur Magnús Reynir Guðmundsson, sem meðal annars hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins.

Sá þriðji var Páll Hreinsson. Hann gat ekki tekið sæti í dómnum, enda byggir málið á hendur Geir á niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis sem hann átti sæti í.

Þá var Viðar einn eftir. Hann tekur því sæti Árna í landsdómi. Ögmundur Jónasson skipaði hann hæstaréttardómara 9. september síðastliðinn.

Landsdómur fundar í fyrsta sinn í dag. Fyrir honum liggur að ákveða hvort Geir megi koma að kröfum í málinu fyrir héraðsdómi, þar sem saksóknari Alþingis stendur nú í máli gegn Þjóðskjalasafni um afhendingu gagna. Geir vill fá að krefjast frávísunar málsins strax, en héraðsdómur hefur hafnað því. Það kærði Geir til landsdóms.

stigur@frettabladid.is



**SILVIO BERLUSCONI** Bíður ákvörðunar dómara. NORDICPHOTOS/AFP

Berlusconi ósáttur:

# Segir ásakanir viðbjóðslegar

**ÍTALÍA, AP „Þetta er skammarlegt og viðbjóðslegt,“ sagði Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, um málatilbúnað saksóknara gegn sér.**

**Saksóknarinn vill hraða réttarhöldum yfir Berlusconi, sem sakaður er um að hafa borgað sautján ára stúlku fyrir vændi og síðan misnotað vald sitt til að fá hana lausa úr haldi lögreglu, að því er virðist til að minnka líkurnar á því að vændiskaupin spyrðust út. Dómari hefur tvær vikur til að ákveða hvort ákæra verði lögð fram eða málinu vísað frá. - gb**

Sakaður um líkamsárásir:

# Barði mann í hné með hamri

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir tvær líkamsárásir og þjófnað.

Manninum er gefið að sök að hafa kýlt mann fimm sinnum í andlitið á skemmtistaðnum Manhattan í Reykjanesbæ. Tvær tennur brotnuðu í þeim sem ráðist var á. Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa lamið annan mann með hamri í hnéð og kastað hálffullri bjórdós í höfuð hans. Fórnarlambið hlaut heilahristing og eymsli í hné. Loks er maðurinn ákærður fyrir stuld á skjávarpa að verðmæti 155 þúsund krónur úr skólastofu. - jss


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**STORMUR**

Það er skammt á milli lægðanna þessa dagana. Í kvöld og nótt má búast við hvassviðri eða stormi sunnan- og vestanlands með talsverði rigningu. Á laugardag gengur svo aftur hvassviðri með slyddu eða rigningu yfir landið. Endurtekið efni.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 10° |
| Mallorca | 16° |
| New York | -4° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | -1° |
| París | 12° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# ÚTSALA




# SÍÐASTI SÉNS!

# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

## af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Mundir þú kaupa megnið af fötum þínum í H&M ef slík verslun yrði opnuð hérlendis?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,6 |
| Nei | 48,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú keypt málverk eftir að bankakerfið hrundi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Rasmussen opnar á þann möguleika að Danir greiði atkvæði um gjaldmiðilinn:

# Gætu þurft að taka upp evru

**DANMÖRK** „Svo gæti farið að á næstunni þurfi Danmörk að endurskoða afstöðu sína til evrunnar,“ sagði Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, í umræðum á danska þjóðþinginu í gær.

Danir eru í Evrópusambandinu en hafa haldið í dönsku krónuna, þótt gengi hennar sé beintengt gengi evrunnar.

Þjóðverjar og Frakkar hafa lagt til að efnahagslegt samstarf evruríkjanna verði mun nánara en verið hefur. Önnur ríki Evrópusambandsins hafa tekið misjafnlega vel í þær hugmyndir.

Ummæli Rasmussens í gær tengjast þessu. Hann sagðist á miðvikudag vilja að Danir tækju þátt í þessu nána samstarfi evruríkjanna, en reyndu jafnframt að hafa áhrif á hvernig því verði háttað.

Áður en af þátttöku Dana í nánara samstarfi evruríkjanna verður þurfi þó að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku um það, hvort landið eigi áfram að halda í krónuna eða hvort réttara sé að taka upp evru. - gb



**LARS LØKKE RASMUSSEN** Vill að Danir setji sitt mark á aukið samstarf evruríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Dregur úr umferðarþunga:

# Spá 2,7% samdrætti á árinu

**SAMGÖNGUR** Í spá Vegagerðarinnar um umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir 2,7 prósenta samdrætti í umferðarþunga. Samdrátturinn var 3,9 prósent í nýliðnum janúarmánuði.

Gangi spáin eftir verður umferðarþunginn í höfuðborginni á árinu 2011 líkur því sem hann var árið 2006. Umferð á þremur stofnbrautum á höfuðborgarsvæðinu dróst saman um 1,1 prósent á síðasta ári samkvæmt mælingum. - bj



**FAÐIRINN OG TVÍBURARNIR** Facebook-síða tileinkuð leitinni að stúlkunum. NORDICPHOTOS/AFP

Týndar tvíburasystur:

# Sáust síðast á ferju til Korsíku

**ÍTALÍA, AP** Leitin að sex ára tvíburasystrum frá Sviss barst í gær til Korsíku og sunnanverðrar Ítalíu, eftir að staðfesting fékkst á því að þær hefðu verið um borð í ferju til Korsíku fjórum dögum áður en faðir þeirra svipti sig lífi á Ítalíu.

Faðirinn, Matthias Kaspar Schepp, fannst látinn 3. febrúar í Cerignola á Ítalíu, en hafði áður sést bæði á Korsíku og í Napolí. Lögreglan segir hann hafa fleygt sér fyrir járnbrautarlest. Leitað hefur verið að stúlkunum síðan þær hurfu frá heimili sínu í Sviss 30. janúar. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stal svínahrygg í Bónus

Tæplega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir að stela sex tölvuleikjum að verðmæti um 86 þúsund krónum í Byko. Þá stal hann svínahrygg í Bónus og matvælum fyrir tíu þúsund í Nóatúni.

### Tveir teknir eftir innbrot

Tveir karlmenn voru handteknir eftir innbrot á veitingastað í Reykjavík í fyrrinótt og fannst þýfið í bíl þeirra.

# Ráðherra vildi loka án tafar

**Svandís Svavarsdóttir vildi loka sorpbrennslum eftir að niðurstaða mælinga á díoxíni lá fyrir. Lög leyfa það ekki, segir Umhverfisstofnun. Sorpbrennslu á Kirkjubæjarklaustri hefur verið hætt á skólatíma.**

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra beindi þeirri ósk til þriggja sveitarstjórna í gær að hætta eða draga úr sorpbrennslu þar til niðurstöður frekari mengunarmælinga liggja fyrir. Á Kirkjubæjarklaustri hefur verið hætt að brenna sorp á skólatíma, eins og krafa hefur verið um frá íbúum.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Tilmælin voru send sveitarstjórnunum eftir að ráðherra hafði fengið staðfest frá Umhverfisstofnun að ekki væri lagaheimild til að stöðva starfsemina fyrirvaralaust, eða þangað til að sóttvarnalæknir hefur lokið við heilsufarsrannsókn á íbúum sveitarfélaganna. Er það álit Umhverfisstofnunar að ekki sé um bráðahættu að ræða og því ekki hægt að láta til skyndilokunar koma.

„En það er rétt. Mín óskastaða hefði verið að sorpbrennslunum hefði verið lokað strax,“ segir Svandís, sem ætlar að hefja könnun á því hvernig setja megi lagaákvæði sem heimili stjórnvöldum að grípa til skyndiráðstafana ef óvissa er um mengun og áhrif hennar á lífríki.

Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og sóttvarnalæknir munu á næstunni efna til borgarafunda með íbúum sveitarfélaga í nágrenni við sorpbrennslustöðvar og verður fyrsti fundurinn haldinn í dag á Kirkjubæjarklaustri. Síðar verður fundað á Ísafirði og í Vestmannaeyjum.

Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra í Skaftárhreppi, hafði ekki borist bréf ráðherra þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. Hins vegar hefur sveitarfélagið ákveðið að hætta að brenna sorp á skólatíma, en skýr krafa þar um hefur komið frá hópi íbúa. Sorpbrennslan á staðnum og grunnskólinn standa vegg í vegg, eins og fram hefur komið.

Matvælastofnun hefur fellt svæði í nágrenni sorpbrennslu inn í aðskotaefnaáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2011 sem nær til búfjárafurða. svavar@frettabladid.is

**SORPBRENNSLAN FUNI** Losun á díoxíni í útblæstri mældist hærri á Kirkjubæjarklaustri en á Ísafirði. Vegna þess hversu miklu meira var brennt af sorpi í Skutulsfirði er heildarlosunin mun meiri en á Klaustri. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON



## Mælingar Umhverfisstofnunar vegna díoxínmengunar

Umhverfisstofnun hefur lagt mat á hverjar séu helstu hugsanlegu uppsprettur díoxíns á Íslandi en ekki eru til sértækar mælingar á díoxíni í umhverfinu. Matið er byggt annars vegar á mælingum á útblæstri frá sorpbrennslum og hins vegar alþjóðlegum losunarstöðlum fyrir mengandi starfsemi og opnar brennslur. Mælingarnar eru gerðar til þess að fá upplýsingar um mögulega uppsöfnun á díoxíni svo hægt sé að leggja mat á hugsanleg áhrif á lífríki og umhverfið. Stofnunin telur nauðsynlegt að staða mála hvað þetta varðar sé skýr og leggur því í viðamiklar mælingar á næstu vikum.

**Mælt verður á eftirfarandi stöðum á landinu:**

- Í Skutulsfirði vegna sorpbrennslunnar Funa:
- Jarðvegssýni á lóð og í næsta nágrenni brennslunnar
- Jarðvegssýni á jörðinni Engidal inni í botni Skutulsfjarðar
- Jarðvegssýni í Holtahverfi – þéttbýliskjarni á Ísafirði næstur Funa
- Sýni úr sjávarseti innst í Skutulsfirði
- Jarðvegssýni frá Skarfaskeri/Hnífsdal – áhrifasvæði eldri sorpbrennslu

**Aðrar sorpbrennslur:**

- Jarðvegssýni úr næsta nágrenni brennslunnar á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum, á Svínafelli, á Húsavík og úr næsta nágrenni Kölku á Reykjanesi

**Önnur mengandi starfsemi þar sem díoxín getur myndast:**

- Jarðvegssýni úr Hvalfirði í nágrenni Norðuráls og Elkem
- Jarðvegssýni úr nágrenni Alcoa í Reyðarfirði
- Jarðvegssýni úr nágrenni álvers Rio Tinto í Straumsvík
- Jarðvegssýni úr nágrenni Sementsverksmiðjunnar á Grundartanga
- Jarðvegssýni úr nágrenni Als - álvinnslu
- Jarðvegssýni þar sem áramótabrennur eru haldnar árlega

Einnig verða tekin samanburðarsýni fjarri mengandi starfsemi.




Gert að halda áfram þátttöku í sjúkrakostnaði tannlæknis á Suðurnesjum:

# Ákvörðun Sjúkratrygginga ógilt

**STJÓRNSÝSLA** Velferðarráðuneytið hefur ógilt þá ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands að stöðva þátttöku sína í sjúkrakostnaði sjúklinga tannlæknis á Suðurnesjum 15. október í haust. Úrskurður ráðuneytisins er að stöðvun SÍ hafi verið ólögleg og var ákvörðun SÍ því felld úr gildi.

Mál tannlæknisins er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness þar sem hann hefur verið ákærður fyrir að svíkja rúmar 129 þúsund krónur út úr Tryggingastofnun. Af upplýsingum sem veittar voru þegar málið var til umfjöllunar í fjölmiðlum á sínum tíma mátti ráða að tannlæknirinn hefði svikið út allt að 200 milljónum króna.

Sjúkratryggingar Íslands gera einkaréttarkröfu í málinu um að honum verði gert að endurgreiða mest ríflega 23 milljónir króna en minnst 129.412 krónur.

Velferðarráðuneytið segir í úrskurði sínum að forsenda SÍ um að rekstur tannlæknisins uppfylli ekki lögbundnar kröfur sé röng. Landlæknir hafi eftirlit með því að starfsemi tannlækna uppfylli kröfur og frá landlækni liggi ekki neitt fyrir um að rekstri tannlæknisins sé ábótavant. Þá hafi reglugerðin sem ákvörðun SÍ hafi byggst á tekið gildi 15. september 2010. Henni verði ekki beitt um atvik sem orðin voru áður en reglugerðin tók gildi. Enn fremur uppfylli yfirferð SÍ á reikningum tannlæknisins engar stjórnsýslureglur og ákvörðun um stöðvun greiðsluþátttöku verði ekki byggð á henni. Loks geti SÍ notað ekki matsgerðir í máli sem ekki hafi verið dæmt í sem forsendu fyrir ákvörðun sinni. - jss



**SJÚKRAKOSTNAÐUR** SÍ mátti ekki stöðva þátttöku í sjúkrakostnaði sjúklinga tannlæknisins.


MS GEFUR HLAUPURUM ENDURSKINSVESTI
Í SKÍNANDI FORMI
MJÓLKURSAMSALAN GEFUR ÖLLUM HLAUPURUM ENDURSKINSVESTI MERKT HLEÐSLU MEÐAN BIRGÐIR ENDAST SVO ÞEIR SJÁIST BETUR EFTIR AÐ SKYGGJA TEKUR. KOMDU VIÐ HJÁ MS Í REYKJAVÍK, Á SELFOSSI EÐA AKUREYRI Í DAG, FIMMTUDAGINN 10. FEBRÚAR, MILLI KLUKKAN 14 OG 16 OG HLAUPTU ÖRUGGARI ÚT Í VETURINN.
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN
ÍSLENSKA SIA.IS MSA 53285 02/11

**FRÉTTASKÝRING:** Deilt um hagræðingaraðgerðir í skólum Reykjavíkurborgar

# Óttast um fagleg sjónarmið í skólum

**Fyrirhuguð hagræðing í skólastarfi Reykjavíkurborgar hefur valdið nokkrum úlfaþyt þar sem óljósar hugmyndir um sameiningu eða samrekstur stofnana hafa mætt töluverði andstöðu meðal starfsfólks, stjórnenda og foreldra.**



**Í SKÓLANUM, Í SKÓLANUM** Afar skiptar skoðanir eru um hagræðingu í skólakerfi Reykjavíkurborgar. Hagsmunaaðilar eins og skólastjórnendur og foreldrar hafa gagnrýnt verkferlið og viðrað áhyggjur um að fagleg sjónarmið séu látin víkja fyrir sparnaðarkröfu. Meirihlutinn hefur hins vegar sagt að engar ákvaðanir hafi verið teknar, vinnan sé enn á hugmyndastigi og hagsmunir barnanna gangi fyrir öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarráð skipaði starfshóp í lok síðasta árs sem átti að „skoða og greina þau tækifæri sem kunna að vera til staðar til endurskipulagningar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í borginni“ og eru margir uggandi um niðurstöður. Gagnrýnisraddirnar hafa aðallega beinst að upplýsingagjöf í hugmyndavinnuferlinu og áhyggjum af því hvort fagleg sjónarmið séu látin víkja fyrir kröfum um sparnað.

Forsvarsmenn meirihlutans í borgarstjórn hafa lagt áherslu á að enn hafi ekkert verið ákveðið. Enn sé verið að safna hugmyndum og greina áður en lengra verður haldið.

Málið var til umræðu í menntaráði í gær þar sem framkomnar hugmyndir voru meðal annars lagðar fyrir ráðið, en þær hafa ekki verið gefnar út opinberlega.

**Hvers er að kvíða?**

Áhyggjuefnin í þessu máli eru margvísleg. Þau eru allt frá áhyggjum af því hvort verið sé að sverfa of nærri þjónustu við börn og faglegur ávinningur verði takmarkaður, upp í tilfinningaleg rök þar sem fólk hefur áhyggjur af afdrifum „sinna skóla“ og sérstöðu þeirra.

Fjölmörg einstök foreldrafélög leikskóla og grunnskóla borgarinnar hafa ályktað gegn niðurskurði í skólamálum og stjórnendur í skólunum telja að breytingarnar geti jafnvel orðið skaðlegar fyrir starf skólanna.

**Upplýsingaflæði gagnrýnt**

Fulltrúi Vinstri grænna í menntaráði, Líf Magneudóttir, gagnrýndi verkferli málsins í viðtali við Fréttablaðið í gær. Hún sagði menntaráð ekki hafa fengið að fylgjast nægilega vel með sameiningarhugmyndunum.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs og starfshópsins umrædda, sagði hins vegar að umfjöllun menntaráðs um málið í gær hafi verið „á eðlilegum tíma“ þar sem hópurinn hafi verið skipaður af borgarráði.

Líf segist hafa verið litlu nær eftir fundinn í menntaráði í gær.

„Það má segja að þar hafi vaknað fleiri spurningar en svör.“

Hún lagði fram bókun þar sem vinnubrögð meirihlutans eru sögð hroðvirknisleg og einkennast af „virðingarleysi við fagstéttir, foreldra og börnin í borginni“.

Þar segir einnig að enn liggi ekki fyrir svör um fjárhagslegan eða faglegan ávinning af aðgerðunum. Er svo skorað á meirihlutann að endurskoða forgangsröðun sína.

„Það er augljóst að meirihlutinn er bara að hugsa um krónur og aura í stað þess að forgangsraða í þágu barnanna,“ segir Líf.

**Foreldrar ósáttir**

Edda Björk Þórðardóttir er formaður Barnanna okkar, samtaka foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík, og hún segir samtök sín hafa miklar áhyggjur af framvindunni, ekki síst þar sem upplýsingagjöf um hugmyndir til sameininga hafi verið af skornum skammti. Samtökin taki undir áhyggjur fagaðila vegna fyrirhugaðra breytinga.

„Það sem við heyrum frá fagaðilum er að þessar sameiningar muni ekki skila faglegum ávinningi. Við í stjórninni deilum þeim áhyggjum og höfum líka áhyggjur af framtíð leikskólanna.“

Fulltrúar SAMFOKs, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, lögðu fram bókun á fundi menntaráðs í gær þar sem þau leggja áherslu á að áður en ákvarðanir verða teknar um sameiningar eða samrekstur, verði fagleg og fjárhagsleg áhrif metin.

„Ekki er ásættanlegt að faglegu starfi, líðan starfsmanna og barna sé stefnt í voða að ástæðulausu. Hagræðingin þarf að vera augljós og án fórnarkostnaðar við faglegt starf,“ segir í bókuninni.

**Stjórnendur uggandi**

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, gagnrýnir, í samtali við Fréttablaðið, að ferlið hafi verið í óvissu of lengi. Sameiningar séu, þess utan, ekki eina leiðin sem fær er til að auka samvinnu.

„Það er fullt til af skemmtilegum möguleikum á samvinnu í skólastiginu. Það er hægt að efla samvinnu milli skólastiga á allan mögulegan hátt án þess að fækka stjórnendum. Stjórnendur standa skólastafi ekki fyrir þrifum, heldur eru þeir máttarstólpar.“

Ingibjörg segir stjórnendur óttast að fækkun í þeirra hópi muni veikja innra starf skólanna. Þá geti það orðið til þess að letja menntaða leikskólakennara til að sækja í vinnu á leikskólum.

„Fækkun stjórnendastaða verður til þess að möguleikar á framgangi í starfi minnka og það gerir starf hjá Reykjavíkurborg ekki fýsilegra. Svo er lægð í náminu á menntavísindasviði og okkur finnst þetta ekki vera til að hvetja ungt fólk til náms.“

Fulltrúi félags skólastjórnenda í Reykjavík á fundi menntaráðs lagði fram bókun þar sem lýst var yfir óánægju skólastjórnenda í borginni um framgang málsins, upplýsingagjöf og samráð við foreldra og starfsfólk.

Þar segir meðal annars: „Verulega hefur skort á að forsendur, bæði faglegar og fjárhagslegar liggi fyrir þannig að unnt sé fyrir viðkomandi aðila að taka afstöðu til hugmyndanna á faglegum forsendum.“

Að mati skólastjórnenda hefur framsetning málsins skapað óvissu og ólgu í kringum skólastarfið.

Að lokum lagði fulltrúi félagsins fram tillögu um að framkomnar hugmyndir um sameiningar og samrekstur í skólum borgarinnar komi ekki til framkvæmda í ár.

Oddný Sturludóttir segir hins vegar ekkert launungamál að takmarkið með þessari vinnu hafi verið að ná fram hagræðingu, en líka að standa vörð um skóla og frístundastarf til framtíðar.

„Það eru tækifæri í meira samstarfi skóla og sameiningum sem og samþættingu skóla og frístundastarfs.“

Oddný bætir því við að gagnrýni á hugmyndirnar hafi ekki komið henni mjög á óvart.

„Okkur þykir vænt um skólana okkar og frístundastarfið og þegar við erum að ræða svona breytingar á opinn hátt við marga borgarbúa er ekkert eðlilegra en að nokkur óvissa skapist.“

Í framhaldi af fundinum í gær verður staða mála kynnt fyrir borgarráði í dag, en eftir það tekur við nánari greiningarvinna.

„Þar munum við greina betur þær hugmyndir sem við teljum þess eðlis að við náum fjárhagslegum ávinningi til þess að geta varið skóla- og frístundastarfið með kjafti og klóm.“

Áætlað er að starfshópurinn ljúki störfum fyrir lok febrúar.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

## Skólarnir í tölum:

- Í Reykjavík eru 46 grunnskólar og frístundaheimili við hvern þeirra.
- 95 leikskólar eru í borginni, en í einu tilfelli eru leikskóli og grunnskóli samreknir.
- Í grunn- og leikskólum borgarinnar eru nær 21.000 börn og um 3.000 eru á frístundaheimilum.

## Hvað segja krakkarnir?

Ólafur Kári Ragnarsson og Hanna María Geirdal eru í nemendaráði Réttarholtsskóla og segjast hafa áhyggjur af breytingum varðandi sinn skóla. Þau hafa til dæmis heyrt því fleygt að Réttarholtssskóli, sem er unglingaskóli, verði sameinaður Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla þar sem eru yngri bekkir.

„Við erum búin að spá svolítið í þessi mál og erum ekki sátt. Við erum í unglingaskóla og það hefur alltaf verið stórt skref fyrir krakkana í hinum skólunum að koma hingað og það gæti eyðilagst með því að sameinast. Við höfum jafnvel heyrt af fólki sem hlakkaði meira til að koma upp í Réttó en síðar þegar það fór upp í framhaldsskóla.“

Þau Ólafur Kári og Hanna María segjast helst kjósa óbreytt ástand, enda sé góður andi í skólanum þeirra.

„Það er virkilega góð stemning hér. Allir eru góðir vinir og lítið um einelti. Svo eru kennararnir eiginlega eins og vinir manns. Það væri rosalega leiðinlegt ef það myndi tapast.“

Þau segjast ætla að fylgjast vel með framhaldinu og vona það besta.



**KJÓSA ÓBREYTT ÁSTAND** Þau Hanna María og Ólafur Kári segjast vona að Réttarholtsskóli breytist ekki, enda sé góður andi í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Tilkynning um breyttan opnunartíma hjá Póst- og fjarskiptastofnun**

Frá 15. febrúar n.k. verða afgreiðsla og sími stofnunarinnar opin alla virka daga frá kl. **10:00** til **14:00**.
Sjá upplýsingar á vef stofnunarinnar **www.pfs.is**

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

markhonnun.is



41% afsláttur

NAUTAGÚLLAS FERSKT

1.599 kr/kg
Verð áður 2.698 kr/kg

NAUTASTRIMLAR FERSKIR

# BERJADAGAR Í NETTÓ!



**JARÐARBER**
250G
-50%
229 kr/pk.
áður 459 kr/pk.



**BLÆJUBER**
100G
-30%
159 kr/pk.
áður 229 kg/pk.

**VÍNBER**
GRÆN
-30%
529 kr/kg
áður 759 kr/kg

**BRÓMBER**
125G
-30%
349 kr/pk.
áður 499 kr/pk.

**HINDBER**
125G
-30%
379 kr/pk.
áður 549 kr/pk.

**BLÁBER**
125G
-30%
235 kr/pk.
áður 335 kr/pk.

**RIFSBER**
125G
-30%
269 kr/pk.
áður 389 kr/pk.

**HAFRAKEX**
400 G
99 kr/pk.
áður 129 kr/pk.

**KREMKEX - SÚKKULAÐI**
500 G
149 kr/pk.
áður 199 kr/pk.

**LAKKRÍSKONFEKT**
180 G
99 kr/pk.
áður 139 kr/pk.

**AUSTURLENSK GRÆNMETISBLANDA**
600 G
24% afsláttur
296 kr/pk.
áður 389 kr/pk.

**LAX -INNBAKAÐUR**
750 G
50% afsláttur
899 kr/pk.
áður 1.798 kr/pk.

**HOLLENSK GRÆNMETISBLANDA**
750 G
279 kr/pk.
áður 349 kr/pk.

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **10. – 13. feb.**
eða meðan birgðir endast



**TEFLDI VIÐ SEX HUNDRUÐ** Íranski skákmeistarinn Ehsam Ghaem Maghami tefldi við meira en sex hundruð manns í vikunni og sló þar með heimsmet. Fjölteflið stóð yfir í rúman sólarhring. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar í Suður-Súdan samþykkja stofnun nýs þjóðríkis í þjóðaratkvæðagreiðslu:

# Nýtt ríki verður stofnað í júlí

**SÚDAN** Súdan verður formlega skipt í tvö ríki, Norður- og Suður-Súdan, 9. júlí næstkomandi. Yfirgnæfandi meirihluti íbúa Suður-Súdans, um 98,8 prósent, greiddi aðskilnaðinum atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mikið verk bíður nú stjórnvalda í ríkjunum tveimur. Samþykkja þarf ný landamæri, hvernig skuldir og eignir skiptast milli landanna og hvernig olíulindir á landamærunum eigi að skiptast, að því er fram kemur á vef BBC.

Stjórnvöld í Súdan hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir misskiptingu auðs frá olíulindum landsins, sem hefur aðallega farið í uppbyggingu í norðurhluta landsins.

Súdan fékk sjálfstæði frá Bretlandi árið 1956. Borgarastyrjöld ríkti í landinu til ársins 1972, og braust aftur út tíu árum síðar. Talið er að yfir tvær milljónir manna hafi fallið í styrjöldinni.

Friðarsamkomulag var undirritað árið 2005, og hluti af því samkomulagi var sátt um að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla í suðurhluta landsins um hvort skipta ætti landinu í tvennt. Stjórnvöld í landinu hafa heitið því að koma ekki í veg fyrir sjálfstæði Suður-Súdans.

Mikill munur er á landslagi og lífsháttum fólks í norður- og suðurhluta þessa stærsta ríkis Afríku. Í norðurhlutanum, sem er ríkari, er meirihluti íbúanna múslimar en sunnar í landinu eru kristnir og fólk sem er andatrúar í meirihluta.

Í norðurhluta landsins er þurrt landslag og eyðimörk, en frumskógar og mýrar í suðurhlutanum. Um 44 milljónir manns búa í Súdan. - bj




Nýjar höfuðstöðvar NATO:

## Glæsibyggingar reistar í Brussel

**BELGÍA, AP „Það var búið að ákveða þetta fyrir mörgum árum, löngu áður en kreppan skall á,“ sagði Oana Lungescu, talskona Atlantshafsbandalagsins, um nýju höfuðstöðvarnar sem reistar verða í Brussel.**

**Framkvæmdirnar munu kosta nærri 160 milljarða króna, og segja gagnrýnendur þarna óþarflega mikið í lagt á tímum aðhalds og sparnaðar.**

**Byggingarnar eiga að vera tilbúnar árið 2015, en frá 1966 hefur NATO haft höfuðstöðvar í húsnæði sem átti að vera til bráðabirgða. Lungesu segir mikinn viðhaldskostnað sparast þegar flutt verði í nýja húsnæðið.**

**„Við erum ekki að eyða meira, heldur minna,“ sagði Lungescu.** - gb

Óeining innan ríkisstjórnar tefur ekki ESB-viðræður:

## Sammála um að ná sem bestum samningi

**EVRÓPUMÁL** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur ekki áhyggjur af því að óeining við ríkisstjórnarborðið geti tafið fyrir aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Norðlenski fréttavefurinn Vikudagur hafði á dögunum eftir Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, að nú þegar styttast fer í að Íslendingar setji fram eiginleg samningsmarkmið sín gæti slík óeining tafið fyrir í ferlinu. Án samstöðu innan ríkisstjórnar og á Alþingi gætu markmiðin orðið óskýr og jafnvel breytileg.

Katrín, sem situr í ráðherranefnd um Evrópumál, segir að unnið hafi verið mikið og gott undirbúningsstarf í utanríkismálanefnd Alþingis, en á áliti þess verða markmið Íslands byggð.

„Ég held að allir séu sammála um það markmið að ná sem bestum samningi,“ segir Katrín.

Summa sendiherra mun hafa látið orðin falla á fyrirlestri í Háskólanum á Akureyri á fimmtudag fyrir viku og bætt við að ESB muni ekki þrýsta á um niðurstöðu, komi til fyrrgreindra tafa, enda sé Ísland að sækja um aðild að ESB og verði því að koma fram með kröfur sínar og óskir. - kóþ



**ÞRÍR KRAFÐIR SVARA** Kjartan Gunnarsson, Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason eru krafðir svara vegna málsins. Björgólfur Guðmundsson er gjaldþrota og er því látinn vera.

# Kanna skaðabótaskyldu bankaráðsins

**Slitastjórn Landsbankans kannar hvort hægt sé að sækja bætur til bankastjóra og bankaráðs vegna vafasamra viðskipta upp á 35 milljarða. Björgólfur Guðmundsson ekki krafinn neins, enda gjaldþrota.**

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn og skilanefnd Landsbankans hafa sent fyrrverandi bankastjórum bankans og fjórum fulltrúum í bankaráðinu bréf þar sem óskað er skýringa á þætti þeirra í meintu misferli með fé bankans við hrun hans. Fólkinu er jafnframt greint frá því að hugsanlega sé talið tilefni til bótakrafna á hendur því.

Bréfið var sent í byrjun vikunnar á bankastjórana Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson og fjóra sem sátu í bankaráðinu við hrunið í október 2008; Andra Sveinsson, Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson.

„Í þessum bréfum er verið að koma á framfæri mögulegum kröfum og sjónarmiðum og óska skýringa á ákveðnum atriðum sem hafa komið í ljós við rannsóknir sem hafa farið fram innan bankans,“ segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndarinnar og slitastjórnarinnar. „Svo er beðið eftir andmælum eða viðbrögðum frá þessum aðilum. Síðan verður það metið í bankanum hvort það verður gripið til einhverra frekari aðgerða.“

Björgólfur Guðmundsson, aðaleigandi bankans og formaður bankaráðsins, fékk ekki bréf af þessu tagi. „Það er fyrst og fremst út af því að hann hefur ekki forræði á sínum málum lengur þar sem bú hans er í gjaldþrotaskiptum,“ segir Páll. „Auk þess hefur bankinn þegar lýst eitthvað um tíu milljarða króna kröfu á



**SVAFA GRÖNFELDT**



**ÞORGEIR BALDURSSON**

hans bú, þannig að það var ekki talin sérstök ástæða til að senda honum svona bréf.“

Hin meintu brot sem nú er kannað hvort sexmenningarnir beri ábyrgð á eru hin sömu og sérstakur saksóknari réðst í aðgerðir vegna fyrir skemmstu. Annars vegar er þar um að ræða fimmtán milljarða millifærslur út af reikningum Landsbankans í Seðlabankanum 6. október 2008, til MP banka og Straums. Síðastnefndu fjármálafyrirtækin höfðu átt í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann ásamt Landsbankanum.

Hitt málið snýst um 20 milljarða kaup Landsbankans á bréfum í Landsbankanum sjálfum og Straumi út úr Landsvaka, verðbréfasjóði bankans, sama dag.

Páll segir að þetta sé í fyrsta sinn sem slitastjórn eða skilanefnd bankans aðhefst eitthvað af þessu tagi gagnvart bankaráðinu. „Formlega held ég að við höfum ekki beint neinu að þeim öðru,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is

Spurðu um beyglur frá Myllunni í versluninni þinni

*Búðu þig undir góðar stundir*

**Kauptu beyglur frá Myllunni**

Beyglurnar frá Myllunni eru bragðgóðar og henta við öll tækifæri. Eigðu þær alltaf í frystinum. Spurðu um beyglur í næstu búð. Taktu með þér poka til að eiga núna. Berðu beyglur á borð fyrir gesti eða smyrðu ljúffenga beyglu fyrir svanga krakka. Betri helmingurinn kann líka að meta volga beyglu beint í rúmið. Mundu eftir beyglunum frá Myllunni.

50% MEIRA MAGN SAMA VERÐ

Nú fæst 50% meira af beyglum á sama verði og áður.




*Gríptu með poka af beyglum í búðinni, í dag!*

Beyglurnar frá Myllunni eru til í þremur gerðum: Fínar beyglur, beyglur með kanil og rúsínum og beyglur með hörfræjum, sesam og birki.
**Hver annarri betri!**

MYLLAN ALLTAF NÝ BAKAÐ

*Fylgstu með okkur á:*
**www.myllan.is**

# ESTĒE LAUDER GJÖF

# GJÖFIN ÞÍN

## DAGANA 10.-16. FEBRÚAR
## Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 10. – 16. febrúar.

**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Take It Away Makeup Remover** – Andlitshreinsi 50ml
**Advanced Night Repair** – Viðgerð á línum og hrukkum, 7ml
**TimeZone Crème** – Fyrirbyggjandi krem við línum og hrukkum, 15ml
**Pure Color Lipstick** – Varalit, Tiger eye, fulla stærð
**Doublewear  Lip Pencil** – Varalitablýant, litur 08 spice
**Pure Color Box** – Litabox með púðri, kinnalit og sólarpúðri
**Sumptuous Mascara** – Svartan maskara
**Stóra og góða snyrtitösku**

**Verðgildi gjafarinnar er kr. 24.334.-**

**Meðan birgðir endast.*







## ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM ÞÚ SETUR Á ÞIG Í DAG

**Nýtt. Daywear SPF 15Perfectionist (CP+)**
Nú með enn öflugri andoxunarefnablöndu

**Andoxunarefni. Góð fyrir bæði líkama og andlit**
Þessi nýja efnablanda okkar, Super Anti-Oxidant Complex, er svo öflug að engin andoxunarefni sem við höfum rannsakað komast nálægt henni í virkni. Auk þess veitir hún vernd gegn öllum helstu tegundum sindurefna sem áreita húðina og gera ásýnd hennar eldri. Þannig dregur greinilega úr fyrstu ummerkjum öldrunar. 96% kvenna (sem þátt tóku í rannsókn okkar) sögðu að áferð húðarinnar hefði strax orðið sléttari, ferskari og heilbrigðari.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# neytendur
hagur heimilanna

**500 GRÖMM** eru það magn ávaxta og grænmetis sem nær hvarvetna er mælt með að fullorðinn einstaklingur borði á dag. Neyslukannanir hér sýna að Íslendingar borða aðeins 275 grömm á dag. Neysla unglinga er enn minni, um 50 grömm.



**VODAFONE** Og fjarskipti hafa gerst sek um brot á lögum með röngum fullyrðingum í auglýsingum sínum. MYND/TEITUR

Birtu rangar fullyrðingar:

## Og fjarskipti sektað um 2,6 milljónir króna

Og fjarskipti ehf. hafa verið sektuð um 2,6 milljónir króna fyrir rangar fullyrðingar í auglýsingum sínum og brot á hinum ýmsu greinum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Og fjarskipti báru saman kostnað við Vodafone og Símann, og komst Neytendastofa meðal annars að þeirri niðurstöðu að þar væru bornir saman reikningar fyrir mismunandi tímabil án þess að sýnt hafi verið fram á að verð séu rétt á þeim tíma sem auglýsingarnar voru birtar. Einnig hafi ekki verið greint frá því hvort þjónustan hafi verið nákvæmlega sambærileg og ef ekki í hverju mismunurinn er falinn.

Vegna þessa leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Og fjarskipti ehf. sem nemur 2,6 milljónum króna. - SV

## GÓÐ HÚSRÁÐ Fletja út hakkið

■ *Hakk má nota í marga rétti og gott að geta gripið einn skammt úr frystinum*



Margir reyna að eiga alltaf hakk í frysti til að grípa til eftir þörfum. Á því er þó sá ljóður að ákveða þarf með smá fyrirvara að elda úr hakkinu svo það nái að þiðna. Gott ráð til að stytta þann tíma verulega er að setja hakk í hentugu magni fyrir eina máltíð í hreinan plastpoka, lofttæma hann og loka honum. Svo er hakkið flatt út í kringlótta köku, eins þunna og pokinn leyfir. Frosið hakk sem meðhöndlað er með þessum hætti er mjög fljótt að þiðna í gegn, ólíkt þykkari stykkjum sem flestir skella í frystinn.

**NEYTANDINN:** Úlfar Linnet, sérfræðingur hjá Landsvirkjun

## *Sykraður barnamatur og hermannafæði frá stríðinu*



„Verstu kaupin mín voru án efa þegar ég fékk í fyrsta sinn útborgað úr unglingavinnunni og keypti mér sólgleraugu fyrir öll launin mín," segir Úlfar. „Ég fór með félaga mínum í strætó niður á Laugaveg og starfsmaður gleraugnaverslunarinnar sem við fórum í sá strax að hann var þarna með ómótaðan leir í höndunum. Hann greip það tækifæri með því að selja mér rándýr og ljót sólgleraugu í John Lennon-stíl." Úlfar þurfti að fá lánað hjá félaga sínum til þess að komast heim í strætó á fyrsta útborgunardegi ævi sinnar.

Bestu kaupin Úlfars er gömul amerísk matreiðslubók sem hann keypti í danskri fornbókaverslun. „Þar eyddi ég nánast engum pening en fékk mikið út úr kaupunum," segir hann. „Bókin er endurútgáfa úr gömlum matreiðsluritum frá seinni heimsstyrjöld. Einn kaflinn sem ég hef skemmt mér vel yfir heitir Wartime Cooking. Hann er ætlaður húsmæðrum sem eru að taka á móti mönnum sínum úr stríðinu og eiga að venja þá af herfæðinu. Þar er allt kjötið úr dós og það eru alltaf einhverjar þurrkaðar baunir í réttunum." Úlfar segist líka hafa afar gaman að kaflanum um barnamatinn, þar sem allt sé með sykri. „Meira að segja ristað brauð með smjöri er líka með sykri, til að gleðja litlu börnin," segir Úlfar. „Þó að ég hafi ekki eldað mikið upp úr bókinni hefur hún veitt mér mikla gleði. Og hún kostaði mig í kringum 50 íslenskar krónur."



**BÍLNÚMER** Síðasti tölustafur bílnúmera gefur til kynna hvenær skal láta skoða bílinn. Frestur er þó gefinn í tvo mánuði án þess að sekt falli á eiganda bílsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ódýrast að láta skoða bílinn hjá Tékklandi

**Eitt af þeim mörgu verkefnum sem falla á Íslendinga með nýju ári er að láta skoða bílinn. Af þeim þremur aðilum sem bjóða upp á bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu er Tékkland með lægsta verðið. Aðilar FÍB fá 15 til 20 prósenta afslátt á öllum bifreiðaskoðunum.**

Það kostar á bilinu 7.495 til 8.680 krónur að láta skoða fólksbíl. Endurskoðunargjald á bifreiðar er um og yfir 1.500 krónur. Þrír aðilar bjóða upp á þjónustuna hér á landi; Frumherji, Aðalskoðun og Tékkland.

Samkvæmt verðlistum á heimasíðum fyrirtækjanna er Tékkland með lægsta verðið fyrir bifreiðaskoðun, eða 7.495 krónur. Frumherji rukkar 8.400 krónur og hjá Aðalskoðun kostar bifreiðaskoðun 8.680 krónur. Er þá um að ræða fólksbifreið sem er undir 3.500 kílóum.

Endastafur í bílnúmeri segir í flestum tilfellum í hvaða mánuði ber að láta skoða bílinn. Þannig á að láta skoða bifreið með 1 í endastaf í janúar, 2 í endastaf í febrúar og svo framvegis. Tveggja mánaða frestur umfram þetta er til að færa ökutækið til skoðunar. Bifreið með 1 í endastaf hefur þá frest út mars á skoðunarári. Þó má koma með bifreið í skoðun allt að sex mánuðum fyrr en endastafur segir til um.

Undantekningarnar á þessum reglum ná til fornbifreiða, bifhjóla, húsbíla og ferðavagna. Þau tæki á að skoða fyrir 1. ágúst með lokafresti fyrir 1. október.

Aðilar að Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) fá allt að 20 prósenta afslátt hjá öllum skoðunaraðilum og er ársgjald þar 5.820 krónur. Félagar í FÍB eru að nálgast 16.000.

### Ýmis fríðindi fylgja aðild að FÍB

Ársgjald fyrir aðild að Félagi íslenskra bifreiðaeigenda er 5.820 krónur. Félagar fá ýmis fríðindi og afslátt með skírteini sínu, þar á meðal 20 prósenta afslátt í bifreiðaskoðun hjá Frumherja og 15 prósenta afslátt hjá Tékklandi og Aðalskoðun.

FÍB hefur sama hlutverki að gegna og AAA (Triple A) vestanhafs, það er að segja, félagið veitir þjónustu á borð við dekkjaskipti úti á vegum og gangsetningu straumlausra bifreiða með rafmagnsköplum. Er sú þjónusta innifalin í ársgjaldinu. Einnig eiga meðlimir rétt á ókeypis þjónustu dráttarbíls einu sinni á ári.

Félagið starfrækir lögfræði- og tæknimannaþjónusta þar sem félögum er veitt almenn ráðgjöf í gegn um síma þeim að kostnaðarlausu. Lögfræðingar FÍB taka þó ekki að sér einstök mál, en veita alla þá aðstoð og ráðgjöf eins og þeim er unnt. Hægt er að panta símatíma hjá lögfræðingi í gegn um skrifstofu FÍB.

**Dæmi um annan afslátt FÍB:**

- Miði í Hvalfjarðargöngin: 600 krónur (í stað 900 króna)
- Dælulykill FÍB og Atlantsolíu: 4 krónu afsláttur á bensíni á öllum bensínstöðvum Atlantsolíu. Þar að auki getur þú valið þér þína uppáhaldsstöð sem mun þá veita 6 krónu afslátt.
- Barnabílstólar: Verslanir N1 veita 37 prósenta FÍB afslátt af BRITAX barnabílstólum til félagsmanna.

*Sjá skrá yfir fleiri fríðindi FÍB: www.fib.is*

Henrik Knudsen hjá FÍB segir hafa fjölgað hvað mest í félaginu eftir að vegatollunum um Suðurlandið var mótmælt í janúar síðastliðnum, þegar rúmlega 40 þúsund manns skrifuðu nafn sitt á mótmælalista á netinu.

sunna@frettabladid.is

### Verðdæmi tengd bifreiðaskoðunum

| | Tékkland | Aðalskoðun | Frumherji |
|---|---|---|---|
| Skoðun (+3.500 kg) | 8.600 kr. | 8.980 kr. | 9.500 kr. |
| Bifhjól, skoðun | 5.050 kr. | 5.980 kr. | |
| Létt bifhjól, skoðun | 2.650 kr. | 3.680 kr. | |
| Endurskoðun bíla | 1.500 kr. | 1.450 kr. | 1.600 kr. |



# FYRIR ÞÁ SEM ÞORA AÐ SOFA ÚTI ALLAN ÁRSINS HRING

**SVANUR** - kerrupoki frá **66°NORÐUR**



Snúra umhverfis op sem hægt er að þrengja

Hlýr kerrupoki úr vatnsfráhrindandi næloni

70/30 dúnfylling

Fóðraður að innanverðu með mjúku flísefni

Hægt er að opna pokann alveg og nota hann sem teppi

Neðri hluti pokans er úr vatnsþéttu polyester sem eykur einangrun

Göt fyrir fimm punkta öryggisbelti

Vatnsheldir rennilásar

**Litur: svartur**

**Verð: 19.500 kr.**

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerártorg **Keflavík:** Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR



TRUENORTH

**Úlpa svört/hvít**
dömu XS-XXL
5869861-5869863

tilboð
**5.990,-**
~~9.990,-~~



**Dömupeysa**
Íslensk ull
og Powerstretch
St. 36-48.
Rauð, grá.
5863762-75

**9.990,-**

**ÍSLENSK HÖNNUN**
Íslensk hönnun eftir
fatahönnuðinn
Svövu Grímsdóttur
Gerð úr íslenskri ull,
og vönduðu powerstretch efni

# FATNAÐUR
## á lægra verði



**Regnjakki og buxur**
Létt og þjál regnföt
úr Polyurethan.
5868506
5868512

Jakki
**5.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Buxur
**4.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



**Powerstretch**
Peysa frá Disegna.
M-XXL
Græn 5870021
Blá 5870023
Rauð 5869979

**6.990,-**

Fyrir skokkarann
Fáanlegt í Skútuvogi



**4.990,-**

**Stígvél**
Græn og gul.
5861710-13



**16.990,-**

**Gönguskór**
Leður, með Gartex öndun.
5862969/980



**9.900,-**
~~12.990,-~~

**Kuldagalli**
Með öndun, vatnsfráhrindandi,
sterkur og þjáll. M-4XL
5868254-59

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# DÚNÚLPA

**Fyllt með ekta andardún.**
**Mjög hlý og létt úlpa.**
**Dömu og herrasnið.**
**Fáanlegt í svörtu og rauðu.**

**Dúnúlpa**
Dömu.
5869822-834



**ekta andardúnn**
**6.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Dúnúlpa**
Herra .
5869816-821



**ekta andardúnn**
**7.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



**Powerstretch**
Herra.
5869940

**5.990,-**

TRUENORTH

**Skíðagleraugu**
5872112



**3.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



**Sleði**
Flottur stýrissleði.
3900896

**5.990,-**
~~7.990,-~~



**999,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Húfa**
Thinsulate.
5865791

**Tilboð**
**999,-**
~~2.999,-~~



**Skíðahanskar**
Bleikir og svartir,
barnastærð.
5865510/5865537



**2.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Skíðagleraugu**
Barnastærð.
5872113

**skíðahjálmar**
**4.990,-**




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Skíðahjálmur**
Bleikur, EN1077.
5872108-9

**Skíðahjálmur**
Camo, EN1077.
5872104/106

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**3 MILLJARÐAR SÆNSKRA KRÓNA** er tap norræna flugfélagsins SAS í fyrra. Þetta jafngildir 54 milljörðum íslenskra króna. Tæpur fjórðungur tapsins er vegna röskunar á flugi af völdum gossins í Eyjafjallajökli.

# Geta hagnast mikið á aflandskrónum

**Greining Arion banka hefur sett upp dæmi um það hvernig erlend fjármálafyrirtæki geta fengið háa ávöxtun á íslenskar aflandskrónur með kaupum á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Lítil merki eru um slík viðskipti.**

Erlendar fjármálastofnanir og fjárfestar geta fengið 66 prósenta ávöxtun á fjárfestingu sína í evrum talið með ákveðnum viðskiptagjörningum með aflandskrónur. Þetta á ekki við um þá erlendu fjárfesta sem festust inni með fjármagn sitt við innleiðingu gjaldeyrishafta fyrir rúmum tveimur árum heldur þá sem keyptu krónur eftir að höftin voru sett.

„Þetta er ímyndað dæmi, en framkvæmanlegt. Erlendir aðilar mega bæði taka út afborgun og vaxtagreiðslur verðtryggðra bréfa útgefinna af Íbúðalánasjóði," segir Davíð Stefánsson, sérfræðingur hjá greiningu Arion banka.

Greiningardeildin birti í gær dæmi þar sem gert er ráð fyrir að fjárfestir kaupi fyrst aflandskrónur fyrir 100 evrur og síðan fyrir sömu upphæð skuldabréfaflokk Íbúðalánasjóðs sem er á gjalddaga eftir þrjú ár. Til einföldunar er gert ráð fyrir því að viðskiptin eigi sér stað 16. mars næstkomandi og horft framhjá ávöxtunarkröfu skuldabréfaflokksins. Í hvert sinn sem greiðslur berast selur hann krónurnar á gjaldeyrismarkaði. Það mun skila þeim sem átti eina evru í upphafi 65 evrusenta hagnaði.

Davíð bendir á að í raun liggi litlar upplýsingar fyrir um það hverjir eigi íbúðabréfin. Þá hafi erlendir fjárfestar nær aðallega keypt stutt óverðtryggð ríkisbréf sem eru á gjalddaga á næstu tveimur árum.

„Við bendum aðeins á að við teljum að útlendingar geti keypt þessi bréf til að komast út úr landi og fengið fínan hagnað. Erlendir fjárfestar hafa heimild til að taka féð út, flokkurinn er til staðar og aflandskrónur til. En þeir hafa ekki verið að gera það í miklum mæli að við höldum," segir Davíð.

Samkvæmt upplýsingum fréttastofu Stöðvar 2 í vikunni kom fram að um 200 milljarðar aflandskróna liggi inni á svonefndum VOSTRO-reikningum erlendra bankastofnana.

jonab@frettabladid.is

## Krónuviðskiptin




Í skrefi eitt kaupir fjárfestir aflandskrónur fyrir evru sem síðan eru notaðar í skrfi tvö til að kaupa HFF14. Í skrefi þrjú eru krónur seldar á gjaldeyrismarkaði þegar greiðslur berast en síðasta greiðslan á sér stað 15. september 2014. Fjárfestir sem átti eina evru í upphafi tímabils á 1,656 evrur í lok tímabilsins (forsenda: gengi evru gagnvart krónu 157).



**FUNDAÐ UM FJÁRMÁL** Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, ræðir við eldri borgara í Kópavogi um fjármál og sparnað. Fáar spurningar voru bornar upp á fundinum.

### Eldri borgarar enn skeptískir í garð bankanna:

# Margir töpuðu öllu

„Eldri borgarar eru rosalega brenndir á puttunum eftir hrunið. Bankamenn gerðu á tímabili út á eldri borgara. Margt fólk tapaði öllu sínu sparifé og er mjög skeptískt," segir Helgi K. Hjálmsson, formaður Landssambands eldri borgara.

Landssambandið hefur í samvinnu við VÍB – eignastýringu Íslandsbanka fundað með félagsmönnum í tvígang um sparnað og fjármál eldri borgara, síðast í Kópavogi í fyrradag. Á fimmta hundrað manns sótti báða fundina. Búið er að skipuleggja fleiri fundi í Hafnarfirði, Akureyri og Reyðarfirði.

Helgi telur ekki hagstæðara fyrir eldri borgara að taka fé sitt af bankareikningum og setja undir kodda til að forða þeim frá neikvæðri ávöxtun og Tryggingastofnun. Fleiri kostir séu í stöðunni sem beri að skoða.

Helgi, sem flutti stutta tölu í upphafi fundar í fyrradag, segir sárafáar spurningar hafa borið á góma. Ráðgjafar bankans hafi útskýrt mál sitt mjög vel og sýnt með dæmum hvernig borgi sig að ávaxta sparnaðinn.

„Það er ekki verið að auglýsa Íslandsbanka. Fólk verður sjálft að vega og meta kostina," segir hann og bendir á að þrátt fyrir allt eigi gömlu góðu gildin enn við. „Ég hvet til sparsemi og ráðdeildar, jafnvel þótt ríkið refsi okkur fyrir það," segir hann. - jab








**SEÐLABANKASTJÓRI BRETA** Aðstæður í bresku efnahagslífi eru sagðar auka líkurnar á því að stutt sé í að Mervyn King seðlabankastjóri hækki stýrivexti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Halli á vöruskiptum Breta hefur aldrei verið meiri:

# Mínus hjá þeim sem standa utan ESB

Methalli var á viðskiptum Breta við helstu viðskiptalönd sín í desember og nam við áramót 9,25 milljörðum punda. Þetta er tæplega átta hundruð milljóna punda verri afkoma en í nóvember, samkvæmt upplýsingum bresku hagstofunnar sem birtar voru í gær.

Svipaða sögu er að segja af þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar dró almennt úr viðskiptahalla þeirra landa sem aðild eiga að því. Þrettán milljarða króna afgangur var af vöruskiptum hér í desember síðastliðnum, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Vöruskiptin voru jákvæð um 118,5 milljarða króna á árinu öllu.

Niðurstaðan í Bretlandi er talsvert verri en greiningaraðilar Bloomberg-fréttaveitunnar höfðu almennt gert ráð fyrir. Meðalspá þeirra hljóðaði upp á 8,6 milljarða punda halla á viðskiptum við útlönd.

Bloomberg segir helstu ástæðuna fyrir því að innflutningur jókst talsvert umfram útflutning þá að breska pundið hafi fallið um fimmtung gagnvart myntum helstu viðskiptalanda.

Bloomberg bætir því við að vegna aðstæðna í bresku efnahagslífi hafi líkur aukist á því að stýrivextir hækki bráðlega. Þeir standa nú í hálfu prósenti. Almennt er þó gert ráð fyrir að vaxtastig haldist óbreytt á vaxtaákvörðunarfundi Englandsbanka í dag. - jab

# SJÓNVARPSTILBOÐ




**Panasonic**
**ideas for life**




**AVATAR**
**3D Blu-Ray**
**FYLGIR MEÐ!**

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

## ÚRVAL GÆÐATÆKJA FRÁ FINLUX




**Finlux 19FLX850UD**
19" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**19" 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 22FLX850UD**
22" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**22" 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 24FLX850UD**
24" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**24" 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 26FLX850UD**
26" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**26" 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 32FLX850UD**
32" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**32" 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 37FLHX850U**
37" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxia, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**37" 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life
Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Góðar fréttir úr rústum gamla Landsbankans:

## Bankaráðsmenn og ábyrgð þeirra

Það voru ánægjuleg tíðindi þegar spurðist í gær að hreingerningafólkið í gamla Landsbankanum væri fyrir alvöru að meta ábyrgð stjórnarmanna í bankanum á gjörningum sem með öðru leiddu til hruns hans. Pressan varð fyrst til að segja frá því að viðbragða og skýringa stjórnarmannanna, auk bankastjóranna tveggja, á tilteknum málum hafi verið leitað.

Fyrir slitastjórn bankans vakir að kanna hvort efni og ástæða sé til að sækja bætur í vasa stjórnarmannanna. Hvort þeir hafi með athöfnum eða athafnaleysi átt slíkan þátt í falli bankans að þeir beri á því ábyrgð að lögum og geti þurft að gjalda fyrir með eigin aurum.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



Það er kunnara en frá þurfi að segja að helstu ábyrgðarmenn bankanna sem fóru á hausinn hafa almennt talið að ófarirnar séu öðrum að kenna. Stjórnvöldum eða einhverjum útlendingum. Hrein fásinna sé að ætla að þeir sjálfir hafi gert nokkuð rangt. Þvert á móti hafi þeir gert allt rétt.

Kannski þeir hafi rétt fyrir sér. Kannski þeir hafi einmitt gert allt rétt. En í ljósi þess að gjaldþrot bankanna höfðu talsverð áhrif á býsna marga einstaklinga og reyndar allt íslenska samfélagið er ágætt – og reyndar nauðsynlegt – að dómstólum verði falið að kveða upp úr um hvort störf stjórnarmannanna og bankastjóranna hafi verið jafn pottþétt og þeir vilja sjálfir meina. Það er ekki aðeins nauðsynlegur liður í tiltektinni fyrir samfélagið sem slíkt heldur viðkomandi líka. Þeir hljóta að fagna hverju tækifæri sem gefst til að þvo hendur sínar af ávirðingum um meinta óstjórn og almennan hálfvitagang.

Sambærileg athugun hlýtur svo að fara fram í ranni rústa Glitnis og Kaupþings. Þar hljóta menn að skoða hvort aðgerðir eða aðgerðaleysi bankaráðsfólksins hafi haft eitthvað með þrot þeirra að gera. Og svo fylgja náttúrlega hinir: SPRON, Icebank, Askar, VBS, Byr og hvað þær nú hétu og heita allar fjármálastofnanirnar sem villtust af leið á ferð sinni fram veginn. Ferð sem aldrei átti að ljúka en varð stutt og heimssöguleg.

Af fréttunum af Landsbankamönnunum að skilja er ætlunin að mögulegar bætur renni í bú bankans og þaðan til þeirra sem áttu inni hjá honum við fallið. Allt stefnir í að skattgreiðendur verði þar efstir á blaði vegna Icesave.

Það er samt borin von að ætla að fólkið sem sat í bankaráði Landsbankans eigi slíkar eignir að einhverju skipti. Þannig væri helst að Björgólfur Guðmundsson hefði átt eitthvað en hann er gjaldþrota og ekkert að sækja til hans. Slitastjórnin sá ekki einu sinni ástæðu til að senda honum bréf.

En fjárhagsstaða þeirra sem sátu í stjórnum fallinna fjármálafyrirtækja og möguleikar þeirra á að greiða bætur fyrir mistök sín eru eitt. Annað er að komist verði til botns í því hver raunveruleg ábyrgð stjórnarmannanna á rekstri fyrirtækjanna og þar með þroti þeirra var.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Óvenjulegt**

Það er til mikillar eftirbreytni þegar stjórnmálamenn eru hreinskilnir – þá sjaldan það gerist. Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, brá fyrir sig hreinskilninni í viðtali á Bylgjunni í gærmorgun. Hún sagði að það væri „óvenjulegt“ af Bjarna Benediktssyni, sem leiðtoga í stjórnarandstöðu, að taka ákvörðun sem hann teldi rétta fyrir þjóðina, eins og hann hefði gert í Icesave-málinu.

**Þótt fyrr hefði verið**

Orð Ólafar bera það með sér að hún telji að stjórnarandstaðan í landinu hafi hingað til gert sér far um það í hvívetna að leggja steina í götu ríkisstjórnarinnar til þess eins að reyna að fella hana eða skora auðveld stig hjá einhverju fólki úti í bæ. Skipti þá engu máli hvort það hafi verið gott eða slæmt fyrir þjóðina. Ólöf Nordal hefur verið í stjórnarandstöðu í tvö ár. Og núna fyrst telur hún að votti fyrir breytingum á þessu hugarfari. Þótt fyrr hefði verið, hugsa flestir.



**Óskiljanlegt**

Velferðarráðherra kynnti langþráð neysluviðmið í fyrradag. Samkvæmt þeim kostar 75 þúsund krónur á mánuði að leigja ríflega hundrað fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Sú niðurstaða er í litlum takti við raunveruleikann eins og nær allir þekkja sem búa í leiguhúsnæði. Jón Þór Sturluson, einn höfunda skýrslunnar, viðurkennir í Fréttablaðinu í gær að lítið sé að marka þessar tölur. Í fyrsta lagi sé útreikningurinn ónákvæmur og jafnvel þótt hann stæðist segði hann bara til um miðgildi leiguverðs, sem sé villandi viðmið. Til greina kom að sleppa þessum lið úr viðmiðunum eins og gert er í nágrannalöndunum. Að þessu virtu er óskiljanlegt að það hafi ekki verið gert.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Samráð eykur sátt, gæði og árangur

Borgarmál



Hanna Birna Kristjánsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðis-flokksins

Þeir voru glaðlegir forystumennirnir sem á blokkarþaki í Breiðholti í sumarbyrjun boðuðu allskonar fyrir íbúa, aukið lýðræði og stanslausa skemmtun í Reykjavík. Nú nokkrum mánuðum síðar virðist mesta gleðin horfin og mörg fyrirheitin gleymd. Vinnubrögð í borgarstjórn hafa versnað, samráð minnkað og forystumennirnir sjá litla ástæðu til að nýta þá reynslu eða þann árangur sem náðist með nýjum vinnubrögðum á síðasta kjörtímabili.

En látum vera þótt meirihlutinn vilji ekki nýta krafta allra kjörinna fulltrúa eða valdi pólitískum andstæðingum vonbrigðum, enda hefur slíkt því miður verið viðtekin venja í íslenskum stjórnmálum. Verra er þó þegar þau vinnubrögð bitna beint á almenningi og beint á þeim sem eiga að veita og njóta mikilvægrar þjónustu borgarinnar. Það er einmitt það sem nú er að gerast í Reykjavík.

Þannig er þessa dagana unnið að breytingum á skipulagi skólastarfs í borginni. Starfsfólk og samtök þeirra segjast illa upplýst og kalla vinnubrögð meirihlutans „faglega sýndarmennsku“, „vonbrigði“ og „valdníðslu“. Foreldrar og samtök þeirra segja það sama og að upplýsingum sé haldið frá þeim með „leyniplöggum“ og „sýndarsamráði“. Þessir aðilar krefjast úrbóta, skýringa og svara.

Svörin eru fá en meirihlutinn segir verkefnið erfitt, tímann lítinn og að ákveðna hluti verði að vinna án aðkomu almennings. Virðist þar litlu skipta þótt reynslan sýni að samráð tryggi sátt, gæði og árangur og að ótal tillögur um slíkt hafi verið fluttar sem hefðu getað komið í veg fyrir þau átök sem nú blasa við.

Vandann má þó enn leysa. Fyrsta skrefið er að forystumenn meirihlutans viðurkenni að þeir einir vita ekki endilega best og skilji að það er farsælt að nýta sér ráð og reynslu annarra þegar gengið er til stórra verkefna. Að auki staðfestir hagræðingarvinna liðinna ára hjá Reykjavík að mesti árangurinn náðist með þátttöku og tillögum starfsfólks sem, líkt og almenningur, skilur þörfina og axlar ábyrgðina sé raunverulega eftir því leitað.

Hér þarf önnur og betri vinnubrögð. Skólunum okkar verður ekki, frekar en samfélaginu sjálfu, breytt án kröftugrar aðkomu sem flestra og slík aðkoma mun ekki flækja málið heldur færa okkur farsæla lausn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvað gerðu Grikkir?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Heimurinn tók andköf, þegar herforingjar hrifsuðu til sín völdin í Grikklandi vorið 1967. Hvernig gat annað eins og þetta gerzt í vöggu lýðræðisins? Grikkir höfðu að vísu ekki alveg óflekkaðan lýðræðisferil, en þeir höfðu búið við lýðræði í meira en hundrað ár, allar götur frá 1864, þegar ný stjórnarskrá var leidd í lög og allir fulltíða grískir karlmenn fengu kosningarétt. Lýðræði var þó lagt til hliðar árin 1915-25 og 1936-43; heimsstyrjaldirnar tvær tóku sinn toll. Grísku herforingjarnir tóku völdin, sögðu þeir, til að koma í veg fyrir valdatöku kommúnista, en þeir lögðu aldrei fram nein haldbær gögn máli sínu til stuðnings. Valdaránið sjálft kostaði engar blóðsúthellingar, en herinn gerði sig síðar sekan um pyntingar og morð. Ríkisstjórn herforingjanna var óhæf, spillt og einangruð. Þegar þeir hrökkluðust frá völdum sumarið 1974, gerðist það einnig án blóðsúthellinga. Lýðræði komst aftur á. Grikkland var komið heim.

### Makleg málagjöld

Sjö ára valdatíð herforingjaklíkunnar hafði kallað vansæmd yfir Grikkland og rekið fleyg milli Grikkja og náinna bandamanna þeirra. Hvernig skyldi bregðast við því? Átti þjóðin að fyrirgefa og gleyma? Það gat hún ekki gert með góðu móti, því að fyrirgefning útheimtir iðrun, og herforingjarnir voru forherðingin uppmáluð. Málið var leitt til lykta í gríska þinginu að loknum lýðræðislegum kosningum haustið 1974. Herforingjarnir og nokkrir undirsátar þeirra voru dregnir fyrir dóm. Réttarhald var nauðsynlegur liður í hreingerningunni eftir sjö ára niðurlægingu grísku þjóðarinnar og var talið nauðsynlegt til að draga úr líkum þess, að sagan endurtæki sig. Auðvitað höfðu herforingjarnir brotið lög. Þeim reyndist engin stoð í neyðarlögum, sem þeir höfðu sjálfir sett til að firra sig ábyrgð á brotum gegn eldri lögum. Þessir menn þurftu að fá makleg málagjöld, svo að herinn mætti skilja, hvað biði þeirra, sem létu sér koma til hugar að reyna að ræna völdum síðar.

Valdaræningjarnir fengu þunga dóma 1975. Þrír voru dæmdir til dauða, einn fékk lífstíðarfangelsi, sjö voru dæmdir í fimm til tuttugu ára fangelsi og tveir voru sýknaðir. Dauðadómunum var síðan breytt í lífstíðarfangelsi. Að auki voru átta menn dæmdir fyrir að bera ábyrgð á að berja niður mótmæli gegn herforingjastjórninni 1973, þar sem 24 mótmælendur týndu lífi. Dómarnir í því máli náðu frá 25 ára fangelsi upp í sjöfalt lífstíðarfangelsi. Loks var réttað sérstaklega yfir pyntingameisturum hersins. Nokkrir þeirra fengu fjögurra til sjö ára fangelsisdóma öðrum til viðvörunar. Því má bæta við, að George W. Bush, fyrrum Bandaríkjaforseti, hætti nú í vikunni við að fara til Sviss af ótta við að vera handtekinn þar fyrir að bera ábyrgð á pyntingum á föngum í haldi Bandaríkjahers. Lögin ná nú yfir landamæri.

> Þeir ávörpuðu hver annan með miklum virktum: Má ég bjóða yður meira kaffi, herra forseti?

Fangaverðir hafa vitnað um samskiptasiði grísku herforingjanna innan fangelsismúranna. Þeir ávörpuðu hver annan með miklum virktum: Má ég bjóða yður meira kaffi, herra forseti? Má ég biðja ráðherrann að gera svo vel að rétta mér sápuna? Höfuðpaurinn kaus að snæða kvöldverðinn einsamall. Ólíkt öðrum föngum voru herforingjarnir geymdir í loftkældum klefum og höfðu aðgang að sjónvarpi og tennisvöllum. Ríkisstjórnin hugðist náða herforingjana 1990, en hún hvarf frá þeirri fyrirætlan vegna harðra mótmæla, meðal annars úr röðum íhaldsmanna, jafnaðarmanna og kommúnista. Tveim var sleppt vegna heilsubrests, nokkrir dóu í fangelsinu, einn lifir enn.

### Uppreisn Araba

Hvers vegna rifja ég þetta upp núna? Ein ástæðan er, að Arabar hafa nú loksins risið upp gegn kúgurum sínum. Neistinn, sem kveikti bálið, var trúlega hækkun matarverðs vegna loftslagsbreytinga, sem leiddu af sér hitabylgju og uppskerubrest í Rússlandi í fyrra. Fyrst var forseti Túnis hrakinn burt, og flokkur hans, sem hafði áður öll ráð í hendi sér, var leystur upp og bannaður með lögum. Nú er eftir að ná þýfinu af forsetanum og fjölskyldu hans. Næst kom röðin að Egyptalandi. Þar hefur Múbarak forseti ásamt fjölskyldu og vinum auðgazt ótæpilega í 30 ára valdatíð hans. Þegar stjórnmálamenn auðgast, gera þeir það næstum aldrei innan ramma laganna. Múbarak forseti þráast við að víkja til að vernda völd sín og auð. Margt bendir til, að böndin hljóti einnig að berast að Alsír. Ég var þar um daginn. Þar er næstum ekkert eins og það á að vera. Yfirmenn hersins hafa alla þræði í hendi sér og þá um leið olíuauðinn, sem á þó að heita þjóðareign. Lög landsins leyfa vafalaust, að þeim sé stungið inn fyrir spillingu. Það yrði öðrum til viðvörunar. Vilji er allt sem þarf.

AF NETINU

## Hótfyndni og dass af hroka

Ég sé að Egill Helgason, þáttastjórnandi og Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, hafa tekið til sín umfjöllun mína um snillinga ársins í síðasta Pressupistli mínum. Og það með réttu. Friðrik Þór Guðmundsson, blaðamaður, virðist einnig hafa gert það, en hann var þó ekki einn af snillingunum í mínum huga. [...] Þessir ágætu menn saka mig um skæting og hótfyndni í pistli mínum og hafa þeir örlítið til síns máls. Samt hljóma ásakanir þessara manna um skæting og hótfyndni mína ekki ósvipað og skammir strætisróna yfir því að aðrir skuli fá sér í staupinu annað slagið. Ég viðurkenni að spara eigi skæting og hótfyndni í þjóðmálaumræðunni en stundum er það nauðsynlegt til að sýna fram á fáránleika umræðunnar. Jafnvel þarf stundum „dass" af hroka með.[...] Snillingar réttlætisins hefðu ekkert nema gott af því að kynna sér hvernig réttarfar þróast í ríkjum, sem sogast inn í óskapnað pólitískra hugmyndakerfa, sem telja sig bjóða meira og ríkulegra réttlæti, en hið klassíska réttarríki, sem Vesturlönd hafa þróað, getur veitt.

Blaðamaðurinn, þáttastjórnandinn og ritstjórinn hafa aðgang að nokkrum stærstu fjölmiðlum landsins og því áhrifamiklir í umræðunni. Þessir menn boða menningarbyltingu og líkt og í öllum slíkum byltingum þarf að knésetja sjálfstæða dómstóla. Ég mun berjast gegn öllum slíkum hugmyndum.

Pressan.is

Brynjar Níelsson





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Always dömubindi einfaldur pakki allar teg. 359 kr.
TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
20% AFSLÁTTUR
959 KR. kg
ALI NÝREYKT
BAYONNESKINKA ÚR LÆRI
MERKT VERÐ 1198 KR.KG
498 KR. kg
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
NÝJAR VÖRUR Í BÓNUS
GRAIN MÚSLÍ: MEÐ SÚKKULAÐI EÐA MEÐ HUNANGI OG HNETUM
398 KR. 475g.
SUNNY NATURE SVESKJUR STEINALAUSAR
198 KR. 400g.
BÓNUS FLORIDA SAFI
179 KR. 1 LTR.
GEVALIA KAFFI MELLANROST
495 KR. 500g
NÝTT Í BÓNUS
EUROSHOPPER FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK/450g
198 kr.
179 KR. 2 ltr.
EUROSHOPPER SWEET&SOUR SÓSA
198 KR. 500g
259 KR. 1 kg
BARILL A SPAGHETTI 1 KG.
FROSIÐ BROKKOLÍ & FROSIN BROKKOLÍ GRÆNMETISBLANDA 1 KG. POKI
298 kr.
25% AFSLÁTTUR
OS BRAUÐOSTUR MILDUR 26%
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1296 KR.
972 KR.KG.
698 KR. kg
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
279 KR. kg
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
598 KR. kg
K.S FROSNAR SVIÐALAPPIR
198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR ÞRJÁR GERÐIR
198 KR. 1000g
BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR. 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKT ÍSLENSKT KJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS



KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
**259 KR.KG.**



KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1898 KR.KG.**



KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**659 KR.KG.**



KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGABITAR
**498 KR.KG.**

## FERSKT ÍSLENSKT **GRÍSAKJÖT** AF NÝSLÁTRUÐU



FERSKUR GRÍSABÓGUR **495** KR.KG.

**UPPSKRIFTIR
Á BONUS.IS**
Margskonar uppskriftir fyrir
matreiðslu á grísakjöti
eru á heimsíðunni
*bonus.is / uppskriftir*



FERSKAR GRÍSALUNDIR **1498** KR.KG.



FERSKT GRÍSAGÚLLAS **895** KR.KG.



FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI **895** KR.KG.



FERSKIR GRÍSASKANKAR **259** KR.KG.



FERSKT GRÍSAHAKK **495** KR.KG.



FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR **895** KR.KG.



FERSKT GRÍSASNITSEL **895** KR.KG.



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI **1395** KR.KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




# Veruleiki ungs fólks á Íslandi

**Jafnrétti**

**Árni Beinteinn Árnason**
framhaldsskólanemi



Ég er nýorðinn 16 ára. Ég þekki daglegt líf unglinga á Íslandi enda er ég í innsta hring. Mér líður eins og nokkurs konar njósnara með því að uppljóstra hvernig við rúllum! (slangur sem þýðir: högum okkur í daglegu lífi).

Stundum finnst mér fullorðið fólk dæma yngri kynslóðina. Það er margt sem ýtir undir það. Nýleg könnun leiddi til dæmis í ljós slá-andi niðurstöður. 40% stráka á aldrinum 16-19 ára finnst sjálfsagt að karlmenn séu ríkjandi kyn.

Þegar þið lesið þetta er ykkur vonandi stórlega brugðið. Enda er það ekki skrýtið. En það sem þið skiljið ekki er að strákunum sem svöruðu könnuninni gekk ekkert illt til. Fræðslan og umræðan um þessi málefni er einfaldlega ekki á þeim stað sem hún þyrfti að vera.

Okkar heimur er gjörólíkur því sem þið þekktuð á okkar aldri. Við erum ný kynslóð. Við lifum í rafrænum heimi. Internet-einelti og grófar netsíður eru daglegt líf margra á mínum aldri. Það er staðreynd sem þarf að horfast í augu við.

Þeirri hugmynd er snemma komið inn hjá strákum að karlmennirnir eigi að ráða. Það er ekki okkur að kenna. Þá hugmynd má rekja til kvikmynda, fjölmiðla, bókmennta og allrar umræðu. Öllum þessum þáttum er stjórnað af fullorðnum. Eiginleg fræðsla hefur ekki tilskilin áhrif þegar samfélagsandinn segir okkur annað. Það þurfa allir að taka þátt og sameinast í því að breyta hugarfarinu.

Börn byrja snemma að stjórnast af staðalímyndum. Ef hugmyndir fyrirmyndanna okkar eru á þann veg að karlmennirnir eigi að hafa meiri réttindi og ráða meiru þá getur enginn sagt okkur annað. Þegar ungir menn eru settir út í kuldann við það að láta í ljós aðrar skoðanir á þessum málefnum er þjóðfélagið á rangri braut. Meðan andrúmsloftið er slíkt er ekki skrýtið að fólk og þá sérstaklega yngri kynslóðin láti sig vanta í umræðuna um kynbundinn mismun.

> Þeirri hugmynd er snemma komið inn hjá strákum að karlmennirnir eigi að ráða.

Gillz er fyrirmyndin mín, ég elska að lesa fréttir um Ásdísi Rán og rappið hans Erps er á iPod-num mínum allan daginn.

Ég þarf að uppfylla staðalútlitskröfur og vera með í umræðunni í mínum samfélagshópi.

Allir aðrir eru í sömu sporum og ég og þess vegna þarf að sýna okkur umburðarlyndi og fullorðið fólk þarf að setja sig í okkar spor. En það getur hver og einn tekið af skarið. Þó ekki sé nema að breyta sinni eigin afstöðu. Þá myndast samstaða og ef allir leggjast á eitt, hlusta hver á annan, opna umræðuna og láta í sér heyra fara vonandi fleiri að láta sig málin varða.

Það þarf að breyta hugmyndum kyndilbera framtíðarinnar.

En ef maður ætlar að breyta heiminum, þarf maður að byrja á sjálfum sér… ég er byrjaður.

# Stafræn endurgerð íslenskra bóka

**Bækur**

**Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir**
landsbókavörður



Stafræna byltingin hefur verið mál málanna í bókasafnasamfélaginu undanfarin ár. Nýjar aðferðir við söfnun, skráningu og miðlun upplýsinga hafa opnast. Það er t.d. gert með áskriftum að tímarita- og gagnasöfnum og notendur viðkomandi safns eða starfsmenn skóla og stofnana sem greiða fyrir aðganginn geta nálgast efnið í vinnunni eða með fjaraðgangi heima hjá sér. Einnig þekkist að kaupa efni til eignar, sérstaklega eldri árganga tímarita og nú stendur yfir mikil breyting á rafbókum, sem söfnin ýmist kaupa til eignar eða gerast áskrifendur að. Stærsta slíka verkefnið hér á landi er rekið af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni í samvinnu við bókasöfn og stofnanir í landinu. Á vefsíðunni hvar.is geta allir landsmenn nálgast fleiri þúsund erlend tímarit og fjölda gagnagrunna sem bókasöfn landsins greiða fyrir með tilstyrk frá menntamálaráðuneytinu.

Sérstakt verkefni þjóðbókasafna hefur síðan verið að safna stafrænu efninu til langtímavarðveislu hvert í sínu landi, en einnig að stafvæða eða vinna stafrænar endurgerðir af eldra útgefnu efni s.s. pappírsefni, hljóðritum, kvikmyndum, handritum, myndum og annars efnis sem þjóðbókasöfnin taka til sín skv. lögum um skylduskil í því augnamiði að tryggja varanlega varðveislu menningararfsins.

Nokkur umfjöllun hefur verið undanfarið um sérstakt átak við stafræna endurgerð allra íslenskra bóka. Í Silfri Egils 30. jan. sl. var viðtal við Brewster Kahle stofnanda Internet Archive sem þróað hefur tækni til að safna vefsíðum og öðru stafrænu efni. Viðtal birtist við Birgittu Jónsdóttur alþingiskonu í Sunnudagsmogganum einnig 30. jan. og Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda skrifaði grein í Fréttablaðið 7. febr. Ég vil leggja orð í belg og útskýra þátt Landsbókasafnsins í málinu.

Hugmyndin að setja í stafrænan búning allt útgefið íslenskt efni er ekki ný af nálinni enda er verkefnið mjög viðráðanlegt fáist til þess fjármunir. Safnið setti sér stefnu um stafræna endurgerð árið 2006 en flest af því sem þar kemur fram hafði áður gerjast í safninu og meðal fagfólks. Fyrsta stafræna verkefnið innan safnsins var kortavefurinn eða islandskort.is sem var opnaður 1996. Þar er aðgangur að 220 Íslandskortum sem öll voru gefin út fyrir aldamótin 1900. Næsta verkefni var Sagnanetið sem var opnað 2001, en er nú verið að færa inn í nýjan vef, handrit.is. Þar var stafræn endurgerð Íslendingasagna og fræðileg umfjöllun um þær. Þriðja verkefnið var timarit.is sem var opnað 2002 og er nú meðal vinsælustu vefja landsins. Þar eru öll íslensk blöð og tímarit gefin út fyrir 1920 auk efnis frá 20. öld en þar hefur safnið gert samninga við rétthafa og þeir hafa í flestum tilvikum greitt fyrir vinnslu efnisins. Nýjasta verkefnið er bækur.is og segja má að nýtt stafrænt Landsbókasafn sé að verða til. Helsti kosturinn er að það er ávallt opið og fólk getur nálgast það í gegnum nettengda tölvu hvar sem það er statt.

> Á vefinn bækur.is er ætlunin að setja allar íslenskar bækur í stafrænni gerð.

Á vefinn bækur.is er ætlunin að setja allar íslenskar bækur í stafrænni gerð. Skannað hefur verið inn efni sem ekki er í höfundarétti en meginhluti þess tengist öðrum verkefnum sem unnið er að í safninu s.s. 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Ekki hefur verið unnið með skipulegum hætti, með því að byrja á elstu bókinni og svo áfram. Til þess hefur safnið skort mannskap og fjármuni.

Því er áhugavert fyrir Landsbókasafn að skoða vel og vandlega hugmyndir Brewster Kahle og Internet Archive um að setja allar íslenskar bækur í stafrænt form. Safnið hefur áður átt samstarf við Internet Archive, sérstaklega á sviði vefsöfnunar en starfsmenn safnsins hafa átt þátt í að þróa þá tækni sem notuð er til að safna vefsíðum. Afraksturinn er vefsafn.is en Landsbókasafn hóf söfnun á vefsíðum íslenska þjóðarlénsins .is árið 2004. Í Internet Archive má hinsvegar finna íslenskar vefsíður allt aftur til 1997.

Eftir því sem mér sýnist gengur hugmyndin út á að skanna allar íslenskar, útgefnar bækur frá upphafi og til ársins 2000. Það efni sem ekki er í höfundarrétti verður opið öllum en það sem er í rétti verður lánað út. Ný tækni gerir bókasöfnum nú kleift að lána út stafrænt efni. Notandinn hleður bókinni inn í lestölvu eða aðrar tölvur. Ekki er hægt að afrita skjalið og það eyðist þegar lánstíma lýkur. Einnig er hægt að stjórna því hvort einn eða fleiri geta verið með sama ritið í láni á sama tíma. Efnið verður einnig aðgengilegt innan veggja Þjóðarbókhlöðunnar.

Þetta yrði mikil framför en hins vegar eru margar lagalegar og tæknilegar spurningar sem þarf að svara fyrst. T.d. fá rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar og aðrir rétthafar árlega greitt fyrir útlán bóka sinna á bókasöfnum úr Bókasafnssjóði höfunda. Skoða þarf sérstaklega hvernig fara skuli með rafræn útlán og hvort þau séu frábrugðin hefðbundnum útlánum.

Nú hafa þessar hugmyndir verið settar fram og í mínum huga er næsta skref að helstu hagsmunaaðilar, höfundar, útgefendur og safnið ræði saman og vinni að hagkvæmum lausnum til að gera þetta að veruleika.

**AF NETINU**

### Kvartað yfir nýkjörinni stjórn

Í gær sendu ráðherrar mennta, menningar, og fjármála þau Katrín Jakobsdóttir og Steingrímur Sigfússon frá sér alvarlegar athugasemdir við yfirlýsingar stjórnar Ríkisútvarpsins í inngangi að nýútkominni ársskýrslu félagsins. Ráðherrarnir telja að mikið vanti upp á að stjórnin „fari rétt með staðreyndir mála“ og á grundvelli „villandi framsetningar talna“ dragi hún furðulegar ályktanir. [...] Það eru aðeins liðnar tvær vikur frá því að þingflokkar Vinstri grænna og Samfylkingar endurkusu þessa stjórn fyrir RÚV. Og yfir hverju eru þá ráðherrar eiginlega að kvarta? Er það ekki þetta sem þeir vilja?

Smugan.is

**María Kristjánsdóttir**



**Fyrirsæta** kynnir svala hönnun frá Malene Birger á tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem lauk nú á sunnudag. Tískuvikan er viðburður sem fjöldi hönnuða, meðal annars frá Íslandi, fjölmiðla og sýningargesta sækja ár hvert, en þar gefur að líta allt það nýjasta í tísku.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



**TVEIR FLOTTIR !**



teg. 11478 - mjúkur og flottur í DE skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

teg. 8115 - létt fylltur og mjög fallegur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 3366**
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Eirberg



**Rafknúnir hægindastólar**
sem auðvelda þér að setjast og standa upp

*Fjölbreytt úrval*

Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is



**Verðhrun**

Allur fatnaður og skór * á

**60-80% afslætti**

* Ath skór frá Nero Giardini eru ekki á útsölu!

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


**Sruli Recht sýndi nýja herralínu á tískuvikunni í París sem sló í gegn.**



# Seldi Lagerfeld jakka

Hönnuðurinn Sruli Recht vakti talsverða athygli á tískusýningunni í París fyrir skömmu. Þar sýndi Sruli nýja herralínu, When Gravity Fails, sem erlendir fjölmiðlar keppast nú við að ausa lofi.

Í vefmiðlinum JC Report segir til að mynda að herralína Sruli bæði „gangi fram af og veki aðdáun, [...] það sé eitthvað fallega frumstætt við þennan víkingalega klæðnað sem Sruli hefur galdrað fram“. Greinarhöfundur nefnir í því samhengi frumlegt efnisval sem liggi til grundvallar hönnunni og vísar í jakkann Icarus – Post Crash þar sem íslenskir veiðimenn leggja til efniviðinn, það er svartfuglshami.

Dálkahöfundur We Are the Market bætir um betur með því að segja: „Það er vægt til orða tekið að halda því fram að When Gravity Fails og


;FRAMHALD | 3


MYND/MARINÓ THORLACIUS


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR**

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**20-70%**
**AFSLÁTTUR**
Af völdum vörum




10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



VALHÖLL

| Stærð | Verð á dýnu aðeins |
|---|---|
| 80 cm | 29.900,- |
| 90 cm | 29.900,- |
| 120 cm | 39.900,- |
| 153 cm | 49.900,- |

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Óhætt er að segja** að öllu hafi verið tjaldað til á tískuvikunni í Kólumbíu. Fjöldi tískuhönnuða frá Srí Lanka, Indlandi og Bangladess tók þátt í tískuvikunni, sem er í raun þriggja daga viðburður, en markmiðið er að koma innlendum hönnuðum á framfæri.


Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði





Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Lyfja, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., HNLFÍ,

FERMING Í FLASH
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**

**sími 896 4661**

225m2 parhús við barnvæna götu í Kórahverfi í Kóp. Húsið leigist m. húsgögnum & er laust frá apr-jan.Sendið uppl. á parhus203@gmail.com

Góð 4 herb. íbúð í Innri Njarðvík. V. 85 þ. á mán. Laus strax. Dýr leyfð. S. 847 7113 eða 772 7113.

Til liegu 260fm húsnæði í Njarðvík. Hentar vel sem gistiheimili. 6 herb., matsalur + eldhús og möguleiki á stækkun. Uppl. í s. 772 7113 eða 847 7113.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 - 4 herb. íb. í kóp. helst á vatnsenda eða í nágrenni, erum par með 2 lítil börn, róleg og reglusöm. Dagbjört S: 7721742

Áreiðanlegt par óskar eftir 2-3 herb. leiguíbúð í miðb. amk 65 fm. e-mail ingirafnster@gmail.com

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir 10-12 manns. 3000 kr nóttinn á mann. Laus næstu helgar og um páska, einnig bókanir byrjaðar f. sumarið. www.sumarhus.edicypages.com. Uppl. 898 1598



**Til sölu 58 fm sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi**
100 fm sólpallur og 5500 fm eignarlóð. Bein sala eða skipti á bíl, húsbíl eða hjólhýsi. Verð 14,9 Sjá myndir á miklaborg.is Þrastahólar Uppl. í s: 898 1598.

## Fasteignir

BORGIR FASTEIGNASALA

**Einbýli Leiga**

Einbýlishús eða stórt raðhús óskast til leigu miðsvæðis í Reykjavík. Leigutími 1 til 2 ár. Æskilegt er að í húsinu sé aukaíbúð. Leigufjárhæð kr 250.000 til 350.000 þúsund á mánuði. Hægt er að greiða ca. 6 mánuði fyrirframm. Upplýsingar veitir Borgir fasteignasala .

**Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**17. Júnítorg 1, íbúð 0602**
**Opið hús í dag á milli 17 og 18**




Glæsileg 85,4 fm. íbúð á 6. og efstu hæð að 17. Júnítorgi 1 í Garðabæ, húsi ætlað fólki 50 ára og eldri. Íbúðin er 2ja herb. með suðvestursvölum. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin er öll mjög björt og rúmgóð. **Hilmar sýnir íbúðina í dag, miðvikudag, á milli 17 og 18. Uppl. í síma 896-8750.**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu björt og rúmgóð vinnustofa í Höfðahverfi. Hentar fyrir margs konar starfsemi. sími 861-8011

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Afgreiðslustarf**
**Starfsmaður óskast sem fyrst í verslun okkar Smiðjuvegi 5. Kópavogi.**
**Viðkomandi þarf að hafa reynslu af verslunarstörfum, hafa góða þjónustulund og getað unnið sjálfstætt. Aðeins fólk með reynslu í verslunarstörfum og góð meðmæli koma til greina.**
**Umsóknir sendist á litirogfondur@simnet.is**

Okkur vantar fólk í úthringistarf á kvöldin, góð laun í boði. Uppl gefur Baldvin í síma 822 9899 eða baldvin@tmi.is

Vantar duglegt fólk til að byggja upp góða atvinnu með góðum launum. Uppl. i s. 773 2100.

Saffran Glæsibæ er að leita eftir starfsmanni í þjónustustarf, um er að ræða dagvinnu. Vaktir eru frá 10.30 til 15.30 möguleiki er á meiri vinnu um kvöld og helgar. Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



KRIYA YOGA HUGLEIÐSLU NÁMSKEIÐ/ INNVÍGSLA, 11-13 FEB. www.kriyayoga.is, s. 691 8565/897 9937

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Heiðarleg kona um fimmtugt, myndarleg, leitar að góðum manni. Engin skyndikynni. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8289.

Kona með fallega rödd vill kynnast karlmanni, 55+, með góð kynni í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8549.


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft...**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM**

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

**Meiri Vísir.** visir.is

# Byggjum upp traust

Siðferði



Stefán Einar Stefánsson
viðskiptasiðfræðingur

Sérstakt andrúmsloft hefur búið um sig meðal íslensku þjóðarinnar. Hún finnur sig svikna eftir að fjárglæframenn reistu sér og þjóðinni slíkan hurðarás um öxl, að á tímabili mátti vart á milli sjá hvort þjóðarskútan sykki eða næði landi að nýju. Eftir slíka ágjöf er ekki undarlegt að mikil reiði búi um sig og hún hefur tekið á sig ýmsar myndir. Flestar þeirra eðlilegar og heilbrigðar en aðrar sýnu verri.

Þjóðfélagsumræðan hefur mótast mjög af hruninu og aukin harka hefur færst í leikinn. Það er eðlilegt þegar tekist er á um mikilsverð mál og erfið. Þó verður að viðurkennast að sumt af því sem nú ber fyrir augu og eyru á opinberum vettvangi, virðist fremur eiga rætur sínar að rekja til firringartíma útrásarvíkinganna en þeirrar réttmætu kröfu að réttlætið nái fram að ganga. Virðast margir tilbúnir til þess að beita fremur ógeðfelldum aðferðum til að sverta mannorð annarra einstaklinga og þá oft á hæpnum forsendum eða hreinlega fölskum.

### Samstaða er ekki þöggun

Það hefur löngum verið metið til mannkosta þegar fólk getur lagt sig fram um að sjá hið jákvæða í fari náungans, fremur en það sem upp á vantar. Því miður virðist mörgum mest í mun að gera mikið úr göllum samferðafólksins, fremur en kostum þess og því sem það er umkomið að leggja til málanna. Fámenn þjóð má ekki lengi við slíkum hugsunarhætti. Við verðum að geta kallað það besta fram í hverjum og einum og gera öllum kleift að njóta hæfileika sinna og starfskrafta. Í því ljósi er mikilvægt að við leggjum okkur öll fram um að standa fyrir uppbyggilegri umræðu, þar sem enginn afsláttur er gefinn á gagnrýnni hugsun, þeirri kröfu að lögum sé fylgt, en leitast er við að sýna sanngirni og virðingu fyrir náunganum.

> Því miður virðist mörgum mest í mun að gera mikið úr göllum samferðafólksins, fremur en kostum þess.

Á góðum stað er bent á þá staðreynd að ríki sem er sjálfu sér sundurþykkt fái ekki staðist. Við verðum að huga vel að því nú þegar miklir erfiðleikar hafa sótt okkur heim. Við höfum alla ástæðu til að ætla að íslenska þjóðin muni ná vopnum sínum að nýju, það hefur hún ætíð gert í kjölfar mikilla áfalla. En til þess að það megi verða verðum við að læra að treysta þeim sem traustsins eru verðir og hætta að brjóta niður það góða sem í kringum okkur er.

# Örorka og geðlyf

Heilbrigðismál



Steindór J. Erlingsson
vísindasagnfræðingur

Frá árinu 1990 hefur tíðni örorku vegna geð- og atferlisraskana nánast tvöfaldast hér á landi, án þess að tíðni þessara raskana hafi hækkað að ráði. Þetta kemur fram í grein eftir Sigurð Thorlacius, Sigurjón B. Sigurðsson, Stefán Ólafsson og Kristin Tómasson sem birtist á síðasta ári í Journal of Mental Health. Sem hlutfall af heildarfjölda öryrkja á tímabilinu 1990-2007, þá óx tíðni kvenna með örorku vegna geð- og atferlisraskana úr 14% í 29%, meðan karlar fóru úr 20% í 35%. Höfundarnir velta fyrir sér ýmsum skýringum á þessari aukningu en eftir lestur greinarinnar stendur eftir mikilvæg spurning: Hvað með geðlyfin?

> Af hverju hafa geðlyfin ekki dregið úr aukningu örorku vegna geðraskana?

Eins og mikið hefur verið rætt um á undanförnum árum er ávísun geðlyfja hér á landi með því mesta sem þekkist í heiminum. Þegar þetta er haft í huga vaknar eftirfarandi spurning: Af hverju hafa geðlyfin ekki dregið úr aukningu örorku vegna geðraskana? Árið 2004 veltu Tómas Helgason, Helgi Tómasson og Tómas Zoëga þessari spurningu fyrir sér í grein sem birtist í British Journal of Psychiatry, en þar er fjallað um áhrif þunglyndislyfja á heilsufar Íslendinga. Niðurstaða greinarinnar er að ekkert bendi til að hröð aukning á ávísun þunglyndislyfja hafi minnkað þann mikla vanda sem þunglyndi veldur. Greinarhöfundar benda enn fremur á að ekki muni draga úr þessum vanda fyrr en með tilkomu betri meðferða.

Þegar þessi niðurstaða er höfð í huga er eðlilegt að spyrja hvort langvarandi neysla geðlyfja geti mögulega aukið vanda þeirra sem kljást við geðraskanir. Bandaríski rannsóknarblaðamaðurinn Robert Whitaker svarar þessari spurningu játandi í bókinni Anatomy of an Epidemic sem út kom á síðasta ári. Það er ekki að ástæðulausu því á undanförnum tuttugu árum hefur örorka vegna geðraskana þrefaldast í Bandaríkjunum á sama tíma og ávísun geðlyfja hefur aukist gríðarlega. Bók Whitakers, sem er vel rökstudd, hefur komið af stað hörðum deilum í Bandaríkjunum enda finnst mörgum geðlæknum hann vega að starfsheiðri þeirra. Íslendingum mun gefast færi á að hlýða á Whitaker 19. febrúar næstkomandi. Hann verður aðalfyrirlesari á málþingi sem Hugarafl, félag notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og fagaðila, stendur fyrir milli 14 og 17 í salnum Skriðu í húsnæði Kennaraháskólans. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrúm leyfir.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ARTHUR MILLER,** leikritaskáld og rithöfundur (1915-2005), lést þennan dag.

*„Leikhúsið er svo spennandi vegna þess að það er svo ósjálfrátt. Og líkist lífinu að því leyti.“*

## Merkisatburðir

**1931** Nýja-Delí verður höfuðborg Indlands.

**1943** Orlofslög eru samþykkt á Alþingi. Þau tryggja einn frídag fyrir hvern unninn mánuð.

**1944** Þrjár þýskar flugvélar varpa sprengjum að olíuskipinu El Grillo sem liggur á Seyðisfirði og sökkva því.

**1962** Togarinn Elliði frá Siglufirði sekkur undan Öndverðarnesi. Júpíter bjargar 26 manns af áhöfninni en tveir farast.

**1992** Mike Tyson er ákærður fyrir nauðgun.

**1996** IMB-ofurtölvan Deep Blue sigrar Garrí Kasparov í skák.

**2006** Vetrarólympíuleikarnir 2006 hefjast í Tórínó á Ítalíu.

## AFMÆLI



**JÓHANN BACHMANN ÓLAFSSON** trommari er 35 ára.



**LAURA DERN** leikkona er 43 ára.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. FEBRÚAR 1984

## *Náði stórmeistaraáfanga*

Á þessum degi árið 1984 gerði Jóhann Hjartarson skákmeistari jafntefli við bandaríska stórmeistarann Lev Alburt á skákmóti Búnaðarbankans en Jóhann vann mótið. Þannig tryggði Jóhann sér alþjóðlegan meistaratitil og tryggði sér fyrsta áfanga að stórmeistaratitli. Jóhann var fyrsti Íslendingurinn sem náði slíkum árangri frá því að Guðmundur Sigurjónsson vann Reykjavíkurskákmótið 1970.

Alburt bauð jafnteflið, sem kom flatt upp á Jóhann. „Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið þegar Lev Alburt bauð mér jafntefli. Ég þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um – greip um hönd Alburts og þáði jafnteflið,“ sagði Jóhann í samtali við Morgunblaðið sama kvöld. Hann sagði stríðsguðina hafa verið sér hliðholla í mótinu, hann hefði verið í góðu líkamlegu og andlegu formi og náð að einbeita sér vel. „Ég tefldi, hugsaði um skák og dreymdi skák á meðan á mótinu stóð. Ekkert annað komst að – einbeitingin var alger,“ sagði hann jafnframt. Jóhann bætti því við að góðir skákmenn þyrftu fyrst og fremst að búa yfir innsæi og stöðumati og hafa tilfinningu fyrir besta leiknum.





**VANN VERKEFNIÐ Í SAMFÉLAGSFRÆÐI** Arnór Einar Einarsson ásamt umsjónarkennara sínum, Bryndísi Evu Ásmundsdóttur, við verðlaunaafhendinguna í Háskólanum í Reykjavík.

**ARNÓR EINAR EINARSSON:** HLAUT 1. VERÐLAUN Í HUGMYNDASAMKEPPNI

# Raufarhöfn á síldarárunum

Arnór Einar Einarsson, 14 ára gamall nemandi grunnskóla Raufarhafnar hlaut í byrjun mánaðarins 1. verðlaun í hugmyndasamkeppni sem Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni standa að en keppnin er hluti af verkefninu Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir.

Þrjár hugmyndir sem þóttu gefa fyrirheit um betri, skemmtilegri og lífvænlegri heimabyggð voru verðlaunaðar en tilgangur verkefnisins er meðal annars að mynda brú milli ungs fólks í höfuðborginni og á landsbyggðinni. Arnór Einar leggur til í verðlaunahugmynd sinni að líkan af bryggjunni og höfninni á Raufarhöfn sé útbúið, eins og umhorfs var þar á síldarárunum. 2. verðlaun féllu í skaut nemendum í Auðarskóla fyrir margs konar hugmyndir, meðal annars heilsumiðstöð, og 3. verðlaun hlaut Þorbjörg Anna Sigurðardóttir í Borgarskóla í Grafarvogi, fyrir hugmyndir um skíðahús í hlíðum Úlfarsfells.

„Við fjölskyldan ferðumst mikið og þegar ég var sjö ára fórum við saman til Danmerkur þar sem við skoðuðum meðal annars Lególand þar sem alls kyns byggingar, þorp og borgir eru útbúin úr legókubbum. Ég sá þá strax fyrir mér að skemmtilegt gæti verið að útbúa líkan af Raufarhöfn. Svo þegar ég fór að vinna verkefnið núna fyrir Landsbyggðarvini datt mér þetta strax aftur í hug,“ segir Arnór Einar.

Yfir tvö hundruð ritgerðir voru skrifaðar fyrir keppnina þar sem fram komu tillögur um betri heimabyggð nemenda. Í dómnefnd sátu Þórólfur Þórlindsson prófessor, Þorgrímur Þráinsson rithöfundur, og Svala Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur.

„Við vorum búin að vera að læra um síldarárin, þar sem Raufarhöfn var eitt af stærstu síldarplássunum, og mér fannst vanta einhverja kynningu á þessum tíma. Hér hefur til dæmis ekki verið neitt safn eða slíkt og það væri gaman að færa þennan tíma til okkar,“ segir Arnór Einar en hugmynd hans þótti vel útfærð og skýr, sem skapað gæti störf og aukið ferðamannastraum til Raufarhafnar. Arnór Einar bætir við að honum finnist þessi tími spennandi, líflegur og fjörugur, enda ball um hverja helgi.

„Ég tók viðtal við mann sem vann hér í síldinni og spilaði á harmóníku og mér finnst eins og fólk hafi verið hamingjusamt á þessum tíma og sátt. Jú, ég væri alveg til í að hafa prófað að lifa þennan tíma.“

Arnóri Einari líkar vel að búa á Raufarhöfn, hann er borinn og barnfæddur þar en auk skólans sinnir hann hestamennsku og fótbolta og hefur komið sér á verðlaunapall á hestamótum.

juliam@frettabladid.is



†

*Okkar ástkæra*

**Ingveldur Albertsdóttir Bachmann**

Bólstaðarhlíð 58 Reykjavík,

lést 7. febrúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 16. febrúar kl. 13.

**Rúnar Bachmann** **Guðrún B. Hauksdóttir**
**Petrina Bachmann** **Sigríður Bachmann**
**og fjölskylda**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Kolbrún Friðfinnsdóttir**

Hlíðarbyggð 5, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 4. febrúar.

**Sigurður Ingibergsson**
**Ingibergur Sigurðsson** **Marcela Munoz**
**Friðfinnur Ragnar Sigurðsson** **Margrét Guðvarðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Guðmundur Guðmundsson**

trésmiður
frá Sunnuhvoli, Stokkseyri, nú Merkurheimum í Flóahreppi,

verður jarðsunginn frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 12. febrúar kl. 10.30.

**Hólmfríður Tómasdóttir**
**Tómas Jónsson** **Inger Lise Myklebust**
**Guðríður Jónsdóttir** **Bergþór Kárason**
**Bergþóra Jónsdóttir** **Böðvar B. Magnússon**
**Erna Jónsdóttir** **Andri Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Snorri Árnason**

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði þann 1. febrúar. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þann 11. febrúar kl. 14.00.

**Guðrún Snorradóttir**
**Þuríður Snorradóttir** **Steinar Gunnbjörnsson**
**Erla Hrönn Snorradóttir** **Jóhann Steinsson**
**Árni Ómar Snorrason** **Sigurlaug Ingvarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Þórunn Stefanía Samúelsdóttir**

frá Bíldudal, til heimilis að Arahólum 4, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 11. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Eirar.

**Árni Konráðsson** **Anna Aradóttir**
**Alda Konráðsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Stefán Konráðsson** **Margrét Unnur Kjartansdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


BDF
Beiersdorf
NIVEA
UPPGÖTVAÐU AF HVERJU MILLJÓNIR KVENNA*
HAFA MINNI HRUKKUR TIL AÐ SÝNA ALDUR SINN
NIVEA Q10 ANTI-WRINKLE DAGKREMIÐ
notar leyndarmál Q10 sem finnst náttúrulega í húðinni til að minnka hrukkur sjáanlega. Endurbætt sólarvörn verndar svo húðina gegn myndun nýrra. Njóttu dagsins með færri hrukkum sem sýna aldur þinn.
Q10
NIVEA
VISAGE
Q10
ANTI-WRINKLE
*Heimild: ACNielsen + IRI, selt magn á heimsvísu í stykkjum, 56 lönd, júní 2007 til maí 2010.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Valdimar Þ.K. Þórðarson**
Álfheimum 54, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi 3. febrúar sl. Jarðarför fer fram frá Grafarvogskirkju 14. febrúar kl. 14.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Erla S. Guðmundsdóttir**
**Sigrún E. Valdimarsdóttir Birgir S. Jóhannsson**
**Þórður Valdimarsson**
**Tryggvi Þór Valdimarsson**
**og barnabörn.**



*Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og systir,*

**Elsa Tryggvadóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Tunguseli 11 Rvk, áður Vík í Mýrdal,

kvaddi okkur fimmtudaginn 3. febrúar á Krabbameinsdeild Landspítalans. Elsa verður jarðsungin frá Kópavogskirkju, mánudaginn 14. febrúar og hefst athöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið s. 561 3770.

**Hjalti Jón Pálsson Dagmar Valsdóttir**
**Svavar Páll Pálsson Ása Sigríður Ingadóttir**
**Vignir Þór Pálsson**
**og barnabörn**
**Áslaug, Haraldur, Svava og Sigríður Tryggvabörn.**



*Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir*

**Sigríður Björk Þórisdóttir**
Arnarkletti 30, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 12. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Júlíana Hálfdánardóttir**
**Svanhildur Margrét Ólafsdóttir Jón Þór Þorvaldsson**
**Þórir Valdimar Indriðason María Hrund Guðmundsdóttir**
**Anna Heiðrún Þorvaldsdóttir Samúel Helgason**
**Þorvaldur Ægir Þorvaldsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Helgasonar**
frá Neðri-Tungu
Þórsgötu 1, Patreksfirði.

**Anna Hafliðadóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar*

**Helga Sigríður Þorsteinsdóttir**
frá Bessastöðum,

lést mánudaginn 7. febrúar á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga. Útförin verður auglýst síðar.

**Börn hinnar látnu.**

# Konur, karlar og hysteria

Sigurgeir Guðjónsson, doktorsnemi við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, heldur í hádeginu í dag fyrirlesturinn „Konur, karlar og hysteria á seinni hluta 19. aldar á Íslandi. Hugmyndir og viðhorf.“ Fyrirlesturinn verður haldinn í Öskju, stofu 132, frá klukkan 12 til 13.

Í erindinu verður fjallað um fyrirbærið og sjúkdómsgreininguna „hysteriu“ og greint frá hugmyndum lækna um það á seinni hluta 19. aldar, bæði hérlendis og erlendis. Það vekur athygli að í fyrstu voru eingöngu konur greindar með hysteriu en síðar hófu læknar einnig að greina karla með sjúkdóminn. Í erindinu verður skoðað hvaða hugmyndir lágu til grundvallar slíkum greiningum og hvernig og af hverju þær hugmyndir breyttust um og upp úr aldamótunum 1900. Upplýsingar úr manntölum og ársskýrslum lækna verða kynntar ásamt samtímahugmyndum í nágrannalöndunum.

Fyrirlesturinn er öllum opinn.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Háskólafyrirlestur um hysteriu verður haldinn í Öskju í hádeginu í dag.

# Ljóð á íslensku, pólsku og ensku

Bók með ljóðum pólsku skáldkonunnar Jolöntu Baziak er komin út í Póllandi og á Íslandi. Hún heitir á íslensku Eyja, Andrá og er á þremur tungumálum; pólsku, ensku og íslensku. Á hverri opnu er ljósmynd, tekin á Íslandi af dóttur skáldkonunnar, Kingu Jankowsku.

Efnt var til dagskrár í forsal Salarins í Kópavogi nýlega til að fagna útgáfunni því Jolanta Baziak er stödd hér á landi í þriðja sinn. Hún lýsir ljóðum sínum sem glerlistaverki sem sameinar óvenjuleg jarðfræðiform Íslands, liti íslenska sumarsins og hrifingu hennar af landinu. „Ég upplifði Ísland strax sem mjög óvenjulegt og framandi land. Ég byrjaði að skrifa stutta ljóðræna texta í fyrstu heimsókn minni sem síðar urðu að þessum ljóðaflokki,“ segir Baziak, sem notar þjóðsönginn Ó, Guð vors lands sem eins konar inngang.

Baziak segir bókina vinsæla í Póllandi og vonar að hún falli einnig í kramið hér á landi enda sjái Íslendingar landið sitt hugsanlega frá nýjum sjónarhóli í henni.

Ensku þýðinguna annaðist Malgorzata Chrzan, doktor í amerískum bókmenntum, og Hrafn Andrés Harðarson skáld þýddi ljóðin úr ensku á íslensku. **- gun**



**FRÁ KYNNINGUNNI Í SALNUM** Skáldkonan Jolanta Baziak, Malgorzata Chrzan og Hrafn Andrés Harðarson, bæjarbókavörður í Kópavogi. MYND/ÚR EINKASAFNI



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Kathinka Klausen**
Stóragerði 10, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 7. febrúar s.l. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

**Arnfinnur U. Jónsson**
**Herdís Jónsdóttir Jón Hallgrímsson**
**Jón Ragnar Jónsson Birna Þorvaldsdóttir**
**Ingólfur Þ. Jónsson Dagný Guðmundsdóttir**
**Friðrik J. Klausen Gréta Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Albert J. Kristjánsson**
Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,

lést á Skt. Jósefsspítala í Hafnarfirði fimmtudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. febrúar kl. 15.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín*

**Aaltje Bakker (Atie)**

andaðist hinn 30. janúar síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðfinnur Jakobsson.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, afi og langafi okkar*

**Eysteinn Óskar Einarsson**
bókbindari, Furugrund 70,

sem lést þriðjudaginn 1. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 11. febrúar kl. 15.00.

**Sigríður Sörensdóttir**
**Úlfar Eysteinsson**
**Björn Eysteinsson**
**Bryndís Eysteinsdóttir**
**Hildur Eysteinsdóttir**
**Ólöf Edda Eysteinsdóttir**
**Hulda Mary Breiðfjörð**
**Heiðar Pétur Breiðfjörð**
**Pálmar Breiðfjörð**
**og fjölskyldur**



*Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,*

**Guðrún Johnson**
Morristown, New Jersey,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni i Reykjavík föstudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Thor Ólafur Johnson Nikki Johnson**
**Pétur P. Johnson Sigurborg Sigurbjarnadóttir**
**Christian, Tor og Margrét Halla.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

B&L

INGVAR HELGASON

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** spjall, **6.** kúgun, **8.** skordýr, **9.** rangl, **11.** belti, **12.** skessa, **14.** iðja, **16.** nudd, **17.** yfirgaf, **18.** hrópa, **20.** í röð, **21.** ferðast.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** frá, **4.** burnirót, **5.** bæli, **7.** kálsoð, **10.** ílát, **13.** útdeildi, **15.** fyrstur, **16.** nálægt, **19.** strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** ok, **8.** fló, **9.** ráf, **11.** öl, **12.** flagð, **14.** starf, **16.** nú, **17.** fór, **18.** æpa, **20.** tu, **21.** rata.
**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** af, **4.** blóðrót, **5.** ból, **7.** kálsúpa, **10.** fat, **13.** gaf, **15.** frum, **16.** nær, **19.** at.




**Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 21. febrúar**

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

# GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.**

1. **Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. **Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3. **Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4. **Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5. **Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ


# 67 ára og í harðri neyslu

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**

Á Íslandi er kreppa, þar er allt skelfilegt og ömurlegt og enginn hefur ráð á neinu. Eða hvað?

**HEFÐI** ég átt að giska hver væri raunveruleg neysla íslenskrar fjölskyldu hefði ég veðjað á að talan væri lág. Vissulega er matarverð grín og nauðsynjar orðnar skuggalega dýrar en hver eyðir miklu í veitingar, tómstundir og sumarleyfisferðir á tímum sem þessum? Nei, nú eru tímar aðhalds!



**EÐA** ekki. Í nýjum og athyglisverðum neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins má lesa um þau sem neyta fyrir ágætis upphæðir. Samkvæmt dæmigerðu viðmiði eyðir fjögurra manna fjölskylda í Reykjavík til dæmis rúmum 600.000 kr. á mánuði. Hvernig það á að geta gengið upp þegar laun hafa ekki fylgt verðlagi eftir kreppu er mér hulin ráðgáta. Hafa svona mörg heimili þetta háar ráðstöfunartekjur eða er brúsinn borgaður með lánum og reddingum?

**TÖLURNAR** í reiknivélinni segja ekki til um hvað fjölskyldan þarf til að lifa af, heldur hvað hún notar í raun. Þetta er miðgildi – helmingur fólks nær ekki upp í töluna en hinn helmingurinn eyðir … meiru. Umrædda fjölskyldan í miðjunni notar 122.000 kr. í bílinn sinn og samgöngur um hver mánaðamót og 86.000 kr. í tómstundir og afþreyingu. Leyfir hinn „dæmigerði neytandi" sér ýmislegt sem ekki gæti talist kreppulegt eða er einfaldlega svona dýrt að lifa á Íslandi? Verst að þá geta bótaþegar – að öllu óbreyttu – alls ekki búið þar.

**SJÁLF** hefði ég ekki vogað mér að spá fyrir um það að jólin 2010 – í miðri kreppu – myndu seljendur auglýsa gjafabréf til útlanda sem hentuga jólagjöf. Eða að aðrir auglýstu „harða pakka" sem kostuðu tugþúsundir. Hvað þá að jólaverslun yrði mikil, bóksala næði nýjum hæðum og bæklingar um rándýrar sólstrandarferðir hryndu inn um lúguna á nýju ári. Einhver markaður er fyrir þetta.

**Á ÍSLANDI** búa 318.000 hræður en þar eru 240.000 bifreiðar. Hver rekur alla þessa bíla og fyrir hvaða fé? Sumir eru í biðröð eftir mat – sumir í biðröð eftir bílastæði við Kringluna, á öðrum bíl heimilisins af tveimur. Á sama tíma verður hnípin þjóð í vanda æ feitari. Örþjóð í kreppu er merkilegt nokk ein feitasta þjóð í Evrópu. Ég sé fyrir mér fyrirsagnirnar: „67 ára gömul þjóð í harðri neyslu óttast að látast af of stórum skammti: Ætlar að láta grafa sig í risastórri myntkörfu. Sjáið myndirnar."

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FEBRÚAR TILBOÐ

## NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM



Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND**

LACIE



### 320GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki flakkari, aðeins 158gr og á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast

**9.990**

FRÁBÆR FLAKKKARI FRÁ LACIE

LACIE

**HVERGI BETRA VERÐ**



### 2TB LACIE FLAKKARI

Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**19.900**

1TB 12.900 • 1.5TB 16.900



MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 9 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA

### HP MINI FARTÖLVA

Ótrúlegt verð á 10" fistölvu frá HP með Intel N455, 1GB minni, 250GB disk og Windows 7

**49.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · msi · packard bell · SONY · TOSHIBA

**SAFNANÓTT Í HÖFUÐBORGINNI** Safnanótt verður haldin á höfuðborgarsvæðinu á föstudagskvöld frá klukkan 19 til 24. Safnanótt er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík. Yfir 30 söfn á höfuðborgarsvæðinu verða með opið hús og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem gestir á öllum aldri fá notið fram til miðnættis. Dagskrá Safnanætur heldur einnig áfram laugardaginn 12. febrúar. Nánari upplýsingar má finna á safnanott.is.

# Dægurflugur á ítölsku

Tríóið Delizie Italiane fagnar útgáfutónleikum síns þriðja geisladisks með tónleikum í Salnum í kvöld klukkan 20.

Tríóið skipa gítarleikararnir Leone Tinganelli og Jón Elvar Hafsteinsson og kontrabassaleikarinn Jón Rafns.

Á tónleikunum munu hljóma íslensk lög með ítölskum texta þar sem ástin og lífið er helsta yrkisefnið. Meðal laga á efnisskránni eru Bláu augun þín, Nína, Braggablús og fleiri.

Sérstakir gestir á tónleikunum verða söngvararnir Ragnar Bjarnason og Gissur Páll Gissurarson ásamt Sigurði Flosasyni á saxófón, Kjartani Valdemarssyni á harmóníku, Einari Vali Scheving á slagverk og söngkonunni Kristínu Ingu Jónsdóttur.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

02.02.11 - 08.02.11




**1** Candida sveppasýking
Guðrún G. Bergmann




**2** Máttur viljans
Guðni Gunnarsson



**3** Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson



**4** Blóðhófnir
Gerður Kristný



**5** Utangarðsbörn - kilja
Kristina Ohlsson



**6** Prjónaklúbburinn - kilja
Kate Jacobs




**7** Halastjarnan - kilja
Tove Jansson



**8** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson




**9** Detox - 14 leiðir til að hreinsa... Helen Foster




**10** Skólaljóð
Ýmsir - Halldór Pétursson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**STRÍÐSBÖRN** Þrjú börn eru í forgrunni heimildarmyndarinnar, þar á meðal stúlka sem var gefin æðstapresti Andspyrnuhers drottins ellefu ára gömul og sætti misnotkun í fimm ár.

# Stríðsbörn í Bíó Paradís

**Heimildarmyndin Stríðsbörn verður sýnd í Bíó Paradís í kvöld, að viðstöddum höfundinum Bryan Single. Myndin fjallar um örlög barna í Úganda sem hneppt hafa verið í ánauð sem stríðshermenn og leið þeirra til bata.**

Stríðsbörn, eða Children of War, eftir kvikmyndagerðarmanninn Bryan Single, fjallar um börn sem hafa verið frelsuð úr ánauð hins svonefnda Andspyrnuhers drottins í Úganda. Herinn er talinn hafa neytt um 35 þúsund börn til fylgis við sig. Sum barnanna hafa verið neydd til að myrða foreldra sína eða drepa önnur börn og verið misnotuð kynferðislega.

Í myndinni er fylgst með því hvernig starfsmenn á Rachele-endurhæfingarmiðstöðinni í Norður-Úganda hjálpa börnunum að horfast í augu við fortíð sína. Single komst á snoðir um heimilið árið 2006 og sá fljótt að þar var efniviður í heimildarmynd.

„Ég vildi ekki gera enn eina myndina um stríðshörmungar í Afríku,“ segir hann. „Það sem vakti fyrst og fremst áhuga minn var bataferli þessara krakka. Endurhæfingin gengur mikið út á skapandi tjáningu, til dæmis dans, teikningu, söng, rökræður og hlutverkaleiki. Að segja sannleikann er líka lykilatriði og að fá börnin til að segja sögu sína, læra af því og setja í samhengi.“

Single segir að langflestir fyrrverandi barnahermenn sem eru of ungir til að standa á eigin fótum eigi í einhver hús að venda. Það sé þeim þó ekki alltaf auðvelt að snúa aftur á heimaslóðir, þar sem þeir hafi jafnvel verið neyddir til að drýgja misindisverk.

„Ráðgjafarnir reyna að búa þau undir það sem bíður þeirra heima; það er lykilatriði að draga ekki upp einhverja upphafna mynd af því. Þeir gera sér grein fyrir hvaða þrautir bíða þeirra, meðal annars félagslegi smánarbletturinn sem fylgir fyrrverandi barnahermönnum. Sum börnin eru hrædd við að fara heim því þau eru hrædd við móttökurnar og sum eru sakbitin yfir því sem þau hafa gert.“

Single segir of snemmt að segja til um hvernig börnunum eigi eftir að reiða af til lengri tíma. Kannanir sýni að mörgum fyrrverandi barnahermönnum takist að koma ár sinni vel fyrir borð og aðlagist samfélaginu vel.

„Sárin sem 22 ára ófriður veldur í samfélaginu rista djúpt. Það eru aðeins fimm ára síðan íbúar í Norður-Úganda hættu að búa við stöðugan ótta. Fyrstu viðbrögðin eru að sameinast, fyrirgefa og reyna að komast sem lengst frá stríðinu. Það er hins vegar spurning hversu varanlegt það ástand er. Ég held að afdrif fyrrverandi barnahermanna velti fyrst og fremst á stuðningskerfinu. Fái þeir ást, umhyggju og síðast en ekki síst menntun eru ágætar líkur á að þessi börn eigi eftir að verða dásamlegar og heilbrigðar manneskjur þegar þau vaxa úr grasi. Við sjáum hvað setur.“

Stríðsbörn er sýnd í Bíófundaröð sem Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna ásamt UNICEF og Félagi Sameinuðu þjóðanna standa fyrir. Að lokinni sýningu segja Bryan Single og Flóki Guðmundsson, fjáröflunarfulltrúi Barnahjálpar SÞ á Íslandi, frá reynslu sinni frá stríðshrjáðum svæðum í norðurhluta Úganda. Sýningin hefst klukkan 20.

bergsteinn@frettabladid.is

Sjálfstæðir leikhópar í Borgarleikhúsinu

Borgarleikhúsið hýsir á hverju ári a.m.k. tvö verkefni sjálfstæðra leikhópa. Verkefnin eru valin í samvinnu við borgaryfirvöld og stjórn Sjálfstæðu leikhúsanna (SL)

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur "tryggja hið minnsta tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað L.R. vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu."

Samkvæmt ofangreindu er hér með auglýst eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2011/2012.

Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem greint er skilmerkilega frá því, aðstandendum þess, framkvæmdaaðilum, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum ásamt vandaðri fjárhagsáætlun. Umsóknir berist leikhússtjóra Borgarleikhússins, Listabraut 3, 103 Reykjavík eigi síðar en kl 16:00 mánudaginn 28. febrúar 2011.
Einnig er hægt að senda inn umsókn með tölvupósti, merktum "Samstarf" á borgarleikhus@borgarleikhus.is

SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
TJARNARBÍÓ
ÖRFÁ SÆTI LAUS!!! Súldarsker ★★★★ (Fréttablaðið) 10 Síðasta sýning!
Fatamarkaður FC Ógn í anddyri 12 FRÁ KL. 12:00
KK TÓNLEIKAR 12
Út í kött! SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR 13
NÆSTA VIKA:
Svikarinn FRUMSÝNING 19
Sirkus Sóley SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR 20
NÝTT LEIKHÚSBAKKAR FYRIR SÝNINGAR!
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR


ADAM SANDLER JENNIFER ANISTON
Just Go With It
FRUMSÝND 11. FEBRÚAR
Stundum þarftu stelpu,
til að ná stelpunni.
SMS LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
sena
SENDU SMS ESL JGV Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir og fleira!
9. HVER VINNUR!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.


MOTÖRHEAD


PJ HARVEY

## > Í SPILARANUM

Motörhead - The World Is Yours
Cut Copy - Zonoscope
Bragi Valdimar - Ballið á Bessastöðum
Destroyer - Kaputt
PJ Harvey - Let England Shake

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ensími ferðast um landið

Rokksveitin Ensími er lögð af stað í sína fyrstu tónleikaferð um landið í um tíu ár. Tilefnið er útgáfa plötunnar Gæludýr sem kom út fyrir síðustu jól við góðar undirtektir. Fyrstu tónleikarnir voru á Höfn í gær en þeir næstu verða á Selfossi 18. febrúar.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir á Nasa 26. febrúar þar sem hún verður spiluð í heild sinni ásamt vel völdum slögurum frá ferli sveitarinnar. Gestahljómsveitir koma einnig við sögu á tónleikunum og verður tilkynnt um þær þegar nær dregur.

Ensími hefur á ferli sínum gefið út plöturnar Kafbátamúsík, BMX, Ensími og nú síðast Gæludýr sem var sú fyrsta í átta ár. Lög sveitarinnar hafa hljómað á öldum ljósvakans og nú síðast fór fyrsta lagið af Gæludýrum, Í aldanna ró, á topp vinsældalista Xins-977 og inn á topp 10 hjá Rás 2.

### TÓNLEIKAFERÐ UM LANDIÐ

**9. feb.** Höfn *skólatónleikar*
**18. feb.** Selfoss *Hvíta húsið*
**19. feb.** Egilsstaðir *Sláturhúsið*
**24. feb.** Reykjanesbær *Paddy´s*
**25. feb.** Akranes *Gamla kaupfélagið*
**26. feb.** Reykjavík *Nasa*
**25. mars** Akureyri *Græni hatturinn*
**26. mars** Húsavík *Gamli baukur*
**16. apríl** Reykjavík *Sódóma*




## > Plata vikunnar

Rúnar Þórisson - Fall

★★★

„Gítarleikarinn úr Grafík með vandaða og útpælda sólóplötu.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Næsta stopp, Bangkok*




**TAÍLENSK TÓNLIST** Hvernig væri að skella smá Luk Thung í spilarann? Margt skemmtilegt kemur í ljós þegar kafað er í taílenska plötukassa.

Taílensk matargerð er rómuð um allan heim en hingað til hefur farið frekar lítið fyrir taílenskri tónlist. Tvær nýlegar útgáfur gera heiðarlega tilraun til þess að breyta því. The Sounds of Siam er gefin út af Soundway-útgáfunni. Undirtitillinn er Leftfield Luk Thung, Jazz & Molam from Thailand 1964-1975. Soundway hefur gefið út fjölmargar frábærar safnplötur með afrískri og suður-amerískri tónlist, aðallega frá Nígeríu, Gana, Panama og Kólumbíu. Nú er komið að Taílandi. Tónlistin á Sounds of Siam er heillandi bræðingur af taílenskri tónlist, vestrænni, afrískri og suður-amerískri. Stundum grúvar hún eins og funheitt funk, en svo er söngurinn með þessari sérstöku taílensku raddbeitingu. Stórskemmtilegt.




Hin platan heitir Thai Dai, The Heavier Side of the Luk Thung Underground. Hún er gefin út af Finders Keepers fyrirtækinu sem státar af mjög tilkomumiklum útgáfulista og er m.a. duglegt við að grafa upp sýrurokk héðan og þaðan, hvort sem við tölum um Ísland eða Persíu. Tónlistin á Thai Dai er rokkaðri og hrárri en á Sounds of Siam. Flest lögin eru frumsamin, en platan byrjar samt á útgáfu Santi Soreng á Black Sabbath-smellinum Iron Man. Nafnið á laginu með taílenskum texta er Kuen Kuen Lueng Lueng. Bjagaðir gítarar, sýra, sörf og gleði.

Bestun Birtingahús

Hot Yoga
Spinning
Freestyle Step

World Class ICELAND


NORDICPHOTOS/GETTY

**VAXANDI VINSÆLDIR** James Blake nýtur vaxandi vinsælda þessa dagana, en fyrsta breiðskífa hans kom út í vikunni.

# James Blake er krónprins hljóðlátu byltingarinnar

**James Blake virðist ætla að verða eitt af stóru nöfnum ársins 2011. Hann gaf út fyrstu breiðskífuna í vikunni og jákvæðir dómar hrúgast inn.**

Fyrsta breiðskífa hins 21 árs gamla James Blake kom út í vikunni. Blake hefur vakið mikla athygli undanfarið, sérstaklega fyrir tilstilli lagsins Limit to Your Love, sem er eftir kanadísku söngkonuna Feist. Lagið hefur notið talsverðra vinsælda á öldum ljósvakans, þrátt fyrir að vera langt frá því að vera hefðbundið vinsældapopp.

James Blake hóf ungur að spila á píanó og lauk námi í Goldsmiths-listaháskólanum í fyrra. Þar stúderaði hann popptónlist ásamt því að semja lög í herberginu sínu. hann sendi frá sér ýmsar litlar útgáfur, en sló svo í gegn þegar Limit to Your Love kom út á smáskífu í nóvember í fyrra og náði 39. sæti á breska vinsældalistanum ásamt því að komast á vinsældalista víða um Evrópu.

Blake var í öðru sæti á lista breska ríkisútvarpsins BBC yfir heitustu nýju listamenn ársins 2011. Þess má geta að Árni Hjörvar Árnason og félagar í hljómsveitinni The Vaccines voru í þriðja sæti á sama lista. Þessi athygli varð til þess að mikil spenna var fyrir fyrstu breiðskífu hans, sem hann nefndi í höfuðið á sjálfum sér.

Fyrsta breiðskífa James Blake er mínimalískt verk, blanda af poppi og dubstep og afar vel heppnað sem slíkt. Hann virðist vera undir áhrifum söngkonunnar Imogen Heap og hljómsveitarinnar The XX og notar aukahljóð af mikilli fagmennsku. Í viðtali við skoska tímaritið Clash segir hann fyrstu plötu The XX, sem kom út árið 2009, hafi hjálpað til við að koma honum á framfæri. „Tónlistin mín mun ekki koma aðdáendum The XX á óvart,“ sagði hann.

Platan fellur í kramið á gagnrýnendum, en hún fær meðal annars níu af tíu mögulegum á vefmiðlinum Pitchfork og fjóra af fimm hjá dagblöðunum The Guardian og The Telegraph. Þá er honum spáð miklum frama af tímaritinu Clash, sem segir hann vera krónprins hljóðlátu byltingarinnar.

atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 3. febrúar - 9. febrúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Adele | Rolling in ihe Deep |
| ▼ | 2 | Dikta | Goodbye |
| ▲ | 3 | Valdimar Guðmundsson & Memf.. | Okkar eigin Osló |
| ▲ | 4 | Ellen Kristjánsdóttir | The Beach |
| ▲ | 5 | Bruno Mars | Grenade |
| ▲ | 6 | Plan B | Love Goes Down |
| ▲ | 7 | P!nk | F**kin' Perfect |
| ▼ | 8 | Hurts | Stay |
| ▼ | 9 | Jón Jónsson | When You're Around |
| ▼ | 10 | Arcade Fire | Modern Man |

## TÓNLISTINN
Vikuna 3. febrúar - 9. febrúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Apparat Organ Quartet | Pólýfónía |
| * | 2 | Ellen Kristjánsdóttir | Let Me Be There |
| ▲ | 3 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ▼ | 4 | Björgvin Halldórsson | Duet II |
| ▲ | 5 | Hjálmar | Keflavík Kingston |
| ▼ | 6 | Páll Rósinkranz | Ó hvílík elska |
| ▼ | 7 | Friðrik Dór | Allt sem þú átt |
| ▼ | 8 | Justin Bieber | My Worlds |
| ▲ | 9 | Blaz Roca | Velkomin til KópaCabana |
| ▼ | 10 | Dikta | Get It Together |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is




Sjávarkjallarinn / Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / sími 511 1212 / sjavarkjallarinn.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**60.000** eldheitir aðdáendur Justins Bieber hafa tryggt sér miða á sérstakar forsýningar myndarinnar Never Say Never í Bandaríkjunum. Myndin fjallar um söngvarann og fleiri miðar eru ekki í boði að svo stöddu. Aðdáendurnir þurftu að borga rúmlega 3.000 krónur fyrir miðann.

# Spila sjóðheitt reggí

Tónlistarhópurinn Rvk Soundsystem stendur fyrir mánaðarlegum reggíkvöldum í Nýlenduvöruverslun Hemma & Valda annan laugardag hvers mánaðar.

Hópurinn samanstendur af þaulvönum plötusnúðum og tónlistarmönnum, þeim DJ Kára, DJ Elvari, Gnúsa Yones og Charlie D. Tilgangur þessara kvölda er að efla áhuga Íslendinga á reggítónlist og auka fjölbreytnina í íslensku skemmtanalífi. „Við byrjuðum með þetta í sumar og erum að hefja þetta aftur núna. Þetta er búið að ganga furðuvel, betur en maður hefði búist við,“ segir DJ Elvar. „Mætingin hefur verið fín og það eru greinilega fleiri sem hafa gaman af þessari tónlist en maður bjóst við.“

Næsta reggíkvöld verður haldið á laugardaginn. Sjóðheitir reggítónar verða spilaðir og hugsanlega fá óútgefin íslensk reggílög líka að hljóma. Aðgangseyrir er enginn.



**CHARLIE D** Charlie D og félagar í Rvk Soundsystem spila reggí annan laugardag hvers mánaðar.



**KOMIÐ TIL AÐ VERA** Snorri Ásmundsson, Ragnar Ísleifur Bragason og Símon Birgisson komu fram á Leikhúsi listamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Leikhús listamanna komið til að vera í menningarlífinu

**Leikhús listamanna var endurvakið í Þjóðleikhúskjallaranum á þriðjudagskvöld. Ármann Reynisson fór á kostum sem kynnir.**

„Þetta heppnaðist mjög vel og fór fram úr okkar björtustu vonum. Það var fullt út úr dyrum og áhorfendur virtust njóta þessa nýja listforms. Þetta er komið til að vera,“ segir listamaðurinn Símon Birgisson.

Árið 2004 var stofnað til Leikhúss listamanna, kvöldskemmtana í Klink og bank. Þessi kvöld voru endurvakin nú á þriðjudagskvöld í Þjóðleikhúskjallaranum. Hugmyndin að baki þessara kvöldskemmtana er í ætt við svokölluð „Soirées“, skemmtanir sem frægar voru í París í eina tíð. „Þetta er ekki hefðbundin leiksýning. Þetta eru afslöppuð kvöld þar sem listamenn koma saman og fremja gjörninga eða flytja atriði,“ segir Símon.

Meðal þeirra sem fram komu voru Ragnar Kjartansson, Snorri Ásmundsson, Ragnar Ísleifur Bragason, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir, áðurnefndur Símon Birgisson og Saga Sigurðardóttir. Kynnir var Ármann Reynisson en hann gegndi því hlutverki einnig árið 2004.

„Ármann fór algerlega á kostum. Ég held að það sé óhætt að segja að hann hafi átt sviðið enda er hann jú einn fremsti gjörningalistamaður þjóðarinnar,“ segir Símon.

hdm@frettabladid.is



Sigríður Dóra Jóhannsdóttir og Helga Björg Gylfadóttir.



Jón Kr. Ólafsson stórsöngvari og Hilmar Örn Agnarsson organisti.



Kynnirinn Ármann Reynisson þótti fara á kostum.



Eva Rún Snorradóttir og Eva Björk Kaaber.

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

World Class ICELAND

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Áttu barn sem talar dönsku?

Norræna félagið stendur fyrir dönskuklúbbi fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára sem vilja viðhalda kunnáttu í danskri tungu.

Kennslan verður í formi leikja, lesturs, spjalls og kynningar á dönskum barnabókum ásamt annarri barnamenningu.

Klúbburinn er ætlaður börnum sem búið hafa í Danmörku eða eiga danska fjölskyldu.

Hvenær?

Laugardögum kl. 11:00 – 12:30 frá 12. febrúar til 9. apríl.

Hvar?

Húsakynni Norræna félagsins, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Hvernig?

Skráning og upplýsingar hjá Norræna félaginu í síma 551-0165.

Norræna félagið Stofnað 1922

www.norden.is

Sími: 551-0165

# 600 milljónir fyrir sigurinn

Sigurvegarinn í bandarísku hæfileikaþáttunum X Factor fær fimm milljónir dollara í sinn hlut, eða tæpar 600 milljónir króna, á fimm ára tímabili. Framleiðandinn Fox heldur því fram að þetta sé hæsta verðlaunafé í gervallri sjónvarpssögunni.

„Þetta er gríðarleg áhætta en einnig mjög ögrandi. Allir sem taka þátt verða réttilega undir miklum þrýstingi. Ég er sannfærður um að ég eigi eftir að finna stjörnu,“ sagði Simon Cowell, maðurinn á bak við þættina, sem hefja göngu sína næsta haust. „Ef sigurvegarinn selur ekki eina einustu plötu heldur hann samt peningunum. Þrýstingurinn er mikill vegna þess að ef röng manneskja vinnur er ég í miklum vanda.“

Cowell, sem yfirgaf American Idol á síðasta ári, leiðir dómnefnd þáttanna. Ekki hefur verið tilkynnt hverjir verða honum til halds og trausts. Orðrómur er uppi um að söngkonan Cheryl Cole verði þar á meðal. Einnig hafa nöfn Nicole Scherzinger úr Pussycat Dolls og fyrrverandi Idol-dómarans Paulu Abdul verið nefnd. „Við höfum talað við hana og hún veit að ég er mikill aðdáandi hennar,“ sagði Cowell um Abdul.

Cowell byrjaði með X Factor í Bretlandi árið 2004 og þar hafa þættirnir notið mikilla vinsælda. Á meðal sigurvegara þar er söngkonan Leona Lewis. Hér á landi sigraði Jógvan Hansen í X Factor-keppninni árið 2007, eftir baráttu við Harasystur í úrslitunum.



**SIMON COWELL** Maðurinn á bak við X Factor er sannfærður um að hann geti fundið stjörnu í Bandaríkjunum.


20% afsláttur
af öllum
dömufatnaði
Fyrir elskuna
Gefðu til að gleðja
Valentínusardagurinn
mánudaginn
14. febrúar
20% afsláttur
af öllu skarti
Gildir út mánudag
Gildir ekki hjá NTC
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**JEFF BRIDGES** Leikur aðalhlutverkið í vestranum True Grit sem Coen-bræður leikstýra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á stalli með þeim bestu

**Jeff Bridges leikur drykkfelldan fógeta í nýjustu mynd Coen-bræðra, True Grit. Hann hefur sex sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlaunanna á löngum og litríkum ferli.**

Jeff Bridges hefur verið tilnefndur til Óskarsins í sjötta sinn, fyrir túlkun sína á hinum drykkfellda fógeta Rooster Cogburn í vestranum True Grit.

True Grit er byggð á samnefndri bók Charles Portis frá árinu 1968 og fjallar um hina fjórtán ára Mattie Ross sem er staðráðin í að koma morðingja föður síns í hendur réttvísinnar. Hún fær fógetann Cogburn til liðs við sig og þau halda af stað í leit að morðingjanum. Önnur mynd byggð á sömu bók sem hét einnig True Grit kom út árið 1969 og var þá John Wayne í hlutverki fógetans. Það er aftur á móti eina tengingin við mynd Coen-bræðra því ekki er um endurgerð að ræða.

True Grit er önnur myndin sem Jeff Bridges leikur í fyrir Coen-bræður. Síðast lék hann fyrir þá hinn lata keiluspilara The Dude í költ-klassíkinni The Big Lebowski árið 1998.

**6** Jeff Bridges og Robert De Niro hafa báðir fengið sex Óskarstilnefningar.

Hinn 61 árs Bridges fæddist inn í mikla leikarafjölskyldu. Móðir hans Dorothy var leikkona og faðir hans, Lloyd Bridges, þekktur kvikmyndaleikari. Eldri bróðir hans Beau er einnig kvikmyndaleikari en ekki eins hátt skrifaður.

Fyrsta stóra hlutverk Jeff Bridges var árið 1971 í kvikmyndinni The Last Picture Show og þar fékk hann sína fyrstu Óskarstilnefningu, aðeins 23 ára. Tveimur árum síðar fékk hann sína aðra tilnefningu, fyrir leik sinn á móti Clint Eastwood í bankaránsmyndinni Thunderbolt and Lightfoot. Fín hlutverk fylgdu í kjölfarið, þar á meðal í fyrstu endurgerð King Kong og í költ-myndinni Tron frá árinu 1982. Skömmu síðar fékk hann þriðju Óskarstilnefninguna, fyrir að leika geimveru í Starman. Verðlaunin eftirsóttu létu þó á sér standa og þrátt góða frammistöðu hvað eftir annað þótti Bridges vanmetinn í Hollywood og náði hann aldrei þeim frægðarstalli sem kollegar á borð við Robert De Niro, Dustin Hoffman og Al Pacino náðu. Ákafur leikstíll þeirra var á skjön við afslappaða nálgun Bridges og kannski var það einmitt ástæðan fyrir því að hann fékk færri bitastæð hlutverk en mörgum þótti hann eiga skilið.

Fjórða Óskarstilnefningin kom árið 2000 fyrir myndina The Contender og á síðasta ári datt sú fimmta í hús þegar hann lék sveitasöngvarann Bad Blake í Crazy Heart. Þá loksins fékk hann gylltu styttuna og önduðu þá margir aðdáendur hans léttar. Fari svo að Bridges vinni Óskarinn aftur í ár fyrir True Grit kemst hann í hóp með Spencer Tracy og Tom Hanks, sem eru einu mennirnir sem hafa fengið verðlaunin tvö ár í röð fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

Bridges kvæntist Susan Geston árið 1977 og á með henni þrjár dætur. Hann er áhugaljósmyndari og er duglegur við að mynda á tökustöðum. Hann er einnig áhugamaður um búddisma og er sagður íhuga í hálftíma á hverjum degi áður en tökur hefjast.

freyr@frettabladid.is

# Klaufaleg lygi og hamingja

Auk vestrans True Grit verða þrjár nýjar myndir frumsýndar í bíó á morgun. Just Go with It er gamanmynd með Adam Sandler og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum. Sandler leikur lýtalækni sem fellur fyrir mun yngri og sérlega glæsilegri konu. Hann fær aðstoðarkonu sína (Aniston) til að þykjast vera fyrrverandi kona hans til að breiða yfir klaufalega lygi. Lygin um eiginkonuna verður að lygi um að hann eigi tvö börn saman og fljótlega fer allt úr böndunum.

Another Year, nýjasta mynd Bretans Mike Leigh, er tilnefnd til Óskarsins fyrir besta frumsamda handritið. Myndin segir frá eldri hjónum sem hefur tekist að varðveita hamingjuna í sambandinu. Þau eru umkringd vinum og fjölskyldumeðlimum sem eru ekki jafn heppnir og þau og eiga erfiðara með að finna hamingjuna. Á einu ári er fylgst með hjónunum ganga í gegnum árstíðarnar fjórar með vinum og vandamönnum. Með aðalhlutverk fara Jim Broadbent, Lesley Manville og Ruth Sheen.

Teiknimyndin Jógi björn fjallar um björninn skemmtilega og hans ævintýri. Samnefndar teiknimyndir hafa notið mikilla vinsælda í sjónvarpinu um árabil og hlýtur yngri kynslóðin því að taka þessari kvikmynd fagnandi.


**JUST GO WITH IT** Jennifer Aniston leikur aðstoðarkonu Adams Sandler í þessari hressu gamanmynd.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| LONDON BOULEVARD | 8 og 10.10 |
| THE FIGHTER | 5.40, 8 og 10.20 |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL | 6 |
| LITTLE FOCKERS | 8 og 10 |
| ALFA OG ÓMEGA - ISL TAL | 6 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SANCTUM-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HEREAFTER | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 10:30 Síðustu sýningar | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| SANCTUM | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 6 - 8 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| SANCTUM-3D | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | 14 |
| KING'S SPEECH | kl. 8 og 10.30 | L |
| TANGLED-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| DILEMMA | kl. 8 - 10.30 | L |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 8 | 14 |
| ROKLAND | kl. 5.30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SANCTUM-3D | kl. 8:20 - 10:40 | 14 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| YOU AGAIN | kl. 5:50 - 8 | L |

WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| BLACK SWAN | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 16 |
| BLACK SWAN LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 16 |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D | KL. 3.40 | L |
| THE DILEMMA | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | KL. 3.30 - 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | KL. 3.30 | L |
| THE TOURIST | KL. 10.30 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | KL. 3.30 - 5.50 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LONDON BOULEVARD | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| THE FIGHTER | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BURLESQUE | KL. 8 - 10.30 | L |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 | 7 |
| BARA HÚSMÓÐIR* | KL. 6 ENSKUR TEXTI | L |
| *SÝND ÁFRAM Í NOKKRA DAGA | | |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | KL. 8 SÍÐASTA SÝNING | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D | KL. 6 | L |
| DEVIL | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| THE GREEN HORNET 3D | KL. 10.10 SÍÐASTA SÝNING | 12 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | KL. 6 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| UPPÁTÆKI (MICMACS)(L) | 18:00, 22:00 |
| GAURAGANGUR (L) | 18:00, 21:20 |
| HVÍTAR LYGAR (L) | 22:00 |
| ÆVINTÝRI ADÉLE BLANC-SEC (L) | 18:00 |
| SÚÐBYRÐINGUR (L) | 20:00 |
| ROÐLAUST OG BEINLAUST (L) | 20:00 |
| UNICEF: STRÍÐSBÖRNIN (Q&A) (L) | 20:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur



# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

**ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**



**ÚTSÖLUVERÐ 179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995
**-22%**

42LD750N

### 42" Full HD 200 Hz LCD
- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200 Hz • 1920 x 1080 punkta upplausn
- 3 x HDMI • LAN • 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA • DivX HD stuðningur



**ÚTSÖLUVERÐ 249.995**
VERÐ ÁÐUR 299.995
**-17%**

50PK750

### 50" LG Plasma Full HD 600Hz TV
- Glæsilegt 50 tommu Full HD • 600 riða INFINIA™ Series Plasma sjónvarp • Tvö HDMI tengi • WiFi • DVXHD afspilun af USB 2.0

LG

PIPAR\TBWA • SÍA • 110316

### Samsung E1360
- Einfaldur og góður sleðasími frá Samsung
- Fæst í svörtu og hvítu



**ÚTSÖLUVERÐ 9.995**
VERÐ ÁÐUR 18.995
**-47%**

GT-E1360TKBXEE

SAMSUNG

**ÚTSÖLUVERÐ 14.995**
VERÐ ÁÐUR 39.995
**-63%**

### Sony Ericsson W595 Active Blue
- Flottur Walkman 3G sleðasími • Góð myndavél



Sony Ericsson

1213-8460

Sony Ericsson



**ÚTSÖLUVERÐ 14.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995
**-70%**

### Sony Ericsson W508
- Flottur Walkman 3G samlokusími • Fæst í hvítu og gráu

1225-5742



4615

### Salora 7" myndarammi
- Flottur 7" myndarammi • USB tengi • MMC/SD kortalesarari • Vekjaraklukka og dagatal

**-25%**
**ÚTSÖLUVERÐ 5.995**
VERÐ ÁÐUR 7.995

SALORA

### Nokia BH-105 handfrjáls búnaður
- Nettur Bluetooth handfrjáls búnaður frá Nokia



**ÚTSÖLUVERÐ 2.995**
VERÐ ÁÐUR 5.995
**-50%**

NOKIA

027BH105

NOKIA



**TILBOÐ 5.995**

0022BB3

### Nokia 1616
- Nokia 1616 er þægilegur og einfaldur sími sem hentar öllum notendum • Þessi sími er með einstaklega góða rafhlöðuendingu
- Léttur og fer vel í hendi • 3,5 mm heyrnartólatengi • FM-útvarp ásamt vasaljósi

### Heyrnatól og vefmyndavél
- Þægileg heyrnartól með hljóðnema og vefmyndavél



media-tech

MT4024

**-43%**
**ÚTSÖLUVERÐ 3.995**
VERÐ ÁÐUR 6.995

# ÚTSALA

**20%** afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma
Mikið úrval af farsímum á allt að **60%** afslætti
**10%** afsláttur af nýjum símum

**Allt að 80% afsláttur**

Hátækni

**Opið:** Virka daga 9.30–18 • laugardaga 11–17 • sunnudaga 11–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is/utsala

# sport

sport@frettabladid.is



**STÓRLEIKUR** kvöldsins í Iceland Express deild karla fer fram í Grindavík þar sem heimamenn taka á móti toppliði Snæfells. Þetta eru tvö efstu lið deildarinnar og því verður einhver hasar í Röstinni í kvöld. Alls verða þrír leikir í körfunni og í handboltanum fara fram fjórir leikir hjá körlunum. Stórleikur kvöldsins þar er viðureign FH og Vals í Krikanum.

## ÚRSLIT

*Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| Íran-Rússland | 1-0 |
| Andorra-Moldavía | 1-2 |
| San Marínó-Liechtenstein | 0-1 |
| Armenía-Georgía | 1-2 |
| Hvíta-Rússland-Kasakstan | 1-1 |
| Grikkland-Kanada | 1-0 |
| Lettland-Bólívía | 2-1 |
| Aserbaídsjan-Ungverjaland | 0-2 |
| Makedónía-Kamerún | 0-1 |
| Lúxembúrg--Slóvakía | 2-1 |
| Malta-Sviss | 0-0 |
| Eistland-Búlgaría | 2-2 |
| Albanía-Slóvenía | 1-2 |
| Belgía-Finnland | 1-1 |
| Ísrael-Serbía | 0-2 |
| Tyrkland-Suður-Kórea | 0-0 |
| Króatía-Tékkland | 4-2 |
| 1-0 Eduardo (8.), 2-0 Nikola Kalinicic (12.), 2-1 Tomas Sivok (20.), 2-2 Tomas Rosicky (45.), 3-2 Nikola Kalinicic (61.), 4-2 Ivo Ilicevic (74.). | |
| Danmörk-England | 1-2 |
| 1-0 Daniel Agger (8.), 1-1 Darren Bent (10.), 1-2 Ashley Young (67.) | |
| Holland-Austurríki | 3-1 |
| 1-0 Wesley Sneijder (28.), 2-0 Ibrahim Afellay (48.), 3-0 Dirk Kuyt, víti (71.), 3-1 Marko Arnautovic, víti (85.) | |
| Pólland-Noregur | 1-0 |
| 1-0 Robert Lewandowski (19.) | |
| Þýskaland-Ítalía | 1-1 |
| 1-0 Miroslav Klose (15.), 1-1 Giuseppe Rossi (81.) | |
| Argentína-Portúgal | 2-1 |
| 1-0 Angel Di Maria (14.), 1-1 Cristiano Ronaldo (20.), 2-1 Lionel Messi, víti (89.). | |
| Frakkland-Brasilía | 1-0 |
| 1-0 Karim Benzema (53.) | |
| Rautt spjald: Hernanes, Brasilía (40.). | |

# Dieter bað mig um að hjálpa sér

**Árangur Eyjólfs Sverrissonar með íslenska 21 árs landsliðið hefur vakið mikla athygli, sérstaklega í Þýskalandi. Eyjólfur er nú í viðræðum við Wolfsburg um að gerast aðstoðarþjálfari Pierre Littbarski.**

**FÓTBOLTI** Það fór framhjá fáum knattspyrnuáhugamönnum í Þýskalandi þegar íslenska 21 árs landsliðið fékk fjögur stig á móti Þjóðverjum í undankeppni EM og skildi þýska liðið eftir í riðlinum á leið sinni inn í úrslitakeppni EM.

Þjálfari íslenska liðsins, Eyjólfur Sverrisson, þekkir vel til í þýska boltanum eftir að hafa spilað þar með Stuttgart (1989-1994) og Herthu Berlin (1995-2003) og nú gæti hann verið á leiðinni aftur í þýska boltann. Þýskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Eyjólfur væri orðinn aðstoðarþjálfari Wolfsburg en hann sjálfur sagðist í viðtali við Fréttablaðið að hann væri ekki búinn að skrifa undir neitt.

„Það er ekkert klárt í þessu. Ég er hjá Wolfsburg og við erum bara að ræða málin. Þetta mun hugsanlega klárast á morgun [í dag],“ segir Eyjólfur. „Þetta er spennandi starf því þetta er flottur klúbbur. Ég veit ekki hvar þetta mál er statt því við eigum eftir að ræða betur saman,“ segir Eyjólfur, sem þekkir vel til Dieters Höness, framkvæmdastjóra Wolfsburg. Höness vann hjá Stuttgart þegar Eyjólfur spilaði þar og svo aftur hjá Herthu Berlin þegar Eyjólfur kom þangað eftir Tyrklandsævintýrið.

„Ég þekki Dieter Höness vel. Hann hafði samband við mig og bað mig að koma og ræða við sig. Hann bað mig um að hjálpa sér og þar erum við bara staddir núna,“ segir Eyjólfur.



**FRÁBÆR ÁRANGUR MEÐ 21 ÁRS LIÐIÐ** Eyjólfur Sverrisson er eftirsóttur í Þýskalandi eftir að 21 árs landsliðið hans fór illa með þýska jafnaldra sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VERÐANDI YFIRMENN** Dieter Höness og Pierre Littbarski. MYND/GETTY IMAGES/BONGARTS

Pierre Littbarski tók við Wolfsburg-liðinu í vikunni eftir að Steve McClaren var rekinn en Littbarski var áður aðstoðarþjálfari McClarens. „Ég þekki lítið til Littbarski,“ segir Eyjólfur en Littbarski var að klára feril sinn sem leikmaður þegar Eyjólfur kom út til Þýskalands. Littbarski spilaði á sínum tíma 73 landsleiki fyrir Þjóðverja og varð heimsmeistari árið 1990. Hann þjálfaði áður lið FC Vaduz í Liechtenstein.

Eyjólfur er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki að leita eftir því að verða aðalþjálfari eða að ráða sig í langan tíma. Hann hefur aðeins hugsað sér að vera í svona starfi fram á vorið. Fram undan er úrslitakeppnin hjá 21 árs landsliðinu og þar ætlar Eyjólfur að halda áfram sínu góða starfi.

„Ég mun halda áfram með 21 árs landsliðið og þetta á ekki að vera neitt mál gagnvart KSÍ. Ég er búinn að ræða þetta við KSÍ og þetta ætti bara að vera góður undirbúningur fyrir verkefni sumarsins ef af verður,“ segir Eyjólfur en Wolfsburg er víst ekki eina þýska félagið sem sýnir honum áhuga. Eyjólfur staðfesti það í gær en vildi ekki greina nánar frá því.

Fréttablaðið náði í Eyjólf í gær inni á milli funda en þrátt fyrir að hann segði ekkert vera klárt viðurkenndi Eyjólfur að það kitlaði hann að taka við starfi aðstoðarþjálfara hjá svona stóru félagi.

„Það væri gaman að því að komast að hjá svona stórum klúbbi,“ sagði Eyjólfur að lokum áður en hann dreif sig á annan fund með Höness.

ooj@frettabladid.is






**INGÓLFUR SIGURÐSSON** Hefur úr mörgu að velja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ingólfur Sigurðsson laus allra mála hjá Heerenveen:

# Er opinn fyrir öllu

**FÓTBOLTI** Einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins, Ingólfur Sigurðsson, er samningslaus eftir að hann sleit samningi við hollenska félagið Heerenveen og er kominn aftur heim til Íslands. Þetta er í annað sinn sem Ingólfur hættir hjá Heerenveen en hann verður 18 ára um helgina.

Ingólfur er uppalinn hjá Val en var í herbúðum KR áður en hann fór aftur utan til Hollands en hlutirnir gengu ekki upp þar.

„Þessi niðurstaða hefur átt sér smá aðdraganda. Það voru ákveðnir hlutir sem gengu ekki eftir og því var það sameiginleg ákvörðun hjá mér og félaginu að slíta samningnum. Það var fyrir bestu,“ segir Ingólfur, sem vildi ekki fara út í nein smáatriði en tók þó fram að þetta hefði allt verið gert í mesta bróðerni.

Honum er nú frjálst að semja við hvaða lið sem er, bæði hér heima og erlendis. Hann segist ekki hafa gert upp hug sinn með framtíðina.

„Ég veit ekkert hvað gerist í framhaldinu. Það er haugur af liðum hér heima búinn að hringja í mig eftir að þetta spurðist út. Svo hef ég verið í sambandi við lið erlendis þannig að það verður úr einhverju að velja næstu dagana. Það er hið besta mál,“ segir Ingólfur en hann segir ekki koma til greina að semja við hvaða lið sem er úti.

„Ég fer ekki í 3. deildina í Noregi. Það er samt möguleiki að fara út rétt eins og að vera heima. Þetta kemur í ljós en ég er opinn fyrir öllu,“ segir Ingólfur, sem hefur verið orðaður við Val.

„Ég veit ekkert um það mál. Þeir vilja fá mig og ég get staðfest það. Ég veit ekki meira,“ segir Ingólfur, sem ætlar að fara yfir stöðuna á næstu dögum.

- hbg



**VEL GERT** Darren Bent fagnar marki sínu gegn Dönum í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Vináttulandsleikir:

# Young tryggði Englandi sigur

**FÓTBOLTI** Enska landsliðið fór sátt heim frá Kaupmannahöfn í gær með 1-2 sigur. Daniel Agger kom Dönum yfir en Darren Bent jafnaði og Ashley Young tryggði Englandi sigur í síðari hálfleik.

„Ég er ánægður með úrslitin, sem og frammistöðu ákveðinna leikmanna. Sérstaklega þeirra sem hafa minna fengið að spila hjá mér," sagði Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands.

„Þetta var áhugaverð frumraun hjá Jack Wilshere, sem stóð sig vel. Slíkt hið sama gerði Bent, sem var líka duglegur. Ég er samt ekki búinn að ákveða hvernig liðið verður í leiknum gegn Wales í undankeppni EM."

Ítalir nældu í jafntefli gegn Þjóðverjum þar sem Þjóðverjar voru miklu betri allan leikinn. Þeim tókst þó aðeins að skora eitt mark og Rossi refsaði fyrir það í lokin. Þjóðverjum hefur ekki tekist að leggja Ítali síðan 1995. **- hbg**

KR og Hamar mættust öðru sinni í DHL-höllinni á aðeins nokkrum dögum:

# Hamar hefndi fyrir bikartapið

**KÖRFUBOLTI** Hamar vann virkilega góðan sigur gegn KR í 15. umferð Iceland Express deildar kvenna í gær en leikurinn fór fram í DHL-höllinni í Vesturbænum. Mikið var um tæknimistök í leiknum og liðin áttu erfitt með að finna taktinn.

Hamarsstúlkur voru samt sem áður ávallt skrefinu á undan og unnu að lokum sanngjarnan sigur, 65-54. Jaleesa Butler, leikmaður Hamars, var atkvæðamest í leiknum en hún skoraði 29 stig og tók 15 fráköst.

„Þetta var ekki mjög fallegur körfuboltaleikur," sagði Ágúst S. Björgvinsson, þjálfari Hamars, eftir sigurinn í gær.

„Leikurinn var frekar bragðdaufur og náði aldrei að vera eins stór og bikarleikurinn á laugardaginn. KR-ingar hittu mjög illa og við náðum að nýta okkur það. Við vorum með yfirhöndina nánast allan leikinn og sigurinn var í raun aldrei í hættu. Lykillinn að sigrinum var að við náðum að finna ákveðnar lausnir á varnarleik KR en þær pressuðu gríðarlega mikið á okkur. Stelpurnar fóru einnig að taka fráköst í síðari hálfleik, sem reyndist okkur mikilvægt," sagði Ágúst nokkuð ánægður eftir leikinn í gær.

„Ég er alveg hundfúll en það má segja að við höfum lagt grunninn að þessu tapi með stjarnfræðilega lélegum fyrri hálfleik," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær.

„Við náum í raun aldrei neinu flæði í sóknarleik okkar og erum allan leikinn að reyna að finna taktinn. Það var mögulega einhvers konar spennufall í gangi hjá mínu liði eftir sigurinn á þeim á laugardaginn en það á hreinlega ekki að gerast. Við réðum ekkert við bandaríska leikmanninn þeirra og Hamarsstelpurnar náðu að halda haus allan leikinn. Það er okkar stíll að spila hraðan körfubolta en það gekk ekki í kvöld því Hamar hafði ákveðnar lausnir á leik okkar. Hamarsliðið á mikið hrós skilið fyrir frammistöðuna í kvöld og átti sigurinn skilinn. Ég var samt sem áður nokkuð ánægður með varnarleikinn hjá okkur en stelpurnar náðu að stoppa sóknaraðgerðir Hamars á köflum," sagði Hrafn Kristjánsson frekar daufur í bragði eftir leikinn í gær. **- sáp**



**BARÁTTA** Sem fyrr var lítið gefið eftir í leikjum KR og Hamars en Hamar hafði betur að þessu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT

### IE-deild kvenna (A):

KR-Hamar 54-65
KR: Margrét Kara Sturludóttir 14/12 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 13/8 fráköst/5 stolnir, Signý Hermannsdóttir 11/5 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9/7 fráköst, Helga Einarsdóttir 4/9 fráköst, Hafrún Hálfdánardóttir 2, Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir 1.
Hamar: Jaleesa Butler 29/15 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir/6 varin skot, Fanney Lind Guðmundsdóttir 16/4 varin skot, Kristrún Sigurjónsdóttir 10, Slavica Dimovska 4/4 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Guðbjörg Sverrisdóttir 3/5 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 3.

Haukar-Keflavík 53-74
Haukar: Ragna Margrét Brynjarsdóttir 19/13 fráköst, Kathleen Patricia Snodgrass 16/14 fráköst, Guðrún Ósk Ámundardóttir 6, Íris Sverrisdóttir 6/4 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 4, Margrét Rósa Hálfdánardótir 2.
Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 16/7 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 15/4 fráköst, Jacquline Adamshick 15/12 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 14/7 fráköst/5 stolnir/3 varin skot, Ingibjörg Jakobsdóttir 5, Marina Caran 4/6 fráköst, Marín Rós Karlsdóttir 3, Hrund Jóhannsdóttir 2.

### Þýski handboltinn:

Fuchse Berlin-Rheinland 33-28
Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Berlin en Sigurbergur Sveinsson skoraði sex fyrir Rheinland.

Melsungen-TuS N Lubbecke 30-33
Þórir Ólafsson komst ekki á blað hjá Lubbecke.

Flensburg-Hannover 36-26
Vignir Svavarsson skoraði sex mörk fyrir Hannover, Ásgeir Örn Hallgrímsson þrjú og Hannes Jón Jónsson tvö.

Rhein-Neckar Löwen-Ahlen Hamm 33-28
Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu báðir tvö mörk fyrir Löwen. Ólafur Stefánsson lék ekki með liðinu vegna meiðsla.

Hamburg-Wetzlar 35-27

### Danski handboltinn:

AaB-AG Köbenhavn 26-31
Arnór Atlason var markahæstur í liði AGK með sex mörk. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði þrjú. Ingimundur Ingimundarson var ekki á meðal markaskorara hjá AaB.

N1 DEILDIN

BOLTAVEISLA UM ALLT LAND

Spennan fer vaxandi í N1 deildinni og það eru fjölmargir frábærir leikir á dagskrá um allt land. Mætum öll á völlinn og hvetjum okkar fólk til dáða.

N1 DEILD KARLA – FIMMTUDAG 10. FEB.
Selfoss – Akureyri | Selfossi | kl. 18:30
Haukar – HK | Ásvöllum | kl. 19:30
Afturelding – Fram | Varmá | kl. 19:30
FH – Valur | Kaplakrika | kl. 19:30

N1 DEILD KVENNA – LAUGARDAG 12. FEB.
ÍR – Fram | Austurbergi | kl. 16:00
Fylkir – Valur | Fylkishöll | kl. 16:00
Stjarnan – Grótta | Mýrinni | kl. 16:00
HK – Haukar | Digranesi | kl. 16:00
ÍBV – FH | Vestmannaeyjum | kl. 18:00

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

## > Clint Eastwood

„Ég hef aldrei hitt snilling. Snillingur fyrir mér er einhver sem er góður í því sem hann þolir ekki. Það geta allir orðið góðir í því sem þeir elska – það þarf bara að finna viðfangsefnið.“

***Clint Eastwood leikur leynilögreglumann sem fær það verkefni að koma í veg fyrir að forseti Bandaríkjanna verði myrtur í spennumyndinni In the Line of Fire sem tilnefnd var til þriggja Óskarsverðlauna og er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI DÁLEIDDUR Á JAGÚAR Í 60 MÍNÚTUM

# *Heillandi kattardýr sem fer huldu höfði*

Það er alltaf gaman að fylgjast með fallegum og tígulegum dýrum á sjónvarpsskjánum. Kattardýrið jagúar var kynnt til sögunnar í fréttaskýringaþættinum 60 mínútum um síðustu helgi. Fréttamaður þáttarins ferðaðist í myrkustu frumskóga Brasilíu til að reyna að koma auga á dýrið sem fer yfirleitt huldu höfði. Jagúardýrin eru ekki mörg á jörðinni og hafa verið í útrýmingarhættu en flest eru þau í Brasilíu.



Fréttamaðurinn hitti fyrir ljósmyndara sem hefur reynt að festa jagúarinn á filmu alla sína ævi og í raun helgað líf sitt þessari skepnu. Hann ljómaði eins og engill þegar hann sá dýrið tvisvar sinnum í þættinum og vissulega var það fögur sjón. Þessi sami maður hafði áður lagt mikið á sig til að freista þess að ná myndum af jagúarnum og meðal annars dvalið í þrjá mánuði í frumskóginum án þess að festa svo mikið sem eina mynd á filmu. Það dró ekkert úr áhuga hans og hann hélt ótrauður áfram þangað til myndirnar fóru að detta í hús.

Auðjöfur nokkur hafði einnig lagt á sig mikið erfiði til að koma í veg fyrir að lífsmynstri jagúarsins yrði raskað. Þegar byrjað var að reka búfénað sömu leið og jagúarinn fór eftir ákvað auðjöfurinn að borga bændunum sem sáu um búfénaðinn pening fyrir að halda sig í burtu.

Svo virðist sem þeir sem kynnist jagúarnum virðist einfaldlega ekki fá nóg af honum, slíkt er aðdráttarafl hans. Ég er ekki frá því að ég sé kominn í þann hóp. Ef valið stendur næst á milli hins dularfulla og heillandi jagúars og lítt merkilegrar bandarískrar froðu í sjónvarpinu er ég ekki í nokkrum vafa um hvað verður fyrir valinu.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Sjónleikur í átta þáttum** (5:8) (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (5:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (18:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ólga í Egyptalandi** (The Battle for Egypt) Í þættinum segir breska fréttakonan Jane Corbin frá mótmælunum í Egyptalandi sem hófust 25. janúar og urðu til þess að Mubarak forseti lýsti því yfir að hann yrði ekki í kjöri í næstu kosningum. Hundruð þúsunda hafa flykkst út á götur og mótmælt á Frelsistorgi í Kaíró. Sagt er frá ofbeldinu og spennunni á milli fylgismanna Mubaraks og mótmælenda og harðvítugri baráttu bardagasveita og óeinkennisklæddra lögreglumanna.
**20.40 Framandi og freistandi** (1:5) Í þessum þáttum fylgjumst við með Yesmine Olsson að störfum í eldhúsinu heima hjá sér. Þar eldar hún indverska og arabíska rétti.
**21.10 Árekstur** (5:5) Harður margra bíla árekstur verður á hraðbraut og breytir lífi allra sem í honum lenda.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Sporlaust** (23:24)
**23.00 Dorrit litla** (8:8) (e)
**23.55 Kastljós**
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Artúr og Mínímóarnir**
**10.00 Reality Bites**
**12.00 The Baxter**
**14.00 Artúr og Mínímóarnir**
**16.00 Reality Bites**
**18.00 The Baxter**
**20.00 Pay It Forward**
**22.00 In the Line of Fire**
**00.05 Darfur Now**
**02.00 My Girl**
**04.00 In the Line of Fire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (6:23)
**11.45 Gilmore Girls** (3:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matarást með Rikku** (9:10)
**13.30 Stormbreaker**
**15.00 The O.C. 2** (20:24)
**15.45 Sorry I've Got No Head**
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (19:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust**
**20.05 Masterchef** (6:13)
**20.50 Mannasiðir Gillz** Í þáttunum leiðir hinn fjölhæfi Gillz okkur í sannleika um hvað það er að vera karlmaður.
**21.20 NCIS** (1:24)
**22.05 Fringe** (2:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**22.50 Life on Mars** (10:17) Lögregluvarðstjórinn Sam lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
**23.35 Spaugstofan**
**00.00 The Mentalist** (11:22)
**00.45 Chase** (6:18)
**01.30 Numbers** (15:16)
**02.15 Mad Men** (10:13)
**03.05 The Tudors** (2:8)
**03.55 Remnants of Everest: The 1996 Tragedy**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.55 Small Potatoes - Who Killed the USFL** Einstök heimildamynd um tilraun sem gerð var árið 1983 til að setja á fót nýja deild í amerískum fótbolta í beinni samkeppni við NFL. Hún kallaðist United States Football League (USFL) og leiktíðin hófst á vorin. Tólf lið höfu leik og deildin gekk vel í byrjun en síðan fór að halla undan fæti.
**19.50 Pandora Open - Burhill** Upptaka frá móti í PGA Europro mótaröðinni sem fram fór í Surrey í Bretlandi í maí 2010. Stöð 2 Sport mun sýna beint frá mPGA Europro mótaröðinni á þessu ári en þar fá efnilegir kylfingar tækifæri til að sanna sig.
**21.30 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast frábærir spilarar mættu til leiks.
**22.20 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.10 Gunnar Nelson í BAMMA 4** Sýnt frá bardaga Gunnars Nelson í BAMMA 4. Eitthvað sem enginn má missa af.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 West Ham - Birmingham** Útsending frá leik West Ham United og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Tottenham - Bolton** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Ronaldinho** Í þessum mögnuðu þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bakvið tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.
**21.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.30 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Aston Villa - Fulham** Útsending frá leik Aston Villa og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (110:175)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (10:22)
**17.15 Dr. Phil** (111:175)
**18.00 HA?** (3:12)
**18.50 Real Hustle - LOKAÞÁTTUR** (20:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk til að gefa persónulegar upplýsingar.
**19.15 Game Tíví** (3:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.45 FORD stúlkurnar 2011: Lokakvöld og úrslit** (2:2)
**20.10 The Office** (24:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 30 Rock** (10:22)
**21.00 Royal Pains** (2:18) Læknirinn Hank snýr aftur í þessari skemmtilegu þáttaröð.
**21.50 CSI: Miami** (19:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans.
**22.40 Jay Leno** (195:260)
**23.25 Good Wife** (3:23) Önnur þáttaröð.
**00.00 Game Tíví** (3:14)
**00.15 The L Word** (8:8)
**00.30 Pepsi MAX tónlist**
**01.05 Harper's Island** (11:13)
**01.45 Royal Pains** (2:18)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.40 Golfing World** (18:240)
**09.30 Dubai Desert Classic** (1:4)
**13.30 Waste Management Phoenix Open** (4:4)
**16.00 Dubai Desert Classic** (1:4) Þetta stórmót er hluti af evrópsku mótaröðinni og það sem meira er, er þetta fyrsta mót ársins sem Tiger Woods hefur boðað komu sína á.
**20.00 AT&T Pebble Beach** (1:4) Þetta stórmót er fastur punktur í lífi margra atvinnukylfinga en það var stórsöngvarinn Bing Crosby sem kom því á laggirnar árið 1937.
**23.00 Golfing World** (19:240)
**23.50 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.35 Unhitched** (6:6) Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum á fertugsaldri sem öll eru nýlega einhleyp og að reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum. Þau byrja upp á nýtt að leyta að hinum eina sanna lífsförunaut en árangurinn er misjafn og aðferðir þeirra mjög ólíkar.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (13:22) Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.35 Grey's Anatomy** (12:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
**23.20 Medium** (19:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**00.05 Nip/Tuck** (17:19)
**00.50 Tvímælalaust**
**01.30 Unhitched** (6:6)
**01.55 The Doctors**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ragnar Önundarson um verðtryggingu og sitthvað fleira fróðlegt.
**21.00 Undir feldi** Engin furða þótt skoðanir séu skiptar um ESB. Umsjón Logi Frostason og Heimir Hannesson.
**21.30 Rokk og tjatjatja** Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engi lík.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Mannasiðir Gillz



Ofurtöffarinn Egill Gillz Einarsson heldur áfram að kenna Íslendingum mannasiði í bráðfyndnum leiknum gamanþáttum. Í kvöld verður fjallað um samskipti kynjanna. Víkingur Kristjánsson leikur óframfærinn lúða sem kann ekki á stelpur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Medici-ættin í Flórens **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**12.35** Dalziel and Pascoe **13.25** Deal or No Deal **14.00** Whose Line Is It Anyway? **14.25** Whose Line Is It Anyway? **14.50** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** Little Britain **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Little Britain **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Whose Line Is It Anyway? **23.05** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**13.00** Vores Liv **13.30** Undercover chef **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bag Facaden **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Verdens skrappeste forældre **22.00** SOS **22.50** DR1 Dokumentaren: 100 dage uden stoffer

## NRK 1

**13.35** Ut i naturen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Tradisjonshandverk **16.20** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Sognepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Jordmødrene **23.30** How to make it in America

## SVT 1

**10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Minnenas television **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Skriken i Numedalen **15.35** Skavlan **16.35** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Ishockey: Tre Kronor live **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Simma lugnt, Larry! **00.00** Dansbanan i Täfteå





Yfirburðir Stöðvar 2 í innlendri dagskrárgerð sjást vel þegar tilnefningarnar til Edduverðlaunanna í ár eru skoðaðar. Stöð 2 er eina sjónvarpsstöðin sem fær tilnefningar í flokkunum Leikið sjónvarpsefni og Skemmtiþáttur ársins og það hvetur okkur til frekari dáða á 25. afmælisárinu sem nú er í fullum gangi!

Besta leikna sjónvarpsefni ársins, tilnefningar

**Mér er gamanmál** sýnt á Stöð 2
**Hlemmavídeó** sýnt á Stöð 2
**Réttur 2** sýnt á Stöð 2

Besti skemmtiþáttur ársins, tilnefningar

**Logi í beinni** sýnt á Stöð 2
**Spaugstofan** sýnt á Stöð 2
**Ameríski draumurinn** sýnt á Stöð 2

**Samtals fékk efni sem sýnt er á Stöð 2 14 tilnefningar í ár! Þar á meðal þessar:** Frétta/viðtalsþáttur ársins: Sjálfstætt fólk, Barnaefni: Algjör Sveppi, Sjónvarpsmaður ársins: Sverrir Þór Sverrisson og Þorsteinn J., Leikkona ársins: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Réttur 2, Leikari ársins: Pétur Jóhann Sigfússon, Hlemmavídeó, Leikari í aukahlutverki: Stefán Hallur Stefánsson, Réttur 2, Tónlist ársins: Úlfur Eldjárn, Hlemmavídeó

Stöð 2 þakkar þessu hæfileikaríka fólki og þeim sem að þessum verkum koma fyrir gott samstarf. Til hamingju með tilnefningarnar! Við erum jafnframt stolt af nýju innlendu efni sem er komið eða er væntanlegt á dagskrá: Mannasiðir Gillz, Pressa 2, Tvímælalaust, Hamingjan sanna, Steindinn okkar o.fl. o.fl. o.fl.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000





**Fatahönnuðurinn, Una Hlín, stofnaði eigið hönnunarfyrirtæki, opnaði verslun og ferðaðist til Indlands árið sem hún varð þrítug.**



**föstudagur**
fylgir Fréttablaðinu á morgun



*„Mér finnst rosa gott að hlusta á Emilíönu Torrini, Queen og Elton John. Það eru líka alltaf góð lög frá Madonnu og að sjálfsögðu hlusta ég líka á Pál Óskar.“*

Unnur Pálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Fusion.

# Langafi Elvisar skilur ekkert í nafngiftinni

„Íslendingum er að fjölga og nafngiftum fjölgar líka,“ segir Ólafur Daði Helgason, faðir Theodórs Elvisar sem fæddist í desember á síðasta ári. Mannanafnanefnd samþykkti nýlega seinna nafn Theodórs eftir talsvert mas og þras að sögn föðurins.

Theodór Elvis var skírður 29. janúar og Ólafur Daði segir viðbrögð fjölskyldunnar við nafninu hafa verið góð. „Við héldum þessu leyndu. Viðbrögðin í kirkjunni voru ekki einu sinni blendin. Það fannst þetta öllum flott,“ segir hann. „Það var reyndar einn í fjölskyldunni sem var ekki alveg að skilja þetta. Það var afi minn, dr. Ólafur Halldórsson íslenskufræðingur. Hann er 93 ára og finnst að fólk eigi að heita einu nafni.“

Viðbrögðin í netheimum hafa verið blendin, en fréttir af nafninu bárust á mánudag. Ólafur segir notendur hins alræmda Barnalands hafa farið yfir strikið þegar þeir töldu drenginn gjalda fyrir aðdáun foreldranna á Elvis Presley. „Það er auðvitað *sniðugt* fólk á Barnalandi sem finnst þetta alveg út í hött,“ segir hann. „Hver einasta heilbrigða manneskja sér að þetta er ekki út í hött. Þetta er fallegt nafn. Við erum engin *Elvis-frík*. Það er ekki Elvis-altari hérna fyrir aftan. Ég er með mynd af Mick Jagger uppi á vegg, ekki Elvis. Þetta snýst ekki um það.“



**ELVIS MÆTTUR Á SVÆÐIÐ** Theodór Elvis kampakátur ásamt foreldrum sínum, Ólafi og Olgu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur segist eiga plötur kóngsins og kannski einn eða tvo boli en ítrekar að nafnið sjálft sé málið. „Þetta er töff nafn og kannski aðeins til að heiðra rokkið og rólið í leiðinni,“ segir hann.

Þrátt fyrir að Ólafur og Olga Möller, unnusta hans, hafi unnið brautryðjendastarf með nafngiftinni vonar hann að verðandi foreldrar ofnoti nafnið ekki. „Það finnst engum klisjur fyndnar eða skemmtilegar,“ segir hann. „Vonandi verður það í hófi til að virða vinnu okkar til að fá nafnið í gegn.“ **- afb**

# Ný kvikmyndaverðlaun

Kvikmyndaverðlaun tímaritsins Myndir mánaðarins og síðunnar Kvikmyndir.is verða haldin í Sambíóunum Egilshöll í fyrsta sinn á morgun. „Það þarf að hafa einhver verðlaun þar sem fólk fær að segja sína skoðun. Edduverðlaunin eru frábær en það eru fagverðlaun. Það er allt öðruvísi sýn sem kemur þar fram,“ segir Erlingur Grétar Einarsson, sem verður kynnir kvöldsins ásamt Tómasi Valgeirssyni. „Stefnan er að halda þetta árlega. Allir sem koma nálægt þessu eru rosa hrifnir af þessu konsepti.“

Fjölbreyttur hópur tók þátt í forvali verðlaunanna, bæði kvikmyndaáhugamenn og fólk úr bransanum. Eftir það völdu lesendur Kvikmynda.is sigurvegara úr fimm tilnefningum í hverjum flokki og eru flokkarnir sextán talsins, þar af fjórir íslenskir.

Erlingur Grétar hefur lengi fylgst með erlendum kvikmyndahátíðum og hlakkar til að feta í fótspor kynna á borð við Ricky Gervais og Billy Crystal. „Það er aðalmálið að þetta verði ekki þurrt. Það er dagskipunin að hafa þetta ferskt og skemmtilegt.“



**MEÐ VERÐLAUNAGRIPINN** Erlingur Grétar með verðlaunagripinn sem verður afhentur á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hönnuðir verðlaunagripsins, sem hefur verið kallaður K-ið, eru þeir Þóroddur Bjarnason og Stefán Einarsson. **- fb**











ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 11.2. Kl. 20:00 Ö | Fim 17.2. Kl. 20:00 U | |
| Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.2. Kl. 20:00 Ö | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.2. Kl. 20:00 Aukasýning Ö | | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 18.2. Kl. 19:00 U | Mið 2.3. Kl. 19:00 Ö | Lau 12.3. Kl. 19:00 |
| Lau 19.2. Kl. 19:00 Ö | Mið 9.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 17:00 | Sun 13.3. Kl. 17:00 |
| Sun 20.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 6.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 20.2. Kl. 17:00 | Sun 6.3. Kl. 17:00 | Sun 20.3. Kl. 17:00 |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 11.2. Kl. 20:00 Ö | Sun 13.2. Kl. 20:00 U | Sun 20.2. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Fim 17.2. Kl. 20:00 | Sun 27.2. Kl. 20:00 |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 U | Sun 27.3. Kl. 13:30 |
| Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00 |
| Sun 13.3. Kl. 13:30 | Sun 20.3. Kl. 15:00 U | |


## ÞORGEIR GUNNARSSON: ERPUR VERÐUR HÉRNA AÐ EILÍFU

# Aðdáandi Erps lætur flúra andlit hans á handlegginn

„Þetta er sjúklega flott. Alveg geðveikt. Erpur verður hérna að eilífu,“ segir Þorgeir Gunnarsson, eldheitur aðdáandi Erps Eyvindarsonar og hljómsveitar hans, XXX Rottweiler.

Þorgeir lét húðflúra andlit rapparans Erps Eyvindarsonar, Blaz Roca, á innanverðan framhandlegg sinn í gær. Þetta er þriðja húðflúr Þorgeirs, en hann hefur komið fram ásamt Erpi undanfarnar vikur og steig fyrst á svið með honum í Sjallanum á Akureyri í desember á síðasta ári. En hvað rekur menn í að fá sér húðflúr með mynd af uppáhaldsrapparanum sínum?

„Ég er bara aðdáandi. Erpur er góður vinur minn.“

Myndirðu segja að þú værir aðdáandi númer eitt?

„Ég veit það ekki. Ég er ekki týpan sem fer að grenja þegar ég sé hann. Ég er búinn að hlusta á hann síðan ég fékk fyrstu plötuna með honum og er að fara á svið með honum á föstudaginn. Við tökum nokkur lög saman.“

Heldurðu að þú eigir einhvern tíma eftir að sjá eftir að hafa fengið þér húðflúrið?

„Nei.“

Alveg harður á því?

„Já.“

Erpur Eyvindarson, fyrirmynd húðflúrsins, er ánægður með framtak Þorgeirs. „Þetta er ljónhart – þvílíkur fagmaður,“ segir hann. „Það verður þvílíkt gott þegar hann er að taka lagið með mér og rífur sig úr að ofan; massaður og flúraður með tattúið. Ég er líka alveg ljónharður á þessari mynd.“

Þetta er í fyrsta skipti sem aðdáandi Erps lætur húðflúra andlit hans á sig, en alþekkt er að erlendar stórstjörnur endi sem varanlegar skreytingar á líkömum fólks. „Það verða fleiri. Þetta er bara byrjunin. Þú verður kominn með svona á rassinn fljótlega.“

Þorgeir kemur fram ásamt XXX Rottweiler á Sódómu á föstudaginn og mun húðflúrið eflaust fá að njóta sín. **atlifannid@frettabladid.is**



**ERPUR AÐ EILÍFU** Þorgeir er handviss um að hann eigi aldrei eftir að sjá eftir því að fá sér mynd af Erpi á framhandlegginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## LANGT ÞVÍ FRÁ AÐ VERA FURÐULEGASTA FLÚRIÐ

Össur Hafþórsson, annar eigenda húðflúrstofunnar Reykjavík Ink, segir að húðflúr Þorgeirs sé langt því frá að vera það furðulegasta sem hefur verið teiknað á stofunni hans. „Furðulegasta tattúið var mynd af leiðbeiningunum um hvar maður á að þvo sér þegar maður fer í sund,“ segir hann. „Hann fékk útlínurnar af kallinum og rauðu blettina sem sýna hvar maður á að þvo sér. Hann lenti í útistöðum við íslenskan baðvörð og honum fannst þetta svo eftirminnilegt. Og þetta var ekki lítið tattú!“



# Samdi lag fyrir 100 milljónir

„Þetta er í rauninni stærra en að spila á Wembley, þannig séð,“ segir tónlistarmaðurinn Birgir Hilmarsson. Lag hans hljómaði í nýrri auglýsingu farsímafyrirtækisins Motorola sem var sýnd í hálfleik Super Bowl fótboltaleiksins í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Talið er að um 105 milljónir áhorfenda hafi séð auglýsinguna.

Birgir, sem er einnig liðsmaður hljómsveitarinnar Ampop, fékk verkefnið í gegnum umboðsmann sinn sem starfar hjá tónlistarfyrirtæki í New York. „Ég held að fjöldinn allur af tónskáldum hafi verið að keppast um þetta. Ég datt í lukkupottinn í þetta skiptið,“ segir Birgir, sem hefur verið búsettur í London undanfarin ár. „Þetta var rosa rússíbanareið. Ég gerði upphaflega tvö verk fyrir þessa auglýsingu en ákvað þá að velja aðra pælingu sem er mínimalískt píanóverk. Ég lagði rosapúður í það en þá fékk ég allt í einu símtal um að Motorola vildi það ekki,“ segir Birgir. Þá ákvað hann að nota útgáfu sem hann átti af lagi sem kom út á plötunni Cinematic Songs sem kom út á netinu í fyrra og það hitti í mark hjá Motorola.

Birgir hefur fengið mikla athygli á Youtube fyrir lagið sitt og komst það í 10. sæti í Bretlandi yfir þau vinsælustu á síðunni í gær. Hann á þó enn eftir að fá borgað frá Motorola. „Það eru enn samningaviðræður í gangi. Ég er með mína umboðsmenn í því.“

Hægt er að horfa á auglýsinguna á síðunni Biggihilmars.com. **- fb**



**BIRGIR HILMARSSON** Tónlistarmaðurinn á lag í nýrri auglýsingu Motorola sem var birt í hálfleik Super Bowl.


KJARNAFÆÐI
Heimilis
BÚÐINGUR
- Ódýr máltíð
fyrir alla fjölskylduna!
Engin mjólk
Ekkert hveiti
Ekkert MSG
Gömul íslensk
fjölskylduuppskrift

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS - félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sálin hans Bubba



Aðdáendur Bubba Morthens geta farið að taka gleði sína því að kóngurinn er kominn í hljóðver þar sem hann leggur hönd á næstu plötu sína. Bubbi heldur á ný mið á þessari plötu þar sem hann einbeitir sér að sálartónlist. Hann er ekki einn á ferð heldur hefur heyrst að stórsöngkonan Kristjana Stefánsdóttir sé honum til fulltingis í nokkrum lögum. Afurðin er væntanleg með vorinu en það verður fyrsta Bubbaplatan með frumsaminni tónlist frá því að Fjórir naglar komu út sumarið 2008.

### Til heiðurs óvininum

Enski knattspyrnumaðurinn **Nicky Butt** er að ljúka farsælum atvinnumannaferli sínum. Butt er uppalinn hjá Manchester United og lék með liðinu lengst af á ferlinum. Sjónvarpsstöð félagsins, Man Utd TV, gerði upp feril hans í heimildarþætti á dögunum. Athygli vakti að í einu af dramatískari atriðum myndarinnar hljómaði tónlist íslensku sveitarinnar Sigur Rósar. Ekki er víst að þeir Orri Dýrason og **Georg Holm** hafi kvittað upp á notkun lagsins enda eru þeir yfirlýstir stuðningsmenn erkifjendanna í Liverpool. **- hdm, þj**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Þórður Friðjónsson látinn
2. Fæddi barn ofan í klósett og skildi það eftir til að deyja
3. Naktir bændur á Norðurlandi
4. Bjargaði pilti upp úr Tjörninni: „Algjör heppni að ég sá hann"
5. Fyrsti Elvis Íslands skírður í lok janúar




